BIRGITTA BIRGISDÓTTIR

*Best að vera bara í sokkabuxum og kjól*

tíska heimili heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



BÍLAR

*Bretti, húdd og stuðarar*

Sérblað um bíla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. apríl 2008 — 90. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**



**Líf og fjör í fimleikum**

Fimleikasamband Íslands heldur upp á fertugsafmæli.

TÍMAMÓT 30

**Klæðir Eurobandið**



Skjöldur Eyfjörð mun sjá um búninga fyrir íslensku Eurovision-farana í ár, eins og hann gerði þegar Silvía Nótt hélt til Aþenu.

FÓLK 50

**Of langt gengið**

MR-ingar hóta málsókn ef MH-ingar láta Morfíslið þeirra ekki í friði. Skólarnir hafa staðið í stríði síðustu daga.

FÓLK 50



**Boltinn hjá KSÍ**

Þóra B. Helgadóttir gæti snúið aftur í landsliðið.

ÍÞRÓTTIR 45

**VEÐRIÐ Í DAG**



**Víðast úrkomusamt** í dag verða norðaustan, 8 til 15 m/s, hvassast norðvestan til. Snjókoma eða slydda norðan til og austan en skúrir eða slydduél annars staðar. Frostlaust að deginum.

VEÐUR 4

# Jarðhiti talinn geta knúið álverið áfram

**Stefnt er að því að undirrita orkusölusamninga um næstu áramót vegna álvers Alcoa á Bakka við Húsavík, segir Árni Gunnarsson, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun. Alcoa hefur ákveðið að hefja vinnu við umhverfismat vegna álvers.**

**ATVINNUMÁL** Forsvarsmenn Landsvirkjunar hafa fulla trú á því að virkjun jarðvarma á Kröflusvæðinu, Þeistareykjum, við Gjástykki og í Bjarnarflagi muni nægja til að sjá álveri Alcoa í landi Bakka við Húsavík fyrir rafmagni.

Stefnt er að því að undirrita orkusölusamninga við Alcoa um næstu áramót, gangi áætlanir eftir eins og hingað til. Álverið þarf um 400 megavött af rafmagni en gert er ráð fyrir því að það verði um 250 þúsund tonn. „Við höfum fulla trú á því að það verði hægt að afla nægrar orku frá jarðhitasvæðum og rannsóknir benda til þess að það verði hægt. Á teikniborðinu er um 90 megavatta virkjun í Bjarnarflagi, allt að 150 megavatta virkjun á Þeistareykjum, á Kröflusvæðinu ættu að koma um 90 til 135 megavatta virkjun og um 40 megavött ættu að koma frá svæðinu við Gjástykki,“ sagði Árni Gunnarsson, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun og forstöðumaður jarðhitasviðs hjá Landsvirkjun Power, við Fréttablaðið í gær.

Árni mun í kvöld kynna stöðu mála fyrir hönd Landsvirkjunar á íbúafundi á Húsavík, stærsta bæjarfélagi Norðurþings.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður kynnt fyrir íbúum ákvörðun Alcoa um að hefja vinnu við umhverfismat vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka.

Þar munu forsvarsmenn Alcoa, Landsnets, Landsvirkjunar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Norðurþings kynna ítarlega fyrir íbúum sveitarfélagsins stöðu mála vegna undirbúnings fyrir álver Alcoa á Bakka. „Við höfum unnið afar faglega að þessu verkefni og höfum fengið hrós fyrir frá öllum vígstöðvum. Við tökum ekki skóflustunguna fyrst og byrjum svo að leysa úr skipulagsmálunum,“ sagði Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings.

Öll sveitarfélögin sem eru með jarðhitasvæði sem virkjuð verða vegna fyrirhugaðs álvers hafa samþykkt sameiginlegt svæðisskipulag. Það eru Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit og Aðaldælahreppur. - mh

Askar Capital með milligöngu:

## Kjör betri en ríkis og banka

**VIÐSKIPTI** **Lánveitingar erlendra banka til íslenskra fyrirtækja og stofnana hafa aukist á meðan íslenskir bankar eru tregir til að lána í erlendri mynt.**

**Askar Capital höfðu milligöngu um lántöku Hafnarfjarðarbæjar á 25 milljónum evra (2,9 milljörðum króna) til þriggja ára hjá erlendum banka.**

**Askar leituðu tilboða hjá átta bönkum og gátu útvegað sveitarfélaginu kjör sem eru mun betri en ríkissjóði og stóru viðskiptabönkunum standa nú til boða á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Skuldatryggingarálag á lánið nemur 75 punktum (0,70 prósentustigum) á millibankavexti, meðan ríkissjóði bjóðast 300 punktar.**

**„Þetta er bara þjónusta sem við bjóðum upp á, en það má segja að henti ekki fyrir hvern sem er heldur þarf að vera um að ræða fyrirtæki sem nýtur trausts,“ segir Þórður Jónasson framkvæmdastjóri fjármögnunarráðgjafar hjá Askar Capital.**

- óká / sjá síðu 20



**LEIÐTOGAFUNDUR NATÓ** Geir H. Haarde forsætisráðherra og Inga Jóna Þórðardóttir stilla sér upp ásamt Traian Basescu, forseta Rúmeníu, og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra Natós, við upphaf leiðtogafundar bandalagsins sem hófst í Búkarest í Rúmeníu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Geir H. Haarde um einkaþotu:

## Segir umræðu á lágu plani

**STJÓRNMÁL** Umræða um notkun ráðherra á einkaþotu er lýsandi dæmi um á hvaða plani stjórnmálaumræðan á Íslandi er stundum, segir Geir H. Haarde forsætisráðherra.

Hann flaug ásamt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og fylgiliði, auk blaðamanna, á leiðtogafund Natós í Rúmeníu með einkaþotu.

„Það er gert að aðalmáli þeirrar heimsóknar sem ég og utanríkisráðherra erum í, á þessum mikilvæga leiðtogafundi, að við skulum hafa fundið hagstæða leið til að komast hingað, og það er með ólíkindum,“ segir Geir.

Hann segir að kostnaðurinn við leiguna hafi verið 100 til 300 þúsundum króna hærri en hefði hópurinn flogið með áætlunarflugi. Auk þess hafi mikill tími sparast.

- bj, - bþs / sjá síðu 10

Brunavörnum gamalla húsa stórlega ábótavant og bætt eldvarnaeftirlit nauðsyn:

# Ómetanleg verðmæti í hættu

**BRUNAMÁL** Ómetanleg menningarverðmæti eru í mikilli hættu vegna ófullnægjandi brunavarna í gömlum byggingum á Íslandi. Gera þarf úttekt á vandanum og stórátak í kjölfarið til að koma í veg fyrir stórslys. Verklag um brunavarnir vegna menningarverðmæta er nákvæmlega skilgreint á Norðurlöndunum en hefur ekki verið tekið upp hérlendis.

Skýrsla Brunamálastofnunar um stórbrunann við Lækjartorg var kynnt í gær. Lærdómurinn sem hægt er að draga af brunanum er að mati slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins og brunamálastjóra að huga verði að eldvörnum og eftirliti í eldri byggingum hérlendis. Samræmd úttekt á brunavörnum í gömlum byggingum er í undirbúningi á vegum brunamálastjóra, forvarnadeildar SHS, húsafriðunarnefndar og byggingarfulltrúans í Reykjavík. Verkefnið er risavaxið. Alls eru 388 mannvirki á Íslandi friðuð, þar af 84 í Reykjavík. Húsafriðunarnefnd hefur um 80 aðrar byggingar í Reykjavík á húsaverndunarskrá.

- shá / sjá síðu 12


OPIÐ til 20

alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



MAX RAFTÆKI



Dúndur TILBOÐ

AUKABLAÐ Í DAG Velkomin í Holtagarða og Kauptún



MYLLAN

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

## SPURNING DAGSINS



*Ármann, hvað varstu að hugsa?*

„Ég var að hugsa um hvernig í ósköpunum væri hægt að þrýsta niður heimsmarkaðsverðinu á olíu."

Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður var einn þeirra sem sat fastur í umferðinni þegar vörubílstjórar mótmæltu háu olíuverði við Austurvöll. Ármann virtist afar hugsi þegar ljósmyndari fangaði hann undir stýri.

Tvær grenjaskyttur fundust látnar í skothúsi á Auðkúluheiði skammt frá Blönduvirkjun um miðjan dag í gær:

# Gaseitrun talin líklegt banamein

**SLYS** Tveir karlmenn fundust látnir í skothúsi á Auðkúluheiði í gær. Talið er líklegt að þeir hafi látist vegna kolmónoxíðseitrunar, en skothúsið var að mestu lokað þegar að var komið.

Mennirnir, 88 ára og 52 ára, fóru til refaveiða á þriðjudag, og ætluðu að koma til byggða í gærmorgun. Þegar þeir skiluðu sér ekki fór sonur annars þeirra við annan mann til að kanna málið. Þegar hann kom að skothúsinu um hádegi fann hann mennina látna.

Gas er notað til að hita upp skothúsið, og telur lögregla líklegt að það hafi dregið mennina til dauða. Þeir voru báðir reyndar refaskyttur, að sögn lögreglunnar á Blönduósi. Ekki er unnt að greina frá nöfnum mannanna að svo stöddu.

Lögreglan á Akureyri rannsakar lát þeirra.

Ingvar Helgi Árnason, prófessor í efnafræði við Háskóla Íslands, segir gasbruna geta orðið mönnum að aldurtila með tvennum hætti.

Annars vegar geti logi slökknað en gas haldið áfram að streyma. sem geti verið banvænt. Hins vegar myndist kolmónoxíð við gasbruna þegar ekki sé nægilegt súrefni. Kolmónoxíð er eitruð lofttegund sem hindrar súrefnisupptöku, og getur dregið fólk til dauða. - bj




### MINNIR Á BANASLYS Í VEIÐIVÖTNUM

Slysið á Auðkúluheiði í gær minnir á svipað slys sem varð í ágúst árið 2001 þegar þrír karlmenn og kona biðu bana í veiðiskála við Veiðivötn vegna kolmónoxíðseitrunar. Veiðivörður kom að fólkinu látnu og voru gluggar og hurðir lokaðar.





**SAMNINGUR Í HÖFN** Sjávarútvegsráðherrarnir Tórbjörn Jacobsen og Einar K. Guðfinnsson.

Samningur við Færeyinga:

## Veiðar við Ísland svipaðar og áður

**SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Tórbjörn Jacobsen starfsbróðir hans í Færeyjum hafa gengið frá árlegum fiskveiðisamningi Íslendinga og Færeyinga.**

**Færeysk skip fá heimild til að veiða 30 þúsund lestir af loðnu við Ísland svo fremi að útgefinn kvóti verði 500 þúsund lestir. Samkomulag er um að þjóðirnar fái áfram að veiða kolmunna og norsk-íslenska síld- og botnfiskveiðiheimildir Færeyinga verða óbreyttar. Færeysk skip hafa því heimild til að veiða 5.600 lestir af botnfiski á árinu. Íslensk skip hafa heimild til að veiða 2.000 lestir af Hjaltlandssíld við Færeyjar og 1.300 lestir af makríl.** - shá

### EFNAHAGSMÁL

**Der Spiegel fjallar um Ísland**

Ítarleg grein um stöðuna í íslensku efnahagslífi birtist á hinum víðlesna fréttavef þýska vikuritsins Der Spiegel í gær og bættist þar með í langa röð greina um þróunina hér í erlendum miðlum að undanförnu. Höfundur greinarinnar er Auðunn Arnórsson, blaðamaður á Fréttablaðinu.

# Tapaði milljónum á rangri ráðgjöf banka

**Starfsmaður Landsbankans ráðlagði konu að skipta 235 þúsund evrum í krónur fyrir mánuði. Skammtímaávöxtun skilaði 300 þúsundum, en hefði skilað um sjö milljónum að halda í evrurnar. Bankinn segir ábyrgðina liggja hjá konunni.**

**VIÐSKIPTI** Viðskiptavinur Landsbankans heldur því fram að rangar ráðleggingar starfsmanns bankans hafi kostað sig um sjö milljónir króna. Maya Petzoldt vildi ávaxta evrur í einn mánuð, og segir að sér hafi verið ráðlagt að skipta þeim í krónur þrátt fyrir að krónan félli dag frá degi.

Petzoldt segir starfsmenn bankans hafa sagst hafa misskilið sig, en þegar hún hafi rætt við útibússtjóra hafi hann sagt að bankinn gæti ekkert gert fyrir hana, hún hafi tekið ákvörðun um að selja.

Petzoldt fékk um 235 þúsund evrur til landsins fyrir um mánuði síðan, og ætlaði að nota féð til að greiða fyrir íbúð í byrjun apríl. Hún fór tæpri viku eftir að hún fékk féð til landsins í útibú Landsbankans til að kanna hvernig skammtímaávöxtun myndi skila henni bestum árangri.

„Ég er alls enginn fjármálasérfræðingur, ég fór í bankann til að fá ráð frá sérfræðingi," segir Petzoldt. „Ég kom í bankann með þá hugmynd að kaupa peningabréf, en vildi fá ráðleggingar um hvað væri best að gera."

Starfsmaður bankans ráðlagði henni að kaupa peningabréf, sem Petzoldt gerði. Eftir að hafa talað við aðra sérfræðinga segir hún að á sig hafi runnið tvær grímur. Hún hafi til að mynda ekki áttað sig á því að á þeirri tæpu viku sem hún átti peningana í evrum hafi verðmæti þeirra aukist um í kringum 600 þúsund krónur vegna lækkandi gengis krónunnar. Það hefði starfsmaðurinn átt að upplýsa.

Síðan hún seldi evrurnar fyrir krónur hefur gengi krónunnar lækkað verulega. Evrurnar hennar hefðu því verið um 7 milljónum króna verðmætari í byrjun apríl en þær voru þegar hún seldi. Á því að eiga peningabréfin í tæpan mánuð græddi hún 300 þúsund.



**ÓSÁTT** Maya Petzoldt og Einar Snorri Einarsson, eiginmaður hennar, segja yfirmenn Landsbankans hafa hafnað því að taka ábyrgð á mistökum starfsmanns bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Petzoldt átelur bankann fyrir ranga ráðgjöf. Sérfræðingar hafi talið víst að krónan myndi falla áfram, en henni hafi verið ráðlagt að kaupa krónur. Slíkt séu vítaverð og greinileg mistök af hálfu starfsmanns bankans.

Eftir ítrekaðar tilraunir tókst Petzoldt að komast í samband við yfirmann hjá bankanum, og hitti Guðmund Inga Hauksson, útibússtjóra hjá Landsbankanum. Hún segir Guðmund Inga ekki hafa viðurkennt að bankinn hafi gert mistök, né að bankinn bæri nokkra sök í málinu. Hann hafi ekki hegðað sér fagmannlega. brjann@frettabladid.is

### RÁÐLEGGJA EKKI UM SPÁKAUPMENNSKU

„Starfsmenn bankans veita ekki ráðgjöf um gengi, hvorki á hlutabréfum né gjaldmiðlum. Þetta er spákaupmennska," segir Guðmundur Ingi Hauksson, útibússtjóri hjá Landsbankanum.

Starfsmaðurinn sem ráðlagði Petzoldt segir hana hafa komið í bankann til þess að skipta evrunum í krónur og fjárfesta, og ráðgjöfin snerist því um skammtímafjárfestingu á krónum, segir Guðmundur Ingi.

Svo virðist sem Petzoldt telji starfsmanninn hafa átt að telja hana af því að selja evrurnar, sem er ekki hlutverk starfsmannsins, segir Guðmundur Ingi. Almannarómurinn á þeim tíma hafi verið að gengi krónunnar hafi verið of hátt skráð, og að gengið myndi lækka þegar stýrivextir Seðlabankans lækkuðu, ekki að lækkunin yrði jafn snörp og raun bar vitni.

Landsbankinn er með sérfræðinga á sviði viðskipta með gjaldmiðla, en viðskiptavinurinn óskaði ekki eftir því að ræða við þá, segir Guðmundur. Starfsmanni hafi ekki borið að benda viðskiptavininum á slíka sérfræðinga.

Saga Capital gegn Insolidum:

## Saga Capital krefst gjaldþrots Insolidum

**DÓMSMÁL** Saga Capital fjárfestingabanki krefst þess að Insolidum ehf., sem er í eigu Daggar Pálsdóttur, varaþingkonu Sjálfstæðisflokksins, og sonar hennar, Páls Ágústs Ólafssonar, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Mál þess efnis var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en málflutningi vegna kröfunnar frestað til 21. apríl.

Insolidum tók lán hjá Saga Capital til þess að kaupa stofnfjárbréf í SPRON á haustmánuðum í fyrra sem hafa lækkað mikið í verði frá því félagið var skráð á markað 29. október.

Dögg og Páll Ágúst Ólafsson telja engar forsendur vera fyrir því að taka félagið til gjaldþrotaskipta. - mh

Bílslys við Vogaskóla:

## Ekið á stúlku

**SLYS Ekið var á unglingstúlku í Skeiðarvogi við Vogaskóla um klukkan hálf níu í gærkvöld. Að sögn lögreglu var hún meðvitundarlaus þegar sjúkraflutningamenn. Rannsóknanefnd umferðaslysa var kölluð á staðinn en tildrög slyssins voru ókunn í gærkvöld.**

**Þá lá ekki fyrir í gærkvöld hversu alvarleg meiðsl stúlkunnar voru en hún var til rannsóknar á slysadeild Landspítalans.** - kdk

### UTANRÍKISMÁL

**Hittir Rice í Washington**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra mun eiga fund með Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Washington 11. apríl næstkomandi. Meðal þess sem ráðherrarnir munu ræða er varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna.






Stjórnarflokkur Mugabe missir meirihluta á þingi Simbabve:

# Rætt um valdalok Mugabe

**SIMBABVE, AP** Stjórnarflokkur Roberts Mugabe forseta í Simbabve hefur misst meirihluta sinn á þingi, að því er nýjustu opinberu tölur sýndu í gær. Stundu áður höfðu talsmenn stjórnarandstöðunnar birt sínar tölur um úrslit úr forsetakosningunum, sem fram fóru jafnhliða þingkosningunum um helgina, en samkvæmt þeim náði stjórnarandstöðuleiðtoginn Morgan Tsvangirai hreinum meirihluta atkvæða.

Tölurnar sem yfirkjörstjórnin birti loks síðdegis í gær virðast staðfesta að upplausn er brostin á stjórn Mugabe, sem hefur stýrt landinu allt frá því það hlaut sjálfstæði frá Bretaveldi fyrir 28 árum. Síðustu ár hennar við völd hafa einkennst af gerræði og óreiðu í efnahagsmálum með óðaverðbólgu, matarskorti og allt að 80 prósent atvinnuleysi.



MORGAN TSVANGIRAI



ROBERT MUGABE

Samkvæmt hinum opinberu úrslitum þingkosninganna fær Lýðræðishreyfingin, flokkur Tsvangirais, 105 sæti en ZANU-PF-flokkur Mugabes 93 í nýju og breyttu þjóðþingi með alls 210 fulltrúum. Einn óháður náði kjöri. Þetta þýðir að jafnvel þótt ZANU-PF fengi öll þingsætin sem eftir er að úthluta næði hann ekki meirihluta. Á síðasta þingi hafði stjórnarandstaðan 41 fulltrúa af 120.

Á blaðamannafundi fyrr í gær lýsti Tendai Biti, framkvæmdastjóri Lýðræðishreyfingarinnar, því yfir að Tsvangirai hefði fengið 50,3 prósent atkvæða í forsetakosningunum en Mugabe 43,8.

Stjórnardagblaðið The Herald flutti í gær þá frétt að til úrslitaumferðar myndi koma. Það var fyrsta opinbera viðurkenning stjórnarliða á því að hinn 84 ára gamli Mugabe hefði ekki tryggt sér endurkjör í þetta sinn.

Í fyrradag heyrðust óstaðfestar fréttir af því að fulltrúar forsetans og áskorandans ættu í viðræðum um valdalok Mugabe. - aa




HYDROPOOL

**30%** afsláttur

## Heitur pottur
**Hydropool,**
Serenity skel, 203 x 193 x 87,
4 sæti og legubekkur, tréverk
fylgir ekki
8070604

**139.790**
~~199.700~~






## Hunter EX
11,8 Kw
Grillflöturinn er 60x50 sm
Þrír brennarar úr steypujárni
Auðþrífanlegur lekabakki
Hitamælir á hlíf
Aðfellanleg hitagrind
Hjálmur með emeleraðri postulínshúð
3000237

**38.990**

OUTBACK

## Veggfóðurskynning!
Einar Beinteinsson veggfóðrari
verður með kynningar

Skútuvogi lau. 5. apríl
Grafarholti lau. 12. apríl
Akureyri lau. 19. apríl

**kl. 13:00 - 16:00**




## Melody 20”
AUTHOR

6 gira
**Shimano Revoshift**
skipting

Afturskipting
**Shimano TY-18**

Handbremsur **Tektro**
plast/ál



Álgjarðir

**Artek “V”**
bremsur

3899971

**14.595**

**2.895**
~~4.995~~

**3.895**
~~6.995~~



5999948

5999949

## Útiljós
**Led Robus**, burstað
stál, ummál 63 mm,
GU10 35W IP44



**6.995**

## Hekkklippur
**Texas**, rafmagns, 650W, 60 cm blað,
klippigeta 20 mm, 4,1 kg
5083595

## Energy 20”
AUTHOR

6 gira
**Shimano Revoshift**
skipting

Afturskipting
**Shimano TY-18**

Handbremsur **Tektro**
plast/ál



Álgjarðir

**Artek “V”**
bremsur

3899969

**12.995**



## Gagnvarin fura
Algengasta pallaefni á Íslandi.

| 21 x 95 mm | 28 x 95 mm | 98 x 98 mm |
|---|---|---|
| 0.9 - 4.5 m | 0.9 - 4.5 m | |
| 621601 | 628601 | 698600 |
| **139** kr/m | **199** kr/m | **499** kr/m |



## Lerki
Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni á Norðurlöndum.

| 21 x 90 mm | 28 x 95 mm |
|---|---|
| 721600 | 728600 |
| **219** kr/m | **269** kr/m |


VERTU TIL
VORIÐ
KALLAR


**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 2.4.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,98 | 75,34 |
| Sterlingspund | 148,66 | 149,38 |
| Evra | 117,23 | 117,89 |
| Dönsk króna | 15,717 | 15,809 |
| Norsk króna | 14,514 | 14,6 |
| Sænsk króna | 12,506 | 12,58 |
| Japanskt jen | 0,7336 | 0,7378 |
| SDR | 122,34 | 123,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
151,16

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarfulltrúar segja að ekki þurfi að breyta áformum um legu Sundabrautar:

# Keyra rólegir um Sundagöng

**SKIPULAGSMÁL** Borgarfulltrúar telja ekki ástæðu til að breyta áformum um að leggja Sundabraut í jarðgöngum, þrátt fyrir viðvörunarorð Ísleifs Jónssonar, fyrrverandi forstöðumanns Jarðborana ríkisins.

„Við skoðum allar athugasemdir, það er gott að borgararnir tjái sig um þetta, en okkar sérfræðingar hafa aðra skoðun,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar.

Ísleifur segir mikinn vafa leika á því að hægt sé að leggja göng á þessu svæði, bergið geti verið of lekt, og jarðskjálftar geti rofið göngin.



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON — DAGUR B. EGGERTSSON

„Áhyggjur af því tagi sem Ísleifur setur fram voru ástæða þess að farið var í umfangsmiklar jarðfræðirannsóknir á berglögum, og gerðar tilraunaboranir,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn.

Hann bendir á að Árni Hjartarson, jarðfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknum, hafi svarað fullyrðingum Ísleifs ágætlega. „Ég mun keyra rólegur í gegnum Sundagöng.“

Ísleifur gagnrýnir að aðeins ein tilraunahola hafi verið boruð í Elliðavogi en auk hennar voru tvær skáholur boraðar frá landi. Dagur segir sjálfsagt að koma ábendingum á borð við þessa á framfæri við sérfræðinga. Ef þeir taki undir þurfi einfaldlega að bora fleiri tilraunaholur. - bj

Sprautunálarræninginn:

# Er nú vistaður á stofnun

**DÓMSMÁL** Svokallaður sprautunálarræningi hefur verið úrskurðaður í Hæstarétti til vistunar á viðeigandi stofnun til 18. apríl, í stað þess að sæta gæsluvarðhaldi.

Maðurinn rændi peningaklassa á þremur stöðum og ógnaði fólki með sprautunál léti það ekki fjármuni af hendi. Hann er fíkniefnaneytandi og á langa sögu um geðrofssjúkdóm, samkvæmt rannsókn geðlæknis.

Brotaferill mannsins, er hann beitti sprautunálinni, var samfelldur, og var það mat lögregluyfirvalda að hann myndi halda brotunum áfram gengi hann laus. - jss

VG harma ráðherraleysi:

# Fá fréttir eftir á og að utan

**UTANRÍKISMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, harmar að utanríkisráðherra hafi ekki séð sér fært að mæta á fund utanríkismálanefndar í gær til að ræða afstöðuna til þeirra álitaefna sem upp munu koma á fundi aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins (NATO).

„Það eru vonbrigði að haldið skuli óbreyttum hætti: að utanríkismálanefnd fái fyrst fréttir af því eftir á og yfirleitt erlendis frá hvaða afstöðu fulltrúar Íslands hafa til umdeildra og stórpólitískra deilumála á vettvangi NATO,“ segir í bókun Steingríms í nefndinni. - bj

Dómsdagssöfnuður:

# Hluti hópsins út úr hellinum

**RÚSSLAND, AP** **Þrír meðlimir dómsdagssöfnuðar, sem lokuðu sig inni í neðanjarðarhelli langt frá byggð í miðju Rússlandi í fyrrahaust, komu út úr honum í gær, að sögn talsmanns héraðsyfirvalda í Penza-héraði.**

**Samningamenn yfirvalda eru enn að reyna að telja þá ellefu sem enn eru inni í hellinum á að hætta að minnsta kosti í bili biðinni eftir heimsendi og koma aftur undir bert loft. Í fyrradag kom fjórtán manna hópur út úr hellinum eftir að vorleysingar ollu því að hluti hellisins hrundi. Forsprakkar söfnuðarins hafa hótað að sprengja hann í loft upp ef reynt verði að sækja fólkið með valdi.** - aa

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt frá því á síðum Markaðarins í gær að utanþingsviðskipti hafi verið með bréf í Existu upp á 21,6 milljarð króna í Kauphöll Íslands á þriðjudag. Hið rétt er að viðskiptin voru með bréf Skipta, móðurfélags Símans.




**LÖGREGLAN** Formaður allsherjarnefndar segir mikilvægt að þess sé getið að hvaða leyti auknar kröfur til lögreglunnar kalli á aukin fjárframlög. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Vill lögreglustjóra á fund fjárlaganefndar

**Formaður fjárlaganefndar Alþingis telur nauðsynlegt að fá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og fulltrúa dómsmálaráðuneytis á fund nefndarinnar. Ástæðan er ummæli lögreglustjórans um brýna þörf á auknum fjárveitingum.**

**LÖGGÆSLA** „Ég tel rétt að fjárlaganefnd fái fulltrúa dómsmálaráðuneytisins, svo og Stefán Eiríksson lögreglustjóra á sinn fund til að fara yfir málin sem hlýtur þá að tengjast vinnu okkar við framkvæmd fjárlaga fyrir 2008 og undirbúning fjárlagagerðar fyrir 2009.“

Þetta segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, í kjölfar ummæla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í Fréttablaðinu í gær. Þar sagði Stefán Eiríksson að þeim árangri væri stefnt í hættu sem náðst hefði í öryggis- og löggæslu í landinu komi ekki frekari fjárveitingar til málaflokksins.

„Það hlýtur að kalla fram spurningar þegar jafn ábyrgðarfullur maður og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu er með afdráttarlausar ábendingar eins og þessar,“ segir formaður fjárlaganefndar enn fremur. „Í ljósi þeirra tel ég ástæðu til þess að fjárlaganefndin fái lögreglustjórann og fulltrúa ráðuneytisins á sinn fund til að fara yfir þessi mál og sjá hvar ber á milli.“

Formaður allsherjarnefndar Alþingis, Birgir Ármannsson, segir það hafa verið stefnu bæði núverandi ríkisstjórnar og þeirrar síðustu að bregðast við breyttum aðstæðum, meðal annars með lagabreytingum á sviði löggæslumála.

„Ég er sammála lögreglustjóranum í Reykjavík um það að það er líka þörf á að skoða fjárhagsramma embætta hans, svo og lögreglustjórans á Suðurnesjum út frá breyttum aðstæðum og breyttum verkefnum. Mér finnst mikilvægt að það verði gert í undirbúningi fjárlagatillagna fyrir næsta ár.“

Birgir segir þá skyldu vitaskuld hvíla á forstöðumönnum embætta að haga útgjöldum þeirra í samræmi við fjárlög á hverjum tíma.

„En þar sem breyttar aðstæður kalla á auknar fjárveitingar verður auðvitað að bæta úr slíkum þörfum,“ segir formaður allsherjarnefndar. Hann telur ekki rétt að byggja fárveitingar til löggæslumála á samanburði við aðra fjárlagaliði, svo sem menntaog heilbrigðismál.

„Það sem máli skiptir er að fjárveitingar séu ákveðnar með tilliti til þeirra þarfa sem fyrir hendi eru á hverju sviði. Ég tel mikilvægt að þess sé getið að hvaða leyti auknar kröfur til lögreglunnar kalla á aukin fjárframlög.“ jss@frettabladid.is

Andlát í Breiðholtslaug:

# Fannst látinn í eimbaðinu

**ANDLÁT** **Maður á níræðisaldri varð bráðkvaddur í gufubaði Breiðholtslaugar rétt eftir klukkan átta í gærmorgun. Ekki er vitað hver dánarorsökin var en starfsfólk hóf lífgunartilraunir um leið og maðurinn fannst. Sjúkraflutningamenn komu á staðinn innan fimm mínútna frá útkalli en endurlífgunartilraunir þeirra báru ekki árangur. Ljóst er að viðbragðsáætlun sundlaugarinnar gekk vel en því miður varð ekkert að gert.**

**Starfsfólk sem gestir voru eðlilega slegin yfir atburðinum.** - kp



**DÆLT Á BÍLINN** Langar biðraðir mynduðust við bensínstöðvar N1 í gær.

N1 lækkar bensínverð:

# Biðraðir á bensínstöðvum

**NEYTENDUR** Eldsneytisverð lækkaði í gær eftir að N1 reið á vaðið og gaf 25 krónu afslátt af eldsneytislítranum frá sjö í gærmorgun til sjö síðdegis. Eldsneytisverð lækkaði einnig hjá Ego. Önnur fyrirtæki fylgdu öll eftir og lækkuðu eldsneytisverð nema Skeljungur.

Mikil örtröð var á bensínstöðvum og langar biðraðir mynduðust. „Við höfum verið með þrefaldar vaktir á bensínstöðvum og dælum fyrir alla til að sýna þjónustulund í verki,“ segir Ingunn Sveinsdóttir, sviðstjóri hjá N1. Hún segir N1 munu selja eldsneyti með afslætti í dag á öllum þjónustustöðvum til að sýna samstöðu með neytendum og atvinnubílstjórum. - ghs


HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ

LYFJAVER APÓTEK

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:

Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS

HUGTÖK FEB.08


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**FLOTTAR HELGARHORFUR**
Um helgina lítur afar vel út með veður síst þó reyndar allra austast á landinu. Má búast við að annars staðar en þar verði hæg breytileg átt og bjartviðri. Frostlaust verður að deginum sunnan til annars frost. Austast verður á hinn bóginn hvöss norðan átt með stöku éljum.




Á MORGUN
10-15 m/s allra austast annars 3-8.

LAUGARDAGUR
Stíf norðanlæátt allra austast annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Billund | 10° |
| Ósló | 8° |
| Stokkhólmur | 7° |
| Gautaborg | 9° |
| London | 17° |
| París | 15° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Berlín | 10° |
| Alicante | 22° |
| Mallorca | 20° |
| Basel | 12° |
| Eindhoven | 12° |
| Las Palmas | 25° |
| New York | 13° |
| Orlando | 29° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD

3. - 7. apríl

# KAUPHLAUP
í Smáralind

NÝJAR VÖRUR MEÐ
20-50% AFSLÆTTI




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM32894

## KJÖRKASSINN



*Hljópst þú 1. apríl?*

| | |
|---|---|
| Já | 11,6% |
| Nei | 88,4% |

SPURNING DAGSINS Á MORGUN:

*Er ástæða til að ráðamenn Íslands ferðist með einkaþotum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Gengisveiflur krónunnar kosta ferðaþjónustufyrirtækin gríðarlegar fjárhæðir:

# Ímynd Íslands og staða krónu

**FERÐAMÁL** „Við getum ekki lengur setið hjá,“ segir Jón Karl Ólafsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, sem halda aðalfund sinn á Radison SAS Hótel Sögu í dag.

Segir hann Samtök ferðaþjónustunnar ekki hafa tekið beina afstöðu í umræðum um krónuna. „Mér finnst þetta snúast um hvort krónan er gjaldmiðill sem virkar og hvort hún muni vera hér til framtíðar.“

Þá hafi sveiflur á krónunni kostað ferðaþjónustufyrirtæki gríðarlegar fjárhæðir. Vörur og þjónusta sé verðlögð í erlendri mynt sem geti auðveldlega breyst mikið á þeim tíma sem líður frá tilboði þar til greiðsla berst. „Krónan er augljóslega byrði á ferðaþjónustunni og við munum leggja upp með að á næsta ári muni ferðaþjónustufyrirtæki þurfa að móta sér stefnu í krónuumræðunni.“

Á fundinum á meðal annars að ræða ímynd Íslands og hvert stefnir í þeim efnum. „Við getum ekki setið hjá þegar talað er um banka- og fjármálakreppu. Við erum að tala um ímynd þjóðarinnar og ferðaþjónustufyrirtæki eru að selja ímynd. Ef ímyndin er orðin viðkvæm þá þurfum við að hafa áhyggjur af því.“

Fundir faghópa hefjast klukkan níu árdegis en aðalfundurinn er settur klukkan 13. - ovd



**VESTMANNAEYJAR ÚR FLUGVÉL** Stenst íslensk ferðaþjónusta gæðakröfur ferðamanna, er meðal spurninga sem ræddar verða. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Uppgangur á Akranesi:

# Um fjörutíu ný störf verða til

**FRAMKVÆMDIR Byggingafyrirtækið BM Vallá hefur lagt inn umsókn fyrir um 60 þúsund fermetra lóð á Akranesi með það fyrir augum að hefja þar frekari einingaframleiðslu. „Þegar við keyptum Smellinn á Akranesi sögðum við að því myndi fylgja frekari uppbygging þar,“ segir Þorsteinn Víglundsson, forstjóri BM Vallár.**

**Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, segist hafa miklar væntingar til uppbyggingarinnar. „Það gætu fylgt þessu um þrjátíu til fjörutíu ný störf svo við tökum þessu að sjálfsögðu fagnandi,“ segir hann.** - jse






# Þekking flyst af Landspítala til einkaaðila

**Flutningur aðgerða af Landspítala og til einkaaðila hefur orðið til þess að þekking á ýmsum aðgerðum er þar ekki fyrir hendi fyrir læknanema. Forseti læknadeildar segir nauðsynlegt að finna á þessu lausn sem og forstjóri spítalans.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta hefur verið vandamál í mörg ár en við höfum ákveðnar hugmyndir um hvernig við ætlum að leysa það,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans og lækningaforstjóri, en vegna aukinnar aðkomu einkaaðila að heilbrigðiskerfinu hafa margar aðgerðir flust af Landspítalanum. Þar með flyst þekking af spítalanum sem þá ekki getur nýst læknanemum háskólasjúkrahússins.

Magnús Pétursson, fyrrverandi forstjóri Landspítalans, greindi frá því í viðtali við Fréttablaðið í gær að þótt aðkoma einkaaðila í heilbrigðiskerfinu geti verið af hinu góða þurfi að gæta þess að mola ekki þá þætti sem myndi háskólasjúkrahús og tapa þekkingu af spítalanum sem þar með nýtist ekki læknanemum. Stefna spítalans væri ósk ýr einkum í því hve langt eigi að ganga í einkarekstri og hvers vegna ætti að fara slíka leið. Nú sé til að mynda svo komið að öll þekking á krossbandsaðgerðum sé komin af spítalanum og því geti læknanemar ekki tileinkað sér námið fyllilega.

Um það bil fimm þúsund bæklunaraðgerðir eru gerðar hjá einkaaðilum á ári auk fjölda æðahnúta- og annarra minni háttar aðgerða. Björn segir að ástandið hafi verið þannig lengi og ekki séu uppi hugmyndir um að breyting verði þar á en samkomulag um miðlun þekkingar milli Landspítalans og sjálfstætt starfandi bæklunarlækna hafi verið gott. „Verði tekin ákvörðun um að fleiri aðgerðir verði fluttar til einkaaðila, gætum við til dæmis leyst það með samstarfssamningum við fagaðila,“ segir Björn en þegar hafa aðeins óformlegar viðræður átt sér stað um þau mál.

Stefán B. Sigurðsson, forseti læknadeildar, segir að á þessu þurfi að finna lausn. Vilji sé meðal forsvarsmanna deildarinnar að geta beint læknanemum á stofur utan spítalans svo þeir geti kynnt sér aðgerðir en þeir sem reki stofurnar vilji fá greitt fyrir að taka á móti þeim. Hins vegar séu ekki fjárveitingar til þess.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir að engin stór skref hafi verið stigin í átt að frekari einkarekstri heilbrigðiskerfisins í tíð núverandi ríkisstjórnar. „Það er mjög mikilvægt að menn gleymi því ekki að Landspítalinn og háskólasjúkrahúsið er ein öflugasta rannsóknar- og vísindastofnun landsins og við erum ekki að fara að gefa neitt eftir í uppbyggingu hennar. Ég skil ekki hvernig fólk fær þá hugmynd. Dæmin sýna að öflug háskólastarfsemi og einkarekstur geta farið mjög vel saman,“ segir Guðlaugur.

karen@frettabladid.is



**VERÐA AF ÞEKKINGU** Forstjóri Landspítalans segir að flutningur aðgerða af háskólasjúkrahúsinu og til einkaaðila hafi lengi verið vandamál. Verði tekin ákvörðun um að fleiri aðgerðir verði fluttar til einkaaðila þurfi að gera samkomulag milli einkaaðila og sjúkrahúss svo að læknanemar geti öðlast reynslu og þekkingu.



MAGNÚS PÉTURSSON



STEFÁN B. SIGURÐSSON



BJÖRN ZOËGA



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON







LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í Bílaland B&L og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

**BMW X5 diesel**
Nýskr: 09/2004, 2900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 70.000
**Verð: 5.300.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230


Grund tekur við rekstri lokaðrar hjúkrunardeildar á Landakoti:

# Grund tekur við deild á Landakoti

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn samdi við hjúkrunarheimilið Grund í gær um að taka að sér rekstur hjúkrunardeildar á Landakoti en þeirra tilboð í útboði til rekstursins var lægst. Deildin er með átján hjúkrunarrými og verður hún opnuð um miðjan næsta mánuð.

Magnús Pétursson, fyrrverandi forstjóri Landspítalans, nefndi í viðtali við Fréttablaðið í gær að heilbrigðisráðuneytið hefði í upphafi ætlað 18.260 krónur til reksturs hvers sjúkrarýmis á dag þegar ákveðið var að bjóða þjónustuna út til einkaaðila. Fyrsta tilboð Grundar hefði hljóðað upp á 21.000 krónur og annað sem barst frá ónefndum aðila verið 25.00 krónur. Munurinn á þeim upphæðum sem ráðuneytið áætlaði til verksins og þess sem einkaaðilar töldu sig þurfa hefði vakið upp spurningar. Ekki væri hægt að draga úr kostnaði á deild sem þessari með öðru móti en að draga úr mönnun eða ódýrari starfskröftum.

Gunnar Páll Pálsson, staðgengill forstjóra Grundar, segir að tekist hafi að ná kostnaðinum niður í um 19.700 krónur. Það hafi verið mögulegt með því að semja við Landakot um að hjúkrunarfræðingur þaðan tæki að sér þrjár gæsluvaktir á viku. „Báðir aðilar hagnast á þessu og hjúkrunarfræðingurinn væri hvort sem er á vakt á þessum tíma á Landakoti,“ segir Gunnar.

Björn Zoëga, forstjóri og lækningaforstjóri Landspítalans, segir tíðindin góð. Deild sem þessi hefði verið rekinn af Landspítalanum í fyrra fyrir 22.000 krónur á dag. Með samningi við Grund lækki upphæðin og um leið náist að manna deild sem hefur verið lokuð um skeið.

- kdk




DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

BÖRN - HERRAR - KONUR - HEIMILI - SNYRTIVÖRUR

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hverjir eru nýráðnir viðskiptaritstjórar Fréttablaðsins?
2. Hvaða tónlistarmaður fékk fjögurra milljóna styrk hjá tónlistarsjóðnum Kraumi á mánudag?
3. Með hvaða þýska handknattleiksliði mun Guðjón Valur Sigurðsson leika á næstu leiktíð?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Miklar tafir urðu á umferð vegna aðgerða atvinnubílstjóra í gærmorgun:

# Stöðvuðu umferð við Hamraborg

**MÓTMÆLI** Miklar tafir urðu á umferð á Reykjavíkurvegi í morgun þegar atvinnubílstjórar mótmæltu. Þeir stöðvuðu umferð rétt við Kópavogslækinn upp úr klukkan átta, á háannatíma. Samkvæmt lögreglu stóðu aðgerðirnar í um 50 mínútur og annan eins tíma tók að greiða úr þeirri flækju sem myndast hafði. Umferð gekk einnig mjög hægt á hjáleiðum, en margir bílstjórar reyndu að þræða aðrar leiðir þegar þeir fengu veður af aðgerðunum.

Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóranna, segir að búast megi við frekari aðgerðum í dag og næstu daga. „Við munum halda áfram eins lengi og þarf til að fá stjórnvöld til að grípa til aðgerða. Við höfum lítil viðbrögð fengið; Kristján Möller samgönguráðherra hringdi í okkur fyrir helgi og aðstoðarmaður fjármálaráðherra nú á mánudag. Hann lofaði að kanna málin en við höfum ekkert heyrt í honum síðan,“ sagði Sturla.

Hann segir ekki koma til greina að hætta mótmælunum fyrr en kröfur bílstjóra verði virtar, enda séu þær sanngjarnar. „Tökum til dæmis hvíldartímatilskipunina. Við eigum að hvíla okkur í 45 mínútur eftir keyrslu í fjóra og hálfan tíma. Hins vegar eru engin útskot sem nýtast okkur til staðar. Hvar eigum við að pissa í pásunum? Eitthvað mundi nú heyrast ef við gerðum það í vegarkantinum.“ **- kp**



**ALLT STOPP** Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóra, ræðir við Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjón við mótmæli bílstjóra í Ártúnshöfða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Æskulýðshússdeilan:

# Hús í Bispebjerg í sigti

**DANMÖRK** Borgarstjórnin í Kaupmannahöfn vonast til að samkomulag muni nást um að nýtt æskulýðshús fái inni við Dorthavevej í borgarhlutanum Bispebjerg í norðvesturhluta borgarinnar. Hverfisstjórn Bispebjerg lýsti því hins vegar yfir í gær að aðeins kæmi til greina að starfsemin yrði þar til húsa til bráðabirgða.

Mikill styrr stóð um niðurrif svonefnds æskulýðshúss (Ungdomshus) við Jagtvej á Nörrebro í fyrra og síðan það var rifið hefur staðið yfir leit að húsnæði sem komið gæti í staðinn. Talsmenn „Æskulýðshúss-hreyfingarinnar“ segjast sáttir við Dorthavevej. **- aa**


## Framsækið samfélag með álver á Bakka

**Verkefnið Framsækið samfélag með álver á Bakka, verður kynnt á morgunverðarfundi, föstudaginn 4. apríl næstkomandi, kl. 8:30-10:00 í Alþýðuhúsinu, á 4. hæð, Skipagötu 14, Akureyri.**

Á fundinum munu fulltrúar Norðurþings, Alcoa, HRV, Landsvirkjunar og Landsnets kynna undirbúning og stöðu þessa mikilvæga verkefnis og svara fyrirspurnum.

***Dagskrá***

***Fundarsetning***
Ásgeir Magnússon, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins á Norðurlandi

***Norðurþing, staða mála og næstu verkefni***
Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings

***Orkuflutningar***
Árni Jón Elíasson, sérfræðingur, Landsneti

***Orkuöflun***
Árni Gunnarsson, forstöðumaður jarðhita, Landsvirkjun Power

***Undirbúningsrannsóknir vegna álvers***
Arnór Þórir Sigfússon, HRV

***Grunnur að styrkingu atvinnulífs á Norðausturlandi – álver á Bakka***
Kristján Þ. Halldórsson, verkefnisstjóri samfélagsmála hjá Alcoa á Norðurlandi

***Spurningar og svör***

***Fundarstjóri:***
Magnús Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar

NORÐURÞING



Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið


# Fyrstu fangarnir í Akureyrarfangelsið

**Fyrstu fangarnir verða sendir í nýuppgert fangelsi á Akureyri innan tíðar. Það hefur verið lokað í ár vegna endurbóta. Þar var pláss fyrir átta fanga en rúmar tíu eftir breytingarnar. Öll fangelsispláss í landinu eru í fullri nýtingu.**

**FANGELSISMÁL** Tíu pláss bætast við fangelsisrými landsins þegar fangelsið á Akureyri verður opnað eftir viku, en þá verða fyrstu fangarnir sendir þangað að sögn Páls E. Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar. Fangelsið hefur verið lokað í ár vegna gagngerðra endurbóta. Þar var pláss fyrir átta fanga áður en fjölgar um tvö pláss eftir endurbæturnar.

„Þetta mun létta eitthvað á, tímabundið,“ segir Páll.„Eins og staðan er í dag eru öll fangelsisrými landsins í fullri nýtingu, þar með talin einangrunarrými,“ útskýrir hann.

Páll bendir á að efling löggæslunnar um land allt, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, hafi gert það að verkum að lögreglan sé mun öflugri í því að ná í virka brotamenn. Þar megi nefna einstaklinga sem eru í fjármunabrotum, svo sem innbrotum, þjófnuðum og ránum. Einnig þá sem eru í fíkniefnabrotum.

„ Þessir brotamenn eru í kjölfarið dæmdir í fangelsi,“ segir Páll.“ En meðan mál þeirra sæta lögreglurannsókn eru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald á borð við síbrotagæslu sem verður sífellt algengara þar sem lögreglan hefur markað sér ákveðna stefnu um að taka hart á slíku. Til viðbótar hafa refsingar verið að þyngjast verulega. Allt leiðir þetta til þess að álagið í fangelsunum verður meira og þörfin fyrir að mæta því er brýn því að öðrum kosti verður illmögulegt að taka fast og vel á þessum brotum.“ Forstjóri Fangelsismálastofnunar tekur fram að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafi brugðist við stöðunni með margvíslegum hætti. Þar megi nefna markvissa uppbyggingu í fangelsiskerfinu auk þess sem á dögunum hafi verið gengið frá samkomulagi um flutning dæmdra Litháa til afplánunar í heimalandi.

„Hins vegar liggur fyrir að góður árangur lögreglu í baráttunni gegn glæpum veldur því að mikilvægt er að leita allra ráða til að fjölga fangelsisrýmum auk annarra afplánunarúrræða eins og rafrænu eftirliti með dæmdum brotamönnum.“ **jss@frettabladid.is**



**FANGELSIÐ Á AKUREYRI** Tíu pláss bætast við fangelsisrými landsins þegar fangelsið fyrir norðan verður tekið í notkun. Öll fangelsisrými eru fullnýtt eins og staðan er í dag, þar með talin einangrunarrými. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL





ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 40296 04/08

Vistvæn bíll
Ókeypis hleðsla: Bankastræti • Kringlan • Smáralind
or.is • reykjavik.is




ÍSLENSKA SIA.IS ODD 41330 03/08

**Í vörulista Odda kynnum við tilbúnar vörur með dæmum og birtum verðskrána. Þannig tryggjum við gagnsæi í starfsemi, þjónustu og verði hjá Odda.**
**Ákvarðanataka verður einfaldari og auðveldari og þú þarft ekki að bíða eftir útreikningi.**

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is




SIEMENS

Aneta

Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Fíkniefnalögreglan tók sjö manns í miðborginni:

# Lögreglumaður sleginn í höfuðið

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn, annar um þrítugt en hinn nokkru yngri, voru handteknir í miðborginni síðdegis í fyrradag en báðir voru með ætluð fíkniefni í fórum sínum. Mennirnir tóku afskiptum lögreglu mjög illa og höfðu í hótunum. Kom til átaka og fór svo að beita þurfti varnarúða til að hemja annan þeirra en hann hafði slegið lögreglumann í höfuðið.

Aðfaranótt þriðjudagsins hafði lögreglan afskipti af tveimur öðrum mönnum í miðborginni. Annar var með ætluð fíkniefni í fórum sínum en hinn var með blóðugan hníf meðferðis. Mennirnir, annar á fertugsaldri en hinn um tvítugt, voru báðir færðir á lögreglustöð. Þrír karlmenn komu svo við sögu hjá lögreglu í jafnmörgum fíkniefnamálum á þriðjudagskvöld. Tveir þeirra, sautján og tuttugu ára, voru með marijúana í fórum sínum. Þriðji maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, er einnig grunaður um fíkniefnamisferli. Sá var meðal annars nokkur greiðslukort sem hann gat ekki gert grein fyrir. - jss



**VIÐ UPPHAF FUNDAR** Traian Basescu, forseti Rúmeníu, heilsar Geir H. Haarde forsætisráðherra og eignkonu hans, Ingu Jónu Þórðardóttur, við upphaf leiðtogafundar Nató sem fram fer í Búkarest í Rúmeníu. NORDICPHOTOS/AFP

# Óvíst um stækkun við upphaf Nató-fundar

**Málamiðlanir um fjölgun Nató-ríkja voru reyndar í Búkarest í gærkvöld. Íslensk stjórnvöld halda sig til hlés í deilum um stækkun. Langt er síðan jafn mikil óvissa ríkir við upphaf leiðtogafundar Nató og nú.**

**BÚKAREST, FRÉTTABLAÐIÐ** Óvíst var, við upphaf leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins [Nató] í Búkarest í gær, hvort Georgíu og Úkraínu verði boðið að hefja formlegt ferli til aðildar að bandalaginu.

Bandaríkjamenn vilja eindregið að tillaga þess efnis verði samþykkt en nokkur ríki vestur Evrópu – með Þýskaland í fararbroddi – leggjast gegn því. Opinber skýring þeirra er sú að þau telja ríkin tvö ekki í stakk búin til að verða aðilar að Nató en að baki býr ótti við að aðild þeirra raski valdajafnvægi í Evrópu. Rússar eru alfarið andvígir því að þessum tveimur fyrrverandi Sovétríkjum verði veitt aðild að Nató.

Á kvöldverðarfundum leiðtoga og utanríkisráðherra bandalagsríkja í gærkvöldi var reynt að miðla málum í deilunni og ættu niðurstöður að fást í dag.

Jafnframt er búist við samþykkt tillögu um að tveimur ríkjum Balkanskaga; Albaníu og Króatíu verði veitt aðild að Nató en ríkin hafa undanfarin misseri fylgt formlegri aðildaráætlun. Það hafa Makedóníumenn líka gert en óvissa ríkir um aðild þeirra þar sem Grikkir eru henni mótfallnir. Ríkin hafa deilt allar götur síðan þetta fyrrverandi hérað í Júgóslavíu varð sjálfstætt og tók upp nafn sitt en hluti Grikklands nefnist Makedónía. Líta Grikkir á ákvörðun Makedóníumanna sem ögrun.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki tekið formlega afstöðu til aðildarferlis Georgíu og Úkraínu. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að rétt væri að bíða og sjá hvort ekki takist að sætta ólík sjónarmið. „Við skipum okkur ekki í aðra hvora fylkinguna heldur bíðum og sjáum hvort ekki náist samkomulag.“

Á kvöldverðarfundi í gærkvöldi skýrði utanríkisráðherra Georgíu sjónarmið sín fyrir Ingibjörgu Sólrúnu í tvíhliðaviðræðum.

Blaðamaður Fréttablaðsins ferðast til og frá Búkarest með íslensku sendinefndinni, í boði stjórnvalda. bjorn@frettabladid.is

## SKULDBINDING ÍSLANDS VIÐ AFGANISTAN

Aðgerðir Nató, í umboði Sameinuðu þjóðanna, í Afganistan verða ræddar á sérstökum fundi í Búkarest í dag. Auk fulltrúa Natóríkja og samstarfsþjóða sitja hann forseti Afganistans og framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir brýnt að sameinast verði um skýra yfirlýsingu um að fjölþjóðastofnanirnar tvær standi þétt að baki afgönskum stjórnvöldum. „Það þarf að veita skuldbindingu til framtíðar, samræma betur aðgerðir undir forystu Sameinuðu þjóðanna og ná um þær breiðri sátt.“ Á fundinum verður tilkynnt um þriggja ára áætlun Íslands um þátttöku í þróunarstörfum og uppbyggingu í Afganistan. „Það felur í sér þriggja ára skuldbindingu af okkar hálfu,“ segir Ingibjörg Sólrún sem kynnti sér nýverið ástandið í Afganistan. Segist hún hafa séð með eigin augum hve miklu máli aðstoð við uppbygginu og þróunarstörf skipti.

AÐALFUNDUR CCP HF.

Aðalfundur CCP hf. verður haldinn föstudaginn 4. apríl 2008 á skrifstofu félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík og hefst kl. 17:00.

**Dagskrá:**

I. Skýrsla stjórnar félagsins um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.

II. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.

III. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu.

IV. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

V. Tillaga stjórnar CCP hf. um að veita stjórn félagsins heimild í samþykktum félagsins til að hækka hlutafé þess um allt að kr. 400.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Heimildin gildi í 5 ár og má einungis nota í tengslum við efndir kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins, dótturfyrirtækja eða fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum.

VI. Tillaga stjórnar CCP hf. um að veita stjórn félagsins heimild í samþykktum félagsins til að hækka hlutafé þess um allt að kr. 1.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Heimildin gildi í 2 ár og skulu hluthafar ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum.

VII. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

VIII. Kosning stjórnar.

IX. Kosning endurskoðanda.

X. Önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn CCP hf. skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, sbr. 63. gr. (a) hlutafélagalaga nr. 2/1995. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

Aðalfundarstörf munu fara fram á ensku.

Reykjavík, 20. mars 2008

Stjórn CCP hf.

CCP ®

Mótmæli á Reykjanesbraut:

# Óverulegar tafir á flugi

**MÓTMÆLI** Óverulegar tafir urðu á flugi í gærmorgun vegna mótmæla flutningabílstjóra á Reykjanesbrautinni. Bílstjórarnir lokuðu umferð við Kúagerði í klukkustund, frá klukkan 5.30 til 6.30, og töfðust bæði flugfarþegar og -áhafnir á leið til Keflavíkur.

Samkvæmt áætlun áttu fyrstu vélar að fara í loftið klukkan 7.40 en á þeim varð tíu mínútna seinkun, en það þykir innan eðlilegra marka í flugrekstri. Um klukkan átta var allt flug komið í eðlilegt horf. Hæpið er því að þetta hafi haft áhrif á farþega sem áttu bókað frekara flug þegar út var komið. **- kp**

Írski forsætisráðherrann Bertie Ahern víkur úr embætti í maí eftir ellefu ár á valdastóli:

# Kveðst áfram munu verjast ásökunum

**ÍRLAND, AP** Bertie Ahern, sem setið hefur á forsætisráðherrastóli á Írlandi síðastliðin ellefu ár, boðaði í gær afsögn sína.

Á blaðamannafundi í Dyflinni, með mestu þungavigtarráðherrana úr ríkisstjórn sinni sér við hlið, lýsti Ahern því yfir að hann myndi víkja úr embætti hinn 6. maí næstkomandi. Hann neitaði því enn og aftur að hafa þegið spillingargreiðslur, en viðurkenndi að stöðug gagnrýni síðustu átján mánaða á persónulegt fjármálasiðferði sitt hefði tekið sinn toll af skilvirkni ríkisstjórnarinnar.

„Aldrei á öllum þeim tíma sem ég hef gegnt opinberum störfum hef ég sett persónulega hagsmuni ofar almannaheill,“ sagði Ahern í tíu mínútna ávarpi. Við flutning þess titraði rödd hans ítrekað af geðshræringu. „Ég hef aldrei þegið spillta greiðslu, og ég hef aldrei gert neitt sem smánað gæti virðingu neins þeirra embætta sem ég hef gegnt,“ sagði hann.



**UMSKIPTI** Ahern tilkynnir afsögnina umkringdur samherjum í Dyflinni í gær. MYND/AP

Ahern kvaðst einnig mundu hætta sem formaður stjórnarflokksins Fianna Fáil, sem hann hefur farið fyrir síðan árið 1994. Hann sagðist áfram mundu verjast öllum þeim ásökunum sem á hann eru bornar og enn er verið að rannsaka.

Enda Kenny, leiðtogi stjórnarandstöðuflokksins Fine Gael, sagði það hins vegar hafa sýnt sig að Ahern væri „lygari“ sem hefði „beygt sig fyrir hinu óhjákvæmilega“ eftir ótrúverðugan vitnisburð í spillingarréttarhaldi.

Í stjórnartíð Aherns hefur Írland notið fordæmislauss hagvaxtarskeiðs og átti hann stóran þátt í því að koma á hinu sögulega friðarsamkomulagi á Norður-Írlandi. **- aa**



**FÁLKINN Í VESTMANNAEYJUM** Ungum fuglum gengur misjafnlega vel að læra veiðitæknina. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fálki í Vestmannaeyjum:

# Fékk hjálp hjá lögreglunni

**DÝRAHALD „Þetta er ungur fugl, sennilega eins til þriggja ára og ekki kynþroska,“ segir Erpur Snær Hansen hjá Náttúrufræðistofu Suðurlands um fálka sem fannst máttvana í námunda við lögreglustöðina í Vestmannaeyjum fyrr í vikunni.**

**Erpur segir unga fálka eiga misjafnlega erfitt uppdráttar fyrstu árin, á meðan þeir eru að læra veiðitæknina. „Þessi er verulega horaður svo honum hefur ekki gengið neitt sérstaklega vel.“ Til stendur í dag að senda fálkann í Húsdýragarðinn í Laugardal, þar sem honum verður sinnt frekar.** **- ovd**

Peningaránið í Danmörku:

# Náðu minnst 500 milljónum

**DANMÖRK** Ránsfengurinn sem náðist í ráninu í útibúi peningaflutningafyrirtækisins Loomis í Glostrup á Sjálandi í fyrradag gæti verið mun stærri en þær þrjátíu milljónir dönsku króna, andvirði nærri 500 milljóna íslenskra, sem fyrst var tilkynnt um. Grunur leikur á að innanbúðarmaður hafi átt þátt í ráninu.

Kaupmannahafnarlögreglan upplýsti í gær að þær þrjátíu milljónir danskra króna sem fyrst voru nefndar væru lágmarksupphæð. Raunveruleg tala kynni að vera mörgum milljónum hærri. Stærsti fengur í ráni í Danmörku til þessa var 41 milljón danskra króna. Það var framið fyrir átta árum, einnig í Glostrup. **- aa**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur á Grettisgötu

Eldur kom upp í húsi við Grettisgötu í gærdag þegar kviknaði í út frá eldhústæki. Slökkvistarf gekk greiðlega. Ekki urðu slys á fólki.






# Ófullnægjandi eldvarnir ollu stórtjóni

**Gríðarlegar skemmdir í miðbæjarbrunanum í apríl 2007 urðu vegna ófullnægjandi eldvarna. Rannsókn lögreglu er lokið án niðurstöðu um orsök eldsvoðans. Íkveikja er útilokuð. Átak þarf í brunavörnum og eftirliti gamalla bygginga.**

**BRUNAMÁL** Orsaka stórbrunans í miðbæ Reykjavíkur í apríl 2007 er að leita í ófullnægjandi eldvörnum. Tíu metra langur eldveggur á milli húsanna við Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 hafði verið fjarlægður. Skemmdir hefðu orðið óverulegar hefði hann staðið, að mati brunamálastjóra. Rannsókn lögreglu er lokið án niðurstöðu um eldsupptök. Átak þarf í brunavörnum og eftirliti gamalla bygginga um allt land.

Björn Karlsson brunamálastjóri kynnti skýrslu Brunamálastofnunar um stórbrunann við Lækjartorg í gær. Kom fram í máli hans að eldsupptök hefðu að öllum líkindum verið í millilofti í söluturninum Fröken Reykjavík, sem stóð á lóðamörkum húsanna. Eins að það verði aldrei sannað þar sem niðurrif á vettvangi varð þess valdandi að lögregla gat ekki komist að skýrri niðurstöðu um eldsupptökin.

Björn segir ljóst að niðurrif eldvarnarveggs á milli húsanna sé ástæða þess að svo illa fór sem raun ber vitni. „Það er alveg með ólíkindum að eldvarnarveggur á lóðamörkum hafi verið rifinn. Ábyrgðin liggur hjá eigendum sem hefði mátt vera ljóst að verknaðurinn hafi verið gróft lögbrot og að verknaðurinn hafi aukið mjög hættu á stórbruna.“ Björn segir eldinn hafa komið upp innan þilja og því sé óhætt að útiloka íkveikju.



**EYÐILEGGING** Húsið að Lækjargötu 2 stórskemmdist en Austurstræti 22 eyðilagðist. Mörg hundruð gömul hús hér á landi eru talin vera í hættu vegna ófullnægjandi brunavarna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, telur opinbera aðila hafa brugðist þegar að horft er til brunavarna og eftirlits í gömlum menningarsögulega verðmætum húsum. „Stóru skilaboðin eftir miðbæjarbrunann eru að við erum ekki að hugsa nægilega vel um menningarverðmætin okkar og taka þarf stór skref til úrbóta.“ Hann segir að í brunanum hafi eitt af elstu húsum í Reykjavík brunnið og eyðilagst. „Þetta er ekki hvaða hús sem er. Á Norðurlöndunum eru til ítarlegar skilgreiningar á því hvernig brunavörnum skal fyrirkomið vegna bygginga sem teljast menningarverðmæti, ólíkt því sem hér er.“

Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður húsafriðunarnefndar, telur ljóst að brunavörnum gamalla húsa hér á landi sé mjög ábótavant. Sjálfvirk viðvörunar- og slökkvikerfi hafa ekki verið sett upp í sögufrægum húsum og eru húsin við Bernhöftstorfuna, Menntaskólinn í Reykjavík, Iðnó og Höfði nefnd í því sambandi.

svavar@frettabladid.is





Hörkutól

– með rykgrímu, hjálm og vinnuvettlinga

Samsung M110 farsíminn er nýjasta verkfærið í verkfærakassann. Honum er pakkað inn í sterkbyggða umgjörð sem er bæði ryk- og rakavarin (IP54) og hann er fullur af notadrjúgum aukabúnaði. Samsung M110 – er sannkallað hörkutól.

VGA myndavél
Bluetooth
Stereó FM-útvarp
Ryk- og rakavarinn (IP54)
Innbyggður hátalari
Vasaljós

SAMSUNG

Heildsöludreifing og þjónusta:
Skútuvogi 12c
TÆKNIVÖRUR

M110 fæst hjá eftirtöldum aðilum:
Síminn vodafone
auk viðukenndra söluaðila um land allt





GJALDKERAR HÚSFÉLAGA
ÞURFA LÍKA SITT FRÍ!

Oft fer dýrmætur frítími gjaldkera húsfélaga í að sinna starfi sínu. Af hverju ekki að nýta sér Húsfélagaþjónustu SPRON og spara þannig vinnu og fyrirhöfn?

**HELSTU KOSTIR HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTU SPRON:**

- Ekkert mánaðargjald.
- Innheimtuþjónusta.
- Fyrirtækjabanki á Netinu.
- Hagstæð framkvæmdalán.
- Úrval sparnaðarreikninga.
- Greiðsluþjónusta.
- Sérkjör hjá VÍS.
- Sérkjör hjá Húseigendafélaginu.
- 20% afsláttur af gólfbóni og teppahreinsun hjá BG þjónustunni.
- 5% afsláttur hjá Garðlist.
- 20% afsláttur af gluggaþvotti hjá Glersýn.

**INNGÖNGU TILBOÐ**

Þau húsfélög, sem koma í viðskipti við SPRON fyrir 30. maí 2008, **fá fría innheimtuþjónustu í sex mánuði.**

Frekari upplýsingar er að finna á spron.is og hjá viðskiptastjórum í síma 550 1200 eða þjónustuveri í síma 550 1400.

spron




STURTUFOSSAR
til að steypa sér í

Hafðu það vandað
- allt frá uppsprettu inn til þín
VATNSVIRKINN

Ármúla 21 108 Reykjavík Sími 533-2020 vatnsvirkinn.is

KOMDU Í BÍLAÞING - VIÐ FYRSTA

# HANAGAL!



## FRÁBÆR TILBOÐ Á VÖNDUÐUM BÍLUM!

Við tökum daginn snemma í **Bílaþingi HEKLU** þessa dagana og bjóðum þér úrvals notaða bíla á allt að **60% afslætti**! Það eina sem þú þarft að gera er að spretta á fætur og koma til okkar við fyrsta hanagal og sjá tilboð sem eru sannarlega þess virði að vakna fyrir! **Það er líka Hanagal hjá umboðsmönnum HEKLU um land allt!**

80% FJÁRMÖGNUN

### BESTU FÁANLEGU VEXTIR OG ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN

Hagstæðir samningar gera okkur kleift að bjóða bestu fjármögnun sem völ er á og vexti sem sjást ekki lengur. Komdu og við finnum réttu leiðina fyrir þig.

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

### ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Við eigum frábært úrval gæðabíla og þeir eru allir á tilboðsverði við fyrsta hanagal. Allt að 60% afsláttur frá ásettu verði og ótrúlega morgunhressir sölumenn finna rétta bílinn á rétta verðinu fyrir þig.

VETRAR- & SUMARDEKK

### FRÍ SUMAR- OG VETRARDEKK MEÐ ÖLLUM BÍLUM

Öllum bílum fylgja sumar- og vetrardekk. Þeir sem vakna hressir eru klárir í slaginn í sumar - og ekki síður í vetur!

HEKLA

**Opnunartímar Hanagals:** 6-18 á fimmtudag | 9-18 á föstudag | 9-16 á laugardag

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Klettháls 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

80% FJÁRMÖGNUN Á HAGSTÆÐUM VÖXTUM

## MM Pajero Sport President

VERÐDÆMI 40.620 Á MÁNUÐI



Nýskráður mars 2007 / Sjálfskiptur / Ekinn 15.000 km
Ásett verð: 3.290.000,- **Tilboðsverð: 2.390.000,-**

## Skoda Octavia



Nýskráður maí 2005 / Beinskiptur / Ekinn 59.000 km
Ásett verð: 1.450.000,- **Tilboðsverð: 990.000,-**

## VW Golf 4Motion



Nýskráður júní 2002 / Beinskiptur / Ekinn 101.000 km
Ásett verð: 920.000,- **Tilboðsverð: 590.000,-**

## KIA Sportage



Nýskráður des 2004 / Sjálfskiptur / Ekinn 49.000 km
Ásett verð: 2.050.000,- **Tilboðsverð: 1.590.000,-**

## VW Touran



Nýskráður ágúst 2004 / Sjálfskiptur / Ekinn 48.000 km
Ásett verð: 1.930.000,- **Tilboðsverð: 1.490.000,-**

## MM Pajero GLS



Nýskráður jan 2005 / Sjálfskiptur / Ekinn 85.000 km
Ásett verð: 4.590.000,- **Tilboðsverð: 3.350.000,-**

## MM L200 GLS



Nýskráður maí 2005 / Sjálfskiptur / Ekinn 76.000 km
Ásett verð: 2.290.000,- **Tilboðsverð: 1.490.000,-**

## MM Lancer Station



Nýskráður feb 2005 / Beinskiptur / Ekinn 48.000 km
Ásett verð: 1.450.000,- **Tilboðsverð: 990.000,-**

## VW Polo



Nýskráður nóv 2004 / Sjálfskiptur / Ekinn 47.000 km
Ásett verð: 1.480.000,- **Tilboðsverð: 1.190.000,-**

## VW Polo



Nýskráður júní 2006 / Beinskiptur / Ekinn 79.000 km
Ásett verð: 850.000,- **Tilboðsverð: 590.000,-**

## Skoda Octavia



Nýskráður júní 2006 / Beinskiptur / Ekinn 37.000 km
Ásett verð: 2.150.000,- **Tilboðsverð: 1.750.000,-**

## Citröen C4

VERÐDÆMI 28.443 Á MÁNUÐI



Nýskráður júlí 2006 / Sjálfskiptur / Ekinn 5000 km
Ásett verð: 1.890.000,- **Tilboðsverð: 1.490.000,-**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Einnig hjá umboðsmönnum HEKLU um land allt

Akranes | Reykjanesbær | Ísafjörður
Akureyri | Reyðarfjörður | Selfoss

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

**FRÉTTASKÝRING:** Höfundarréttarbrot Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar

# Hannes vísaði ekki í verk fræðimanna


HELGA KRESS


HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Háskólayfirvöld í Háskóla Íslands hugleiða nú hvernig brugðist skuli við hæstaréttardómi um brot Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar á höfundarrétti Halldórs Laxness. Því er ekki úr vegi að skoða nokkur dæmi um rannsóknir Helgu Kress prófessors á vinnubrögðum Hannesar við ritun bókarinnar Halldór. Árið 2004 tók Helga saman skýrslu um þau sem er að mestu samanburður á texta Hannesar og meintum frumtexta, sem Hannes á að hafa gert að sínum. Hæstaréttardómurinn snerist einungis um verk Laxness en Helga hefur bent á að brýnna kunni að vera háskólanum að bregðast við brotum á höfundarrétti þeirra sem hafa fræðin að atvinnu.**

Hannes Hólmsteinn Gissurarson vill ekki tjá sig um málið en bendir á grein sem hann skrifaði áður til að bregaðst við skrifum Helgu. Sú birtist í tímaritinu Sögu árið 2005. Þar segir Hannes að „ásakanir hennar um ritstuld séu rangar og raunar fáránlegar, þótt vissulega megi bæta vinnubrögð mín eins og margra annarra“. Málið snúist um „rannsóknafrelsi fræðimanna“ en Helga sé starfsmaður ættingja Halldórs Laxness og andvíg Hannesi af pólitískum ástæðum.

„Ég veit ekki til þess, að ég noti neitt ritverk í bók minni, sem ekki sé einhvers staðar vísað þar til, þótt hitt skuli ég fúslega viðurkenna, að ég hefði mátt vísa oftar til þeirra Laxness, Hallbergs og annarra höfunda,“ segir Hannes. Hann nefnir nokkra íslenska fræðimenn sem hafi ekki getið heimilda við skrif sín, sem dæmi um „hugsanlegan hugmyndastuld“ sem sýni „hversu erfitt er að sanna eitthvað eða afsanna í þeim efnum. Og er ekki rangt og ódrengilegt að brigsla manni um slíkan stuld, ef hann bendir á eitthvað og vitnar þá ekki alltaf í alla, sem kunna að hafa bent á hið sama áður?“ spyr Hannes.

Um verk Ólafs Ragnarssonar segir Hannes: „[F]ékk ég mann til þess, Snorra G. Bergsson sagnfræðing, að fara fyrir mig í gegnum flest blöð og tímarit á Íslandi tímabilið fram til ársins 1932, þegar bókinni Halldór lýkur, og hann rakst á margt, sem Ólafur hafði líka fundið. Þurfti ég að geta þess í hvert skipti?“

Ástæða þess, að hann hafi ekki getið Ólafs eins og Peters Hallberg, hafi verið sú að hann „hafði alls ekki sama gagn af honum. Verk hans er því miður ekki eins áreiðanlegt og Hallbergs“.

Þá rekur Hannes í löngu máli hvernig Halldór Laxness hafi fengið að láni frá öðrum og segir Helgu líta það allt öðrum augum en þegar Hannes fái að láni. „Sá munur er á verkum Laxness og bók minni, að Laxness gat þess sjaldnast, hvaðan hann tók efni sitt,“ segir hann.

Í grein sinni í Sögu minnist Hannes hins vegar ekki á höfunda sem bent er á hér á þessari síðu, þá Jónas Magnússon, Gísla H. Kolbeins, Ásgeir Bjarnþórsson, Stefan Zweig eða Óskar Halldórsson. Helga sýnir fleiri dæmi, svo sem um skyldleika skrifa Hannesar við verk eftir þá Thor Vilhjálmsson, Einar Laxness, Magnús Á. Árnason og Aðalstein Kristjánsson. Hannes fjallar ekki heldur um þá í grein sinni.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

---

**1**

**JÓNAS MAGNÚSSON, HJÓNIN Í LAXNESI:**

„Jörðin Laxnes var ekki talin góð bújörð, áður en Guðjón Helgason kom þangað, þótt ekki væri hún landlítil miðað við þær jarðir, sem eiga ekki til hálendis eða fjalla. En mikið af landinu, sem fjær liggur, er graslendi, þýfðar mýrar og heldur blautar [...]. Jörðin var nokkuð dýr miðað þá við verðlag jarða. En það gerði íbúðarhúsið.“ (Lesbók Morgunblaðsins, 2. apríl 1967)

**ÚR BÓK HANNESAR:**

„Jörðin Laxnes var ekki talin góð bújörð, þegar Guðjón Helgason keypti hana, þótt hún væri fremur víðlend miðað við þær jarðir, sem eiga ekki til hálendis eða fjalla. En mikið af landinu, sem fjær liggur, er graslendi, þýfðar mýrar og heldur blautar. Jörðin þótti dýr eftir verðlagi á þeim tíma. Því olli íbúðarhúsið [...]“ (síða 29)

Kaflinn Hjónin úr Laxnesi er „svo til orðrétt endursögn á samnefndri grein eftir Jónas Magnússon“, segir Helga. Aðeins sé getið heimildar um nokkrar setningar innan gæsalappa í endursögninni miðri. Að öðru leyti sé ekki annað að sjá en textinn sé eftir Hannes. Í skýrslu Helgu er dæmið lengra.

**2**

**HELGA KRESS, ILMANSKÓGAR BETRI LANDA**

„Önnur er með drengjakoll, miskunnarlaus og köld, hin er á leið til Toronto að hitta kærastann sinn sem hafði sent henni farareyri og hún notar hvert tækifæri til að svíkja. „Ég vildi ekki vera pilturinn yðar fyrir vestan, sagði ég.“ (Úr grein í Ritmennt 2002)

**ÚR BÓK HANNESAR:**

„Önnur var með drengjakoll, miskunnarlaus og köld. Hin var á leið til Toronto að hitta unnusta sinn, sem hafði sent henni farareyri. Hún notaði hvert tækifæri til að svíkja hann. „Ég vildi ekki vera pilturinn yðar fyrir vestan,“ sagði Halldór henni.“ (síður 196 til 197)

Engrar heimildar mun getið um þennan texta Helgu Kress, heldur vitnað til smásagnasafnsins Fótataks manna á eftir beinu tilvitnuninni, eins og textinn sé tekinn beint þaðan, sem hann er ekki. Í skýrslu hennar er dæmið lengra.

**3**

**GÍSLI H. KOLBEINS, GAGNFRÆÐINGURINN:**

„Heimsókn hans til Halldórs var í stofu á Bókhlöðustíg 2 í Reykjavík þar sem Halldór hélt til hjá móðursystur sinni, Ragnheiði Bjarnadóttur, og Þorleifi Jónssyni póstmeistara manni hennar (foreldrar Jóns Leifs tónskálds). Erindi Guðjóns var að ráða Halldór Kolbeins til að kenna Halldóri syni sínum í aukatímum [...]. Hann kvaðst hafa komið honum í tíma til annarra, en Halldór hefði ekki sótt þá. Hann hefði bara gleymt því.“ (Úr grein í Ritmennt 2002)

**ÚR BÓK HANNESAR:**

„Hann fór heim til hans að Bókhlöðustíg 2, þar sem Halldór Kolbeins bjó hjá móðursystur sinni, Ragnheiði Bjarnadóttur, og manni hennar, Þorleifi Jónssyni. Þau voru foreldrar Jóns Þorleifssonar, sem síðar gerðist tónskáld og varð kunnur maður undir nafninu Jón Leifs. Guðjón bað Halldór Kolbeins að taka son sinn í aukatíma og búa hann undir gagnfræðapróf. Hann hefði reynt að ráða aðra aukakennara, en Halldór hefði ekki sótt tíma hjá þeim. Hann hefði gleymt því, enda með hugann við annað.“ (síður 73 til 76)

Hannes vitnar hér ekki til heimildarinnar. Í skýrslu Helgu er dæmið lengra. „Hannes tekur svo til alla grein Gísla upp í sína bók,“ segir þar.

**4**

**ÓSKAR HALLDÓRSSON, KVÆÐAKVER**

„Í ljóðum Halldórs blandast expressionisminn annarri náskyldri liststefnu, surrealismanum, sem þá kemur fyrst fram í íslenzkum skáldskap. Surrealisminn gengur að því leyti lengra en expressionisminn, að einnig er leitazt við að draga hið dulvitaða fram í dagsljósið, túlka veruleikann samkvæmt skynjun undirvitundarinnar. Venjubundin mörk milli draums og veruleika, milli ímyndunar og reyndar eru þurrkuð út. [...] Hér er bragurinn á sífelldri hreyfingu frá dýrri kveðandi til óbundinnar ræðu. Þegar á allt er litið, er Únglíngurinn í skóginum eitt hið nýstárlegasta kvæði í langri ljóðsögu íslenzkri.“ (Sjö erindi um Halldór Laxness, síður 67 til 70)

**ÚR BÓK HANNESAR:**

„Í þessu ljóði blandast expressjónismi Halldórs annarri náskyldri stefnu, súrrealismanum, sem kemur þá fyrst fram í íslenskum skáldskap. Í súrrealisma er að því leyti gengið lengra en expressjónisma, að einnig er leitast við að draga hið dulvitaða fram í dagsljósið, túlka veruleikann samkvæmt skynjunum undirvitundarinnar. Venjubundin mörk milli draums og veruleika, milli ímyndunar og reyndar, eru þurrkuð út. [...] Bragurinn er á sífelldri hreyfingu frá dýrri kveðandi til óbundinnar ræðu. „Þegar á allt er litið, er Únglíngurinn í skóginum eitt hið nýstárlegasta kvæði í langri ljóðsögu íslenskri,“ segir Óskar Halldórsson bókmenntafræðingur.“ (síður 307 til 309)

Helga bendir á að langur samhljóða kafli eftir Óskar sé ekki auðkenndur sem verk hans í bók Hannesar, þótt minnst sé á greinina. Í lok kaflans er vitnað í ummæli Óskars í beinni ræðu eins og þau séu það eina sem upp er tekið eftir honum.

**5**

**STEFAN ZWEIG, VERÖLD SEM VAR:**

„Ég man einstaka daga, þegar morgunblaðið kostaði fimmtíu þúsund mörk, en kvöldblaðið hundrað þúsund. Þeir sem þurftu að víxla útlendum peningum, urðu að gera það eftir hendinni, því klukkan fjögur hafði andvirðið margfaldazt frá klukkan þrjú, [...].

Fargjald með strætisvagni nam milljónum marka, og seðlastóflunum var ekið á vörubílum frá ríkisbankanum út í hina bankana, en rúmum mánuði síðar fundust hundraðþúsundmarkaseðlarnir í göturæsinu, betlarar höfðu fleygt þeim sem hverju öðru fánýti. Ein skóreim kostaði nú meir en skór áður [...]. Fyrir hundrað dollara mátti kaupa raðir af sex hæða húsum við Kurfürstendamm [...].“ (síða 286 í íslensku þýðingunni).

**ÚR BÓK HANNESAR:**

„Suma daga kostaði morgunblaðið fimmtíu þúsund mörk, en kvöldblaðið hundrað þúsund. Þeir, sem þurftu að skipta erlendum peningum, urðu að hafa hraðan á, því að klukkan fjögur hafði andvirðið margfaldast frá klukkan þrjú.

Fargjald með strætisvagni nam milljónum marka, og seðlastóflunum var ekið á vörubílum frá ríkisbankanum út í hina bankana, en rúmum mánuði síðar fundust hundrað þúsund marka seðlarnir í göturæsinu, því að betlararnir höfðu fleygt þeim. En skóreim kostaði meira en skór áður. Fyrir nokkur hundruð Bandaríkjadala mátti kaupa raðir af sexhæða húsum við Kurfürstendamm.“ (síður 180 til 181)

Þessa lýsingu á þjóðfélagsástandinu í Berlín upp úr 1920 telur Helga óumdeilanlegt að Hannes sæki til Stefans Zweig, eða öllu heldur til íslensku þýðingarinnar á sjálfsævisögu hans, Veröld sem var. „Engrar heimildar er getið, en í lok efnisgreinarinnar nokkru neðar er vitnað til Stefans Zweig um annað atriði sem er þar í beinni ræðu og innan gæsalappa,“ segir Helga. Í skýrslu hennar er dæmið lengra.

**6**

**ÓLAFUR RAGNARSSON, HALLDÓR LAXNESS – LÍF Í SKÁLDSKAP:**

„Ég sá fljótt að kúnstin við orgelspil í kirkjum er fólgin í því að fara bara nógu hægt. Ef ég sigldi of hratt gegnum sálmalögin missti söfnuðurinn einfaldlega af öllum nótunum. [...] Ég hafði lært nóturnar bæði á nótnabókinni og hljóðfærinu og snilldin fólst í því að tengja það tvennt saman.“ (síður 54 til 55)

**ÚR BÓK HANNESAR:**

„Dóri gerði sér fljótlega grein fyrir því, að aðalatriðið við orgelleik í kirkjum var að fara nógu hægt. Ef hann fór of hratt gegnum sálmalögin, þá missti söfnuðurinn af öllum nótunum. Honum fannst auðvelt að leika. Það var erfitt að villast á nótunum. Hann hafði lært nótur á nótnabókinni og hljóðfærinu, og vandinn fólst í því einu að tengja þetta saman.“ (síða 50)

Hér mun Hannes breyta beinni ræðu Halldórs í viðtali Ólafs í óbeina ræðu og setja fram sem eigin rannsókn. Heimildar getur hann ekki. Í skýrslu Helgu er dæmið lengra.

**7**

**ÁSGEIR BJARNÞÓRSSON, AF LÍFI OG SÁL:**

„[...] en Halldór gróf upp einhverja holu, þar sem guðspekingar nærðu sig og fékk þar fæði fyrir þrjátíu krónur. Auðvitað var þetta aðeins gras og annað grænmeti, eins og slíkir menn töldu sér hæfa. Halldór talaði við guðfræðingana um spekina af fjálgleik og vafalaust nokkurri þekkingu, svo að vakti hrifningu og aðdáun mötunautanna, að svo ungur maður skyldi gefa svo viturlegan gaum að þessari háleitu heimskenningu. En það var segin saga, að ætti Halldór tvær krónur í vasanum, fór hann beina leið inn í Himnaríki og gæddi sér á buffi [...]. Hann var ætíð spekingslegur, þegar með þurfti, dálítið skrítinn til fara eftir því sem efni leyfðu, gekk til að mynda með stóra, bláa slaufu.“ (síður 38 til 40)

**ÚR BÓK HANNESAR:**

„Hann fann matsölustað, sem guðspekingar sóttu, og var þar í fæði fyrir 30 krónur á mánuði, sem var þrem sinnum minna en venjulega þurfti að greiða. Að vísu var lítið annað þar á boðstólum en grænmeti. Á þessum stað talaði hann við guðspekingana af miklum eldmóði og einhverri þekkingu. Þeim fannst mjög til um þennan unga Íslending. En ætti Halldór tvær krónur í vasanum, fór hann beina leið inn á Café Himmerige og gæddi sér á buffi. „Hann var ætíð spekingslegur, þegar með þurfti, dálítið skrýtinn til fara, eftir því sem efni leyfðu, gekk til að mynda með stóra bláa slaufu,“ sagði Ásgeir Bjarnþórsson.“ (síða 141)

Í bók Hannesar er vitnað til frásagnar Ásgeirs Bjarnþórssonar eftir beinu ræðuna síðast og þá aðeins um tilsvarið, sem er auðkennt innan gæsalappa. Textinn sem tekinn er af blaðsíðunum á undan er hins vegar settur fram sem texti Hannesar, segir í skýrslu Helgu, en þar er dæmið lengra.

**Skýrslan Eftir hvern? er opið 270 síðna vefrit á heimasíðu Helgu Kress. Þar fer mest púður í samanburð á texta Hannesar við verk þeirra Halldórs Laxness og Peters Hallberg. Hannes vísaði almennt til verka þeirra í bókarlok, en það nægði ekki Hæstarétti. Þess má geta að Laxness og Hallberg voru báðir heiðursdoktorar við Háskóla Íslands.**

# HVERNIG FÖRUM VIÐ AÐ ÞVÍ?

**Hönnuðir okkar búa til verðmiðann fyrst.**
Hönnuðir hjá IKEA búa fyrst til verðmiðann og hanna síðan gæðavöru á lágu verði.
**Þannig förum við að því.**



\+

**Við látum framleiða mikið af öllu.**
Með því að láta framleiða fyrir okkur í stóru upplagi, fáum við góðan magnafslátt sem síðan skilar sér í veskið þitt.
**Þannig förum við að því.**



**IKEA þrjóskast við að hafa alla pakka flata.**
Húsgögnum frá IKEA er pakkað í flatar umbúðir. Það þýðir lægri lager- og flutningskostnað.
**Þannig förum við að því.**



\+

**Stundum getur verið bið eftir aðstoð.**
Allar nauðsynlegar upplýsingar eru á verðmiðanum. Lesið hann sjálf og sleppið því að borga fyrir hjálp sem þið þurfið ekki.
**Þannig förum við að því.**



**Þú sérð um að flytja vörurnar heim.**
Það er auðvelt að flytja vörurnar frá okkur heim. Þeim er pakkað í flatar umbúðir sem passa annað hvort í skottið eða á toppgrindina á bílnum. Þannig er hægt að sleppa við aukakostnað við heimsendingu á vörunum.
**Þannig förum við að því.**



\+

**Þú setur húsgögnin saman.**
Setjið húsgögnin saman sjálf í rólegheitum heima og sleppið því að greiða öðrum fyrir samsetninguna.
**Þannig förum við að því.**



© Inter IKEA Systems B.V. 2008

= **Þannig förum við að því að halda vöruverði lágu.**

IKEA®

Opið 10:00-20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

## Útgjöldin

> Hundrað lítrar af 95 oktana bensíni á þjónustustöð.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SIGRÍÐUR EYRÚN FRIÐRIKSDÓTTIR, LEIK- OG SÖNGKONA

## *Ljótir stólar og miðar á Kim Larsen*



„Verstu kaupin eru klárlega borðstofustólar sem ég keypti í Góða hirðinum um árið," segir Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, leik- og söngkona. „Þeir voru með viðbjóðslega ljótt rósótt áklæði sem ég ætlaði alltaf að skipta um en það varð ekkert úr því sökum anna. Eitt sinn gerðist það að ég týndi húslyklunum mínum í rúma viku og var alveg að missa vitið. Þá settist ég á einn borðstofustólinn og viti menn: þar voru lyklarnir. Áklæðið var svo rósótt að að lyklarnir runnu saman við bakgrunninn. Eftir það ákvað ég að skila stólunum aftur í Góða hirðinn."

Það kemur margt til greina sem bestu kaupin, til dæmis íbúðin mín eða tölvan. En ég held að ekkert slái við miðunum á tónleika Kim Larsen í nóvember sem ég og bræður mínir gáfum mömmu í afmælisgjöf. Hún ELSKAR Kim Larsen. Mamma var hæstánægð með karlinn, enda hefur hún verið að syngja „livet er langt, lykken er kort" með ryksuguna á lofti síðan ég man eftir mér. Nytjahlutir eru góðir til síns brúks en jafnast auðvitað ekki á við það að gleðja móður sína.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### VÍNSLETTAN ÚR SKYRTUNNI

■ *Það er alltaf kostur að mæta smekklegur til fara á fundi, eins og Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, þekkir.*



Gísli S. Einarsson hefur húsráð undir rifi hverju. „Til dæmis ef einhver lendir í þeirri ógæfu að sletta rauðvíni á hvítu skyrtuna sína þá má hæglega strá salti á blettinn strax á eftir, leggja skyrtuna í kalt vatn og nudda vel. Þá verður skyrtan svo hvít sem áður að það má jafnvel fara í henni á bæjarstjórnarfund."






**KOSTAR KJÚKLINGABÆNDUR** Fóðurkostnaður er mun hærri útgjaldaliður hjá svína- og kjúklingabændum en kúa- og sauðfjárbændum.

# Bitnar helst á kjúklinga- og svínabændum

**Verðhækkun á kjarnfóðri bitnar helst á svína- og kjúklingabændum. Að óbreyttu er óhjákvæmilegt að hærri fóðurkostnaður skili sér í verðlagi til neytenda, segja svína- og kjúklingabændur. Kúabændur halda sjó fram að áramótum en sauðfjárbændur sleppa með skrekkinn.**

Verð á öllu fóðri frá Fóðurblöndunni hækkar um 12 til 21 prósent í dag. Verðhækkanir á kjarnfóðri koma verst niður á kjúklinga- og svínabændum, þar sem fóður er mun stærri kostnaðarliður hjá þeim en kúa- og sauðfjárbændum.

„Í okkar tilviki er fóðurkostnaður langstærsti útgjaldaliðurinn," segir Ingvi Stefánsson, formaður Svínaræktarfélags Íslands. Hann segir fóðurkostnað hafa tvöfaldast á undanförnum tveimur árum. „Undir venjulegum kringumstæðum er fóðurkostnaður um helmingur af útgjöldum. Þegar verðið rýkur svona upp verður fóðrið enn stærri hluti af rekstrarkostnaði."

Ingvi segir að framleiðslukostnaður sé á mikilli uppleið víðast hvar í heiminum. Erfiðara sé að segja til um hvað áhrif hærra fóðurverð hafi á afurðaverð. „Á markaði hafa aðrar breytur áhrif, til dæmis framboð og eftirspurn. En til lengri tíma litið hlýtur þetta að hafa áhrif á verðlagið, annað gengur ekki upp." Ingvi segir að sama þróun hafi átt sér stað annars staðar í Evrópu og þar hafi verð á svínakjöti hækkað á undanförnum vikum. „Þessi þróun er á alþjóðavísu og við Íslendingar erum ekki undanskildir því."



**INGVI STEFÁNSSON** Verð á svínakjöti fer hækkandi í Evrópu.

Hildur Traustadóttir, framkvæmdastjóri Félags kjúklingabænda, segir ljóst að hækkun á fóðri muni hafa í för með sér aukinn kostnað sem kjúklingabændur geti ekki borið. „Ef ekki verður spornað við þessari hækkun hlýtur það að skila sér í verðlagið. Þannig gerist þetta." Hildur bendir á að það sé ekki aðeins fóður sem sé að hækka, aksturskostnaður hafi einnig hækkað mikið, vextir, lyf hafi hækkað sem og laun. „Allt telur þetta til." Hildur segir ekki hægt að spá fyrir um hvenær hærra fóðurverð skili sér í verði til neytenda, enda séu kjúklingabændur í innbyrðissamkeppni, en að óbreyttu sé óhjávæmilegt að það muni gerast.

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúbænda, býst ekki við frekari hækkunum af þeirra hálfu á þessu ári. „Það er nýbúið að hækka mjólkurverð og ég geri ekki ráð fyrir að það verði breytingar það sem eftir lifir árs. En ef gengið styrkist ekki þurfa bændur að bera kostnað og það kemur að því að það fer í verðlagið. Það verður væntanlega ekki fyrr en um næstu áramót í fyrsta lagi og það gæti gerst mikið í millitíðinni. Ef krónan styrkist væntum við að kjarnfóðrið lækki aftur."

Jóhannes Sigfússon, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir kjarnfóður lítið notað í sauðfjárrækt. Hærra verð á kjarnfóðri muni því ekki valda búsifjum í greininni eða hafa áhrif á afurðaverð.

bergsteinn@frettabladid.is

## Afborganir erlendra lána

# Hafa hækkað snögglega

Afborganir á svokölluðum myntkörfulánum, sem algengt er að séu veitt til bifreiðakaupa, hafa hækkað mikið að undanförnu vegna veikingar krónunnar. Stóru bankarnir þrír, Kaupþing, Landsbankinn og Glitnir, hafa allir dregið stórlega úr lánum í erlendri mynt og því er mun erfiðara fyrir viðskiptavini að fá lán í þeim gjaldmiðlum.

Minni lánastofnanir lána þó enn til bílakaupa í erlendum gjaldmiðli. Í meðfylgjandi töflu sést hvernig afborganir hafa breyst á fjórum tegundum lána sem algeng eru.

**DÆMIGERÐ MYNTKÖRFUBÍLALÁN**

| Gjalddagi | 05. mars 2008 | 05. apríl 2008 |
|---|---|---|
| Hlutfall mynta | | |
| Króna (50%) Evra (20%) Dollari (15%) Jen (10%) Frankar (5%) | 16.176,26 kr. | 17.909,00 kr. |
| Jen (50%) Frankar (50%) | 15.460,58 kr. | 18.487,00 kr. |
| Evra (40%) Dollari ( 30%) Frankar (10%) Jen ( 20%) | 15.931,30 kr. | 19.029,00 kr. |
| Krónur (100%) | 16.900,49 kr. | 17.115,78 kr. |
| Höfuðstóll 1.000.000 kr. | | |
| Innborgun 250.000 kr. | | |
| Fjöldi mánaða 60 | | |

## Könnun á stafrænum myndavélum

# Nikon og Canon koma vel út




Samkvæmt könnun sem birtist í Neytendablaðinu er Nikon D80 Kit DX 18-70mm besta stafræna myndavélin með skiptanlegum linsum sem fæst hér á landi. Vélin fékk 3,8 af 5,5 mögulegum í einkunn, en hún kostar um 80 þúsund krónur hér á landi. Besta vélin með fasta linsu sem fæst hér á landi telst vera Canon Powershot SX 110 IS samkvæmt sömu könnun. Hún fékk 3,8 af 5,5 í einkunn og kostar hér ríflega 33 þúsund krónur. Þá var Canon PowerShot S5 3,7 talin fjölhæfasta vélin. Sú fékk 3,7 í heildargæðaeinkunn og fæst hér á um 50 þúsund krónur.

## Vextir á íbúðalánum

# Hattalánin hækka um eitt prósentustig

Vextir á svokölluðum hattalánum, sem sparisjóðirnir og Íbúðalánasjóður bjóða upp á sameiginlega, hafa hækkað um eitt prósentustig.

Vextir af lánum með uppgreiðsluþóknun hækka úr 7,1 prósenti í 8,1 prósent og vextir á lánum án uppgreiðsluþóknunar hækka úr 7,4 prósentum í 8,4 prósent. Einungis ein vika er síðan vextir á lánunum voru hækkaðir úr 6,85 í 7,1 prósent á lánum með uppgreiðsluþóknun og úr 7,15 í 7,4 á lánum án uppgreiðsluþóknunar.

Hattalánin eru lán sem geta komið sem viðbót við hámarkslán Íbúðalánasjóðs, sem er átján milljónir króna. Hámarks hattalán er 9,1 milljón króna.








TIL HAMINGJU MEÐ ORKUVER 6 Í SVARTSENGI!







Orkuver 6 í Svartsengi er 30 MW gufuaflsvirkjun. Gufan er fengin úr þremur háþrýstum þurrgufuholum og er inntaksþrýstingur hverfils 15 bar. Eimsvali og hjálparkerfi eru vatnskæld með hringrásarvatni frá kæliturni um 2.000 l/sek. Byggingar virkjunarinnar eru samtals 5.600 m². Hönnun virkjunarinnar hófst í janúar 2006, framkvæmdir hófust í maí sama ár og gangsetning orkuversins var í desember 2007.

**Í tilefni af vígslu Orkuvers 6 í Svartsengi óskum við Hitaveitu Suðurnesja og öllum starfsmönnum fyrirtækisins til hamingju með merkan áfanga.**

Verkfræðingar og arkitektar Orkuvers 6 í Svartsengi

FJARHITUN VERKFRÆÐISTOFA | VTR verkfræðingar ehf | VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA | Landark ehf | OG ARKITEKTASTOFAN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.185 **+2,85%**

**Fjöldi viðskipta:** 840
**Velta:** 10.048 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EXISTA** | +6,03% | **SKIPTI** | -0,79% |
| **EIK BANKI** | +5,68% | **ÖSSUR** | -0,75% |
| **SPRON** | +5,15% | **FØROYA BANKI** | -0,67% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,43 +0,41% ... Bakkavör 43,30 +4,34% ... Eimskipafélagið 22,90 +3,39% ... Exista 11,08 +6,03% ... FL Group 6,56 +3,47% ... Glitnir 17,60 +2,33% ... Icelandair 24,55 +0,20% ... Kaupþing 827,00 +3,12% ... Landsbankinn 30,20 +2,37% ... Marel 91,80 +0,00% ... SPRON 4,49 +5,15% ... Straumur-Burðarás 12,02 +2,56% ... Teymi 4,30 +0,70% ... Össur 92,50 -0,75%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*



### Sænsk forysta atvinnulífs?

Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár-Almennra trygginga, býður sig sem kunnugt er fram til formennsku hjá Samtökum atvinnulífsins, en kosið verður á aðalfundi samtakanna föstudaginn 18. apríl næstkomandi. Gárungar spyrja sig hins vegar hvort ekki sé komin upp ný staða í formannskjörinu í ljósi þess að Sjóvá verður með öðrum eigum Milestone skráð dótturfélag sænska fjármálafyrirtækisins Invik. Velta þeir hinir sömu gárungar fyrir sér hvort forstjóri í „sænsku félagi“ eigi eitthvað með að veita forystu samtökum atvinnulífs á Íslandi.

### Ekkert fannst í búi BM ráðgjafar

Ekkert fékkst upp í kröfur í tæplega 446 milljóna króna gjaldþroti BM ráðgjafar ehf. Skiptum á búinu lauk 19. mars síðastliðinn, en fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta í apríllok í fyrra, að því er lesa má í Lögbirtingarblaðinu. Fyrirtækið (BM stendur fyrir bein markaðssetning) var samkvæmt heimildum blaðsins mjög skuldsett, en launakröfur námu ekki nema um 15 prósentum af heildarkröfum, eða tæpum sjötíu milljónum króna. Kröfuhafar eru þó misbrenndir, en Landsbankinn mun hafa átt þarna háar fjárhæðir, en slapp með skrekkinn, eftir að hafa selt þær kröfur. Kaupandinn er víst ekki jafnglaður og er sagður hugsa sinn gang.

## Metlækkun CDS

Metlækkun var innan dags á skuldatryggingarálagi (CDS) á íslensku bankana, að því er Vegvísir Landsbankans greinir frá.

Álag á Kaupþing og Glitni stendur í 900 punktum. Kaupþing lækkaði um 86 punkta og Glitnir um 102 punkta. Mest lækkaði Landsbankinn, um 144 punkta, og stendur álag á skuldabréf hans í 700 punktum.

„Þessi mikla lækkun álagsins kom nokkuð á óvart í ljósi tilkynningar matsfyrirtækjanna S&P og Fitch Ratings í gær um breyttar horfur fyrir lánshæfismat íslenska ríkisins, íslensku viðskiptabankanna, Íbúðalánasjóð og Landsvirkjun,“ segir Landsbankinn og veltir fyrir sér hvort komið sé að vendipunkti í umræðum um íslensku bankana, en telur það þó óvíst. - óká

# Funduðu í febrúar



JÜRGEN STARK

Bankastjórn Seðlabankans ræddi við fulltrúa bankastjórnar evrópska seðlabankans, þegar um miðjan febrúar.

Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson, bankastjórar Seðlabankans, hittu þá að máli Jürgen Stark, sem situr í bankastjórn evrópska seðlabankans, í húsakynnum Seðlabankans. Stark var þá staddur hér á landi, en hann ávarpaði Viðskiptaþing.

Samkvæmt heimildum blaðsins átti Stark um klukkustundar langan fund með bankastjórunum. Hermt er að viðræðurnar hafi verið áhugaverðar. Seðlabankinn tjáir sig ekki um efni þeirra.

Fram kom í Markaðnum í gær að nú standa viðræður við Seðlabanka Evrópu og hugsanlega fleiri seðlabanka um gjaldeyrisskiptasamninga eða aðrar leiðir til að tryggja aðgengi Seðlabankans að fé. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans sagðist í Markaðnum vonast til þess að tilkynnt yrði um aðgerðir bankans í vikunni. Hugsanlegt er að það verði ekki gert fyrr en á vaxtaákvörðunarfundi 10. apríl.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á ársfundi Seðlabankans á föstudag, að bankinn hefði til skoðunar að ræða við seðlabanka á starfssvæðum íslensku bankanna; þeir starfa á Norðurlöndum, í Bretlandi og á evrusvæðinu. Hann sagði í viðtali við Financial Times í gær að Ísland sé reiðubúið til að beita beinum aðgerðum gegn vogunarsjóðum sem taldir eru standa fyrir árásum á fjármálakerfi landsins. Hann tjáir sig þó ekki um hvers konar aðgerðir yrði um að ræða. - ikh

# Landið ekki að bráðna



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

„Ég hef lengi og oft skrifað um Ísland fyrir Wall Street Journal,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði og bankaráðsmaður Seðlabanka Íslands. Hannes skrifaði grein um íslensk efnahagsmál sem birtist á síðum blaðsins í gær.

„Ég nefndi við þá um daginn að margir misskildu ástandið hér og skrifaði grein fyrir blaðið,“ segir Hannes.

Í greininni vísar hann því á bug að íslenska hagkerfið sé að bráðna. Viðskiptahallinn hafi vissulega verið 16 prósent af þjóðarframleiðslu í fyrra. Hann hafi hins vegar lækkað hratt á milli ára og numið 25 prósentum árið á undan. Megnið af skuldunum komi úr ranni einkageirans og bankanna, að hans sögn.

Þá segir Hannes mikla breytingu hafa orðið á íslensku efnahagslífi síðastliðin sextán ár. Stærstu breytingarnar hafi orðið með tilkomu kvótakerfisins og einkavæðingu bankanna sem hafi blásið lífi í dautt fé, eignir sem hafi verið næsta verðlausar í höndum ríkis og einstaklinga á árum áður. „Svo er ríkissjóður gott sem skuldlaus og það skiptir miklu máli,“ segir Hannes. - jab

# Ísland nefnt á fundinum

Þingmaður í efnahagsmálanefnd vísaði til sögusagna um skortstöður vogunarsjóða á Íslandi í fyrirspurn til Bens Bernanke, seðlabankastjóra Bandaríkjanna, í gær. Spurningin var hvort herða þyrfti reglur um slíka sjóði.

Fundur Bernankes með nefndinni var sá fyrsti síðan seðlabankinn hóf að forða fjárfestingarbankanum Bear Stearns frá gjaldþroti fyrir um hálfum mánuði, en hann fundar reglulega með nefndinni til að ræða horfur í efnahagsmálum.

Bernanke sagði starfsreglur vogunarsjóða á forræði Fjármálaeftirlits Bandaríkjanna, en kvað bankann hafa kynnt sér fjárhagslegan styrk sjóðanna, með tilliti til hvort mögulegar hrakfarir þeirra gætu ógnað fjármálastöðugleika. Sjóðina sagði hann standa furðu vel.

Bernanki varaði annars við að hagvöxtur kynni að verða lítill í Bandaríkjunum fyrstu sex mánuði ársins. Jafnvel mætti ekki útiloka örlítinn samdrátt. - óká/jab

Ertu að leita þér að aukavinnu?
Hive
SKO

# Askar Capital með hjáleið í stærri erlend lán

**Askar Capital hafa milligöngu um lán til sveitarfélaga og fyrirtækja frá erlendum bönkum. Bankinn varð Hafnarfjarðarbæ úti um erlent lán með 75 punkta skuldatryggingarálagi, sem er margfalt minna álag en á skuldabréf bæði ríkis og stóru bankanna. Ásókn í erlend lán eftir þessum leiðum fer vaxandi þar sem stóru viðskiptabankarnir eru tregir til að lána í erlendri mynt.**



**ASKAR KYNNTIR** Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Aska Capital, á kynningu á bankanum þegar hann var nýlega stofnaður. Askar sjá tækifæri í auknum beinum lántökum opinberra aðila hjá erlendum bönkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aukin ásókn er í að fjárfestingarbankinn Askar Capital hafi milligöngu um lán í erlendri mynt hjá útlenskum bönkum. Þórður Jónasson, framkvæmdastjóri fjármögnunarráðgjafar hjá bankanum, segir um nýjung að ræða, sem fyrst og fremst skýrist af því að stóru viðkiptabankarnir hér hafi „verðlagt sig út af markaðnum“ þegar kemur að lánum í erlendri mynt.



ÞÓRÐUR JÓNASSON

Í vikunni var greint frá láni upp á 25 milljónir evra (um 2,9 milljarðar króna) til þriggja ára sem Hafnarfjarðarbær tók að láni hjá erlendum banka fyrir milligöngu Aska. Askar Capital báðu átta erlenda banka á Evrópumarkaði að bjóða í lánið og varð nokkur samkeppni á milli þeirra.

Samkvæmt heimildum blaðsins eru kjörin mun betri en þau sem íslenskum bönkum og raunar ríkinu eru sögð standa til boða á bankamörkuðum um þessar mundir, eða 75 punktum yfir millibankavöxtum. Til samanburðar má nefna að á sama tíma er skuldatryggingarálag um 300 punktar á útgáfu ríkissjóðs og nálægt 1.000 punktum á skuldabréf Kaupþings.

Þórður segir bankann bjóða upp á milligöngu sem þessa fyrir fyrirtæki jafnt og opinbera aðila, en Askar sáu um verkefnastjórn, samninga og lögfræðiþjónustu í lántöku Hafnarfjarðar, auk þess að sjá um gjaldeyrisvarnir sem miði að því að hámarka virði lánsins í íslenskum krónum. „Þetta er bara þjónusta sem við bjóðum upp, en má segja að henti ekki fyrir hvern sem er, heldur þarf þar að vera um að ræða fyrirtæki sem nýtur trausts, á sér góða sögu og tekur nægilega stórt lán til að standi undir umstanginu sem því fylgir að taka lán hjá erlendum banka,“ segir Þórður, en bætir um leið við að á meðan núverandi ástand ríki þar sem segja megi að íslenskir bankar séu í ónáð á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, sé ekki óeðlilegt að fyrirtæki og sveitarfélög sem á annað borð hafi aðgang að erlendum lánum og bönkum halli sér í auknum mæli í þá átt. „Svo eru kjörin sem Hafnarfjörður fær líka ekki neinu samræmi við ástandið og umtalið sem er á mörkuðum, heldur fremur eins og fyrir kreppu.“

Þórður segir að frá því Askar fóru af stað hafi þar markvisst verið byggð upp tengsl við erlenda banka. „Við erum því komin í þá stöðu að þegar inn kemur svona beiðni þá vitum við hvert við eigum að leita,“ segir hann, en bankinn vinnur nú að lántökum fyrir nokkra aðra opinbera aðila. olikr@frettabladid.is

# Sinna ekki eigin fundarboði

**Reykjavíkurborg hefur ekki fundið stund til fundar með Samkeppniseftirlitinu.**

„Slíkur fundur hefur ekki komist á,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Þar vísar hann til þess að 3. desember síðastliðinn, fyrir tæpum fjórum mánuðum, svaraði Samkeppniseftirlitið erindi borgaryfirvalda og lýsti sig þar reiðubúið til þess að ræða samkeppnissjónarmið við skipulag og úthlutun lóða í borginni.



**10-11 Í VESTURBÆNUM** Keppinautur gagnrýnir að eingöngu Hagar og Kaupás virðist fá lóðir undir verslanir í höfuðborginni.

Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, hefur gagnrýnt að fyrirtækið hafi ekki fengið úthlutað lóð undir verslun í Reykjavík, þrátt fyrir margar beiðnir þar um. Sturla fullyrðir að keppinautar sínir, Hagar og Kaupás, hafi einir setið að lóðum og spyr hvort borgaryfirvöld þurfi ekki að huga að samkeppnismálum við lóðaúthlutun. „Til að mynda höfum við aldrei fengið úthlutað lóð í nýjum hverfum. Þar komast hins vegar keppinautarnir að,“ segir Sturla.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 15. nóvember að kanna hvernig staðinn verði vörður um samkeppnissjónarmið við skipulag og úthlutun lóða.

Í greinargerð með tillögunni sagði þáverandi meirihluti að samkeppnissjónarmið þyrfti að hafa til hliðsjónar við lóðaúthlutanir til bensínstöðva, byggingavöru- og matvöruverslana. Jafnframt væri ljóst að eigendaskipti og samruni fyrirtækja geti kippt fótunum undan grundvelli slíkra úthlutana. Því væri brýnt að kortleggja hvaða leiðir borgin hafi til að fylgja samkeppnissjónarmiðum eftir við skipulag og lóðaúthlutanir.

Þá átti að leita eftir afstöðu Samkeppniseftirlitsins í þessum efnum.

Í framhaldinu sendir Dagur B. Eggertsson, þáverandi borgarstjóri, erindi til Samkeppniseftirlitsins. Því var svarað 3. desember og lýsti Samkeppniseftirlitið því að það væri reiðubúið að kynna sín sjónarmið.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjóra á skrifstofu borgarstjóra er áhugi á málinu hjá borgaryfirvöldum og verður reynt að finna fundartíma við fyrsta tækifæri. - ikh

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS




## Sveitabjúgu, söluhæstu bjúgun í Bónus

KF sveitabjúgu
**Aðeins 299 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.




## Kryddaður ferskur Bónus kjúklingur

Ferskir kryddaðir Bónus kjúklingabitar
**385 kr./kg.** MERKT VERÐ 549 KR./KG.




KS frosin lambasvið
**199 kr./kg./kg.**
MERKT VERÐ 398 KR./KG.




Chicago TakeAway pizzurnar
**598 kr./stk.**




KS frosinn lambabógur
**489 kr./kg.**
MERKT VERÐ 699 KR./KG.




GLK frosnir ýsubitar.
Roð og beinlausir **798 kr./kg.**




Búhnykkur ýsubitar
Roð og beinlausir **595 kr./kg.**




KF reykt folaldakjöt m/beini
**383 kr./kg.**
MERKT VERÐ 637 KR./KG.




Egils orka í áli 250 ml.
**49 kr. flaskan.**




Kelloggs kornfleks 1 kg
**379 kr. kassinn.**




KF saltað folaldakjöt m/beini
**383 kr./kg.**
MERKT VERÐ 637 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rannsókn á einu nauðgunarmáli tók nærri þrjú ár.

## Saksóknari setur lögreglu tímamörk

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Ríkislögreglustjóri hefur sett lögreglu tímamörk um rannsókn nauðgunarmála. Þessi fyrirmæli ríkislögreglustjóra koma því miður ekki til af góðu. Rannsóknartími nauðgunarmála er óheyrilega langur og hefur lengst ár frá ári milli áranna 1998 og 2006.

Á árinu 1998 var meðferðartími nauðgunarmála að meðaltali 96 dagar, eða rúmir þrír mánuðir, en var árið 2006 orðinn 210 dagar eða sjö mánuðir. Lengst tók meðferð nauðgunarmáls á þessu árabili 1.050 daga eða nærri þrjú ár. Meðferðartími er sá tími sem líður frá því að kæra er lögð fram eða upplýst er hver kærður verður, þar til málið er sent ríkissaksóknara að rannsókn lokinni.

Samkvæmt nýjum fyrirmælum frá Valtý Sigurðssyni ríkissaksóknara skal rannsókn á nauðgunarmáli framvegis ekki standa lengur en sextíu daga, eða tvo mánuði, nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar alveg sérstakar ástæður standi í vegi fyrir því að hægt sé að ljúka rannsókn.

*Vonandi verður stytting rannsóknartíma lögreglu á nauðgunarmálum til þess að bæta að einhverju leyti úr stöðu fórnarlamba þessa andstyggðarglæps sem nauðgun er.*

Ríkissaksóknari gefur svo sínu embætti þrjátíu daga, eða einn mánuð, til að taka ákvörðun um saksókn eftir að mál berst honum. Þetta þýðir að ekki eiga að líða meira en níutíu dagar, eða þrír mánuðir, frá því að kært er í nauðgunarmáli þar til fyrir liggur hvort ákært verður í málinu eða ekki.

Starfshópur ríkissaksóknara sem hefur kannað meðferð nauðgunarmála komst að því að algengasta ástæða þess að rannsókn nauðgunarmáls dregst á langinn sé að óútskýrð hlé verða á rannsókninni. Þetta er vitaskuld ólíðandi og vonandi munu hin nýju fyrirmæli ríkissaksóknara í framtíðinni koma í veg fyrir slíkt uppihald í rannsókn svo viðkvæmra mála eins og nauðgunarmál eru.

Andlegar kvalir fórnarlamba nauðgunar eru slíkar að enginn getur líklega ímyndað sér þær sem ekki hefur reynt. Það er yfrið fyrir þær, því fórnarlömb nauðgana eru í langflestum tilvikum konur, að fást við þær raunir og uppbyggingu í kjölfar áfallsins þó að ekki bætist við fáránlega langur rannsóknartími mála þeirra.

Fyrirmæli ríkissaksóknara voru afar brýn og þeim ber að fagna. Vitað er að aðeins lítill hluti þeirra nauðgunarmála sem kærð eru endar með ákæru og að lágt hlutfall þeirra nauðgunarmála sem ákært er í endar með dómi. Þá er ótalið að ekki eru nándar nærri allar nauðganir kærðar til lögreglu.

Leið fórnarlamba nauðgunar um vegi lögreglurannsóknar og dómstóla er grýtt. Vonandi verður stytting rannsóknartíma lögreglu á nauðgunarmálum til þess að bæta að einhverju leyti úr stöðu fórnarlamba þessa andstyggðarglæps sem nauðgun er.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: **585 8300 / 585 8330** eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

pósthúsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stór skúffa

Jeppakallar og vörubílstjórar þeyttu horn sín fyrir utan Alþingi í fyrradag og mótmæltu háu eldsneytisverði. Auk undirskriftalista afhentur þeir Sturlu Böðvarssyni, forseta Alþingis, jeppadekk sem kröfur um verðlækkanir höfðu verið málaðar á. Gáfu jeppakarlarnir Sturlu þá skýringu að dekkinu gæti hann trauðla stungið ofan í skúffu. Sturla lét sér hvergi bregða, brosti góðlátlega og sagði kokhraustur: „Ég á stóra skúffu."



### Orð að sönnu

Það eru víst orð að sönnu. Jeppadekk er að minnsta kosti smáræði miðað við Grímseyjarferjuna, sem var stungið langt ofan í skúffu í ráðherratíð Sturlu. Og í skúffunni væri hún sjálfsagt enn hefði arftaki Sturlu í samgönguráðuneytinu ekki slysast til að opna hana.

### Hvað má og hvað má ekki

Vefritinu Kistunni heldur áfram að berast viðbrögð frá háskólamönnum við dómi Hæstaréttar yfir Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni fyrir ritstuld. Allir hafa lýst sig sammála dómnum. Gísli Gunnarsson, nýsleginn fyrrverandi prófessor í sagnfræði og vinstri róttæklingur, tekur reyndar ekki skorinorðari afstöðu en að hann voni að dómurinn skapi „mikilvæg fordæmi í íslensku réttarfari og vonandi einnig fræðasamfélagi hvað má og má ekki í tengslum við notkun á heimildum og notkunarleysi á tilvísunum". Hannes á hins vegar hauk í horni í Gísla, sem leggst einn svarenda gegn því að háskólarektor bregðist við í málinu. „Mér hugnast ekki að veita valdhöfum of mikið rými til að úrskurða um einstaklinga án sérstaks dóms, ég dreg í efa að rektor eigi að dæma í þessu máli," segir Gísli.



bergsteinn@frettbladid.is

# Rjúkandi ráð



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Glæpagengi?

Sumir halda, að gengisfall krónunnar frá áramótum muni ganga til baka, kannski alla leið. Í þeirri trú felst sú skoðun, að gengið hafi verið rétt, þegar dollarinn kostaði 60 krónur seint í fyrra og evran kostaði 90 krónur. Sumir töldu einnig, að gengið væri rétt, þegar evran kostaði 80 krónur og danska krónan kostaði tíkall. Rök þeirra voru þau, að gengi krónunnar ræðst nú á frjálsum markaði. Hátt markaðsgengi var í þeirra augum staðfesting á styrk íslenzks atvinnulífs í krafti ýmislegra umbóta, sem hafa gerbreytt ásjónu og umgerð efnahagslífsins síðan 1990.

Ef talsmenn hágengisins voru minntir á, að hátt gengi stafaði öðrum þræði af hverfulu innstreymi erlends lánsfjár, sögðu þeir, að lánsfénu hefði að mestu leyti verið varið til arðbærrar eignamyndunar og arðurinn dygði til að standa skil á skuldunum. Sumir sögðu, að erlendar eignir Íslendinga séu vanmetnar í opinberum tölum, þótt Seðlabankinn fylgi viðteknum erlendum stöðlum við uppgjör erlendra eigna og skulda. Þegar hágengismönnum var bent á, að skráð landsframleiðsla á mann á Íslandi í dollurum var í fyrra orðin helmingi meiri en framleiðsla á mann í Bandaríkjunum, var því svarað til, að verðlag sé hærra hér en þar og kaupmáttur tekna á mann hér heima sé eftir sem áður fimmtungi minni en þar vestra.

Þegar þeim var bent á, að skammtímaskuldir bankakerfisins væru orðnar fyrst fimm, síðan tíu, nú fimmtán sinnum meiri en gjaldeyrisforði Seðlabankans og byðu því bersýnilega heim hættunni á áhlaupi á krónuna líkt og gerðist í Taílandi og víðar í Asíu fyrir áratug, var viðkvæðið: Ísland er ekki þróunarland. Gjaldeyrismarkaðurinn geigar ekki, sögðu þeir: gengið er rétt.

### Gengisbjögun á gömlum merg

Gengi krónunnar var of hátt, þegar dollarinn kostaði 60 krónur og evran kostaði 90 krónur. Gengið hefur áratugum saman verið of hátt. Um það má hafa margt til marks. Útflutningur hefur staðið í stað sem hlutfall af landsframleiðslu frá 1870. Aukning erlendra viðskipta umfram innlenda framleiðslu hefur verið reglan í krafti síaukins viðskiptafrelsis um heiminn, einkum eftir 1945. Í hópi iðnríkjanna er Ísland eina undantekningin frá þessari reglu.

Við köstuðum innilokunarstefnu fyrri tíðar fyrir róða, en ýmsir innviðir efnahagslífsins torvelda samt sem áður erlend viðskipti. Þrennt skiptir mestu. Í fyrsta lagi hefur meiri verðbólga hér en í flestum viðskiptalöndum okkar stuðlað að háu gengi. Verðbólga eykur innlendan kostnað og minnkar hagnað útflutningsfyrirtækja líkt og gengishækkun myndi draga úr tekjum þeirra og hagnaði. Verðbólgulönd eru nær ævinlega hágengislönd. Í annan stað vitnar mikill og landlægur viðskiptahalli nær alltaf um of hátt gengi. Hágengið er notað til að hamla verðbólgu og birtist í upphleðslu erlendra skulda til að fjármagna falskan kaupmátt. Í þriðja lagi dregur búverndarstefnan úr eftirspurn eftir innfluttum afurðum – innflutningur búsafurða er ennþá svo gott sem bannaður með lögum! – og þá um leið úr eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Verðið á gjaldeyri er því lægra en ella: það þýðir hærra gengi. Haftalönd eru oftast hágengislönd. Stuðningur ríkisins við sjávarútveginn – fyrst með bátagjaldeyri, síðan með niðurgreiddum vöxtum og nú með ókeypis afhendingu aflakvóta – hefur með líku lagi stuðlað að of háu gengi. Verðbólga, viðskiptahalli og verndarstefna hafa lagzt á sömu sveif. Allar þessar ástæður samrýmast frjálsri gengismyndun á gjaldeyrismarkaði. Gengið var of hátt og þurfti að lækka.

### Skjaldborg um hágengi

Hátt gengi reisir jafnan skjaldborg um sjálft sig. Margir launþegar telja sig hafa hag af háu gengi: þeim hugnast ekki kjaraskerðingin af völdum lægra gengis til skamms tíma litið og skeyta ekki nóg um haginn, sem þeir munu hafa með tímanum af aukinni grósku í erlendum viðskiptum. Stjórnvöld sjá sér einnig stundarhag í háu gengi: þeim hugnast ekki að viðurkenna, að kaupmátturinn, sem þau höfðu þakkað góðri hagstjórn, var falskur. Þeim hugnast ekki heldur, að skráð landsframleiðsla á mann í dollurum minnkar í réttu hlutfalli við gengisfall.

Gegn þessum sjónarmiðum standa þeir sem telja eflingu utanríkisviðskipta vera mikilvægan aflvaka hagvaxtar fram í tímann, og skilja nauðsyn þess, að gengi krónunnar sé rétt skráð, áður en Ísland gengur í ESB og tekur upp evru. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn ættu að fagna síðbúinni leiðréttingu á gamalgróinni gengisbjögun og leggja til umbætur til að festa hana í sessi frekar en að berjast gegn henni og veifa samsæriskenningum um erlent árásarlið spákaupmanna. Málflutningur formanns bankastjórnar Seðlabankans vitnar um vankunnáttu og veikir bankann.

# Málum okkur ekki út í horn

**UMRÆÐAN**

Evrópumál



ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Það háir umfjöllun um Evrópumál hér á landi að nokkrir af helstu álitsgjöfum og sérfræðingum um Evrópumál hafa það að atvinnu sinni að rannsaka Evrópumál og það að áhugamáli að vinna þeirri skoðun fylgis að Ísland eigi að sækja um aðild. Þeir bæði lýsa leiknum og taka þátt í honum.

Nú þegar nokkrar viðsjár eru í efnahagsmálum og óróa gætir á mörkuðum er ekki skrýtið að margir leiti að lausnum sem bægja muni aðsteðjandi vanda frá. Aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum eru þó með þeim hætti að fjölmörg hagkerfi og stórfyrirtæki glíma við sambærileg viðfangsefni og eru þó hlutar af stærri myntsvæðum. Hér er um að ræða skammvinna sveiflu á mörkuðum þar sem óvissa er óvenjulega mikil. Slíkar aðstæður eru engan veginn heppilegar til þess að taka afdrífaríkar og óafturkræfar ákvarðanir um þá grundvallarskipan sem íslenskt samfélag er reist á.

Evrópusambandssinnar vilja sumir nýta núverandi aðstæður til þess að vinna áhugamáli sínu stuðning. Þeir gráta það krókódílatárum ef Íslendingum finnst þeir nauðugir þurfa að sætta sig við inngöngu í Evrópusambandið á grundvelli tímabundinna aðstæðna. Þar er þeirra helsta vopn sú kenning að eina leiðin til þess að Ísland geti tekið upp evru sé að ganga inn í Evrópusambandið. Þetta er ekki sjálfgefið.

Samband ungra sjálfstæðismanna ályktaði um það á þingi sínu síðasta haust að taka þyrfti til skoðunar stöðu íslenska gjaldmiðilsins. Þar kom einnig fram sú afstaða að heppilegasta leiðin fyrir Ísland væri að óska eftir því að taka upp evru á grundvelli samningsins um EES. Þessi leið hefur lítt verið könnuð, og engu skiptir þótt Evrópusambandssinnar á Íslandi eða embættismenn í Brussel lýsi yfir efasemdum. Slík ákvörðun yrði tekin af stjórnmálamönnum og í þeirri leið kynni að felast margvíslegt hagræði; bæði fyrir Ísland og Evrópusambandið. Þeir sem vilja tala af ábyrgð um framtíðarmöguleika og stöðu Íslands verða að gæta þess í málflutningi sínum að mála sig ekki út í horn með því að útiloka hagfellda kosti.

*Höfundur er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.*


25%
AFSLÁTTUR
AF DESIGNA FATASKÁPUM
OG RENNIHURÐUM
TIL 13. APRÍL
DESIGNA®
Fataskápar og rennihurðir frá Designa er dönsk marg-verðlaunuð gæðahönnun.
Mikið úrval og sniðugar lausnir bjóða upp á fjölda möguleika bæði í útliti og efnisvali.
EGG býður nú 25% afslátt af Designa fataskápum og rennihurðum ásamt öllum aukahlutum.
Athugið að tilboðið stendur aðeins til 13. apríl.
Allt á sinn stað!
Úrval sniðugra aukahluta sem þú raðar saman eftir þörfum.
Innréttingar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Hönnunarsetur
EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT
EGG
SMÁRATORGI
EGG Smáratorgi Sími 525 3400 www.egg.is egg@egg.is Opið virka daga 10 - 18 Laugardaga 11 - 18 Sunnudaga 12 - 17

# Borgarstjóri á villigötum

**UMRÆÐAN**
Borgarmál


ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Ekki hefur farið framhjá mörgum að umferðar- og samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu hafa verið talsvert til umfjöllunar og nærtækast að minnast á aðgerðir atvinnubílstjóra til að mótmæla þróun eldsneytisverðs. Til eru þeir sem vilja af einlægni beita sér fyrir umhverfisvænum lausnum í samgöngumálum borgarinnar og er undirritaður einn þeirra sem lengi hafa talað fyrir slíku átaki. Borgarstjórinn í Reykjavík er því miður ekki í þessum hópi. Kemur það vægast sagt á óvart eftir allar yfirlýsingar hans um að umhverfismálin séu hans hjartans mál.

Tillaga mín og 11 annarra þingmanna um raunverulega athugun á hagkvæmni lestarsamgangna, m.a. léttlestakerfis á höfuðborgarsvæðinu, hefur almennt fengið góðar viðtökur. Í kjölfarið lagði minnihlutinn í borgarstjórn fram sambærilega tillögu þar og sjálfstæðismenn tóku undir hana með samþykkt tillögu í þessa sömu veru í borgarráði. Varð að fresta málinu í borgarráði milli funda en borgarstjóri var svo fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Margvísleg rök mæla með því að gerð verði heildstæð athugun á hagkvæmni lestarsamgangna. Úrtölumenn, eins og t.d. borgarstjóri, hafa bent á að slík könnun hafi verið gerð fyrir nokkrum árum og niðurstaðan þá ekki þótt fýsileg. En það er eins og það komist ekki inn fyrir skel úrtölumanna að það hefur margt breyst á fáum árum í þessu efni. Í fyrsta lagi má nefna að athugunin á sínum tíma fjallaði ekki um þjóðhagslega hagkvæmni, hún tók aðeins til beins kostnaðar og áætlaðra rekstrartekna. Ekki var fjallað um samfélagslegan ávinning af færri slysum, styttri ferðatíma, minni losun gróðurhúsalofttegunda eða ávinning samfélagsins af því að nota innlent rafmagn sem orkugjafa í stað innflutts jarðefnaeldsneytis svo eitthvað sé nefnt. Þessu til viðbótar hafa viðhorfin í samfélaginu til umhverfismála breyst og sem betur fer á þann veg að æ fleiri skynja nú mikilvægi þessa málaflokks og þess, með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi, að tryggja sjálfbæra þróun á öllum sviðum. Þá hefur eldsneytisverð hækkað geysilega að undanförnu og fátt sem bendir til þess að sú hækkun sé aðeins tímabundið skot. Það er því afar brýnt að leita nýrra lausna og við verðum að leggja talsvert á okkur í því sambandi.

Loðin svör borgarstjóra nú síðast um að hægt sé svosem að fara í ódýra athugun bera vott um að maðurinn ber ekkert skynbragð á kröfur og þarfir nútímans og framtíðarinnar og er að því er virðist algerlega laus við allan skilning á umhverfismálum í borgarsamfélagi. Þegar augu sífellt fleiri opnast fyrir því að stórefling almenningssamgangna er eina vitræna lausnin í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins og að tryggja þarf öruggar, áreiðanlegar og mengunarlitlar almenningssamgöngur og nýta innlenda orkugjafa fremur en innflutt bensín og olíu, er borgarstjórinn eins og síðasti móhíkaninn með fjarrænt blik í augum og skilur ekki kall tímans. Hann er því miður á algjörum villigötum og væri óskandi að hann skynjaði sinn vitjunartíma.

*Höfundur er alþingismaður og hefur oft hvatt Ólaf F. Magnússon til dáða í umhverfismálum.*

# Litlir hópar sem skipta engu?

**UMRÆÐAN**
Þróunarsamvinna

Stefán Þórarinsson, framkvæmdastjóri Nýsis, fer mikinn í viðtali við Morgunblaðið sl. páskadag. Umræðuefnið er þróunarsamvinna Íslendinga og þá einkum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ). Okkur þykir Stefán tala af full hvatvísum hroka um umræðuefnið, og viðhorf hans til almennings í löndum þeim sem ÞSSÍ á samskipti við ber ekki vitni um hugarfar sem hentar til þróunarsamvinnu.

**Ekki leitað til íslensku þjóðarinnar**

Stefán segir: „(ÞSSÍ vinnur einkum verkefni) á sviði stofnanaþróunar og almennum minni umbótaverkefnum. Stofnunin vinnur verkefnin sjálf með eigin fólki og **lítið er leitað til íslensku þjóðarinnar** (leturbr. okkar) með einum eða öðrum hætti.“

Það er svolítið erfitt að átta sig á hvað Stefán á við með stofnanaþróun; skólar eru stofnanir, rannsóknarstofur sem vinna að framförum í fiskveiðum og fiskiðnaði eru stofnanir, sjúkrahús eru stofnanir, einnig mæðrahús og munaðarleysingjahæli, og batteríið sem heldur utan um starfrækslu ferskvatnsbrunna má áreiðanlega kalla stofnanir. Öll verkefni eru unnin í samstarfi við landsstjórn og sveitarfélög og slíkur formlegur rekstur er nauðsynlegur til þess að hægt sé að hafa uppbygginguna opna og auðvelt sé að fylgjast með því að fjármunum ÞSSÍ sé varið eins og stofnunin gerir kröfu um. Hjá ÞSSÍ vinnur fjöldi sérfræðinga á þeim sviðum sem þörf er á, auk þess sem ráðgjafar hafa verið ráðnir til skamms tíma, s.s. vegna jarðhitarannsókna, borana og þess háttar.

Við skiljum ekki staðhæfinguna um að ekki sé leitað til íslensku þjóðarinnar; starfsmenn ÞSSÍ eru íslenskir, en eðli málsins samkvæmt eru heimamenn í hverjum stað menntaðir og/eða þjálfaðir til að geta tekið við af íslenskum starfsmönnum í fyllingu tímans. Um það snýst jú þróunarsamvinna þegar allt kemur til alls, að gera heimamenn sjálfbjarga.

**Litlir hópar sem engu skipta**

Stefán segir einnig að verkefni ÞSSÍ séu „friðþægingaraðstoð“, lítil verkefni í félagslega geiranum sem „hreyfi lítið við grundvallarþáttum mannlífsins. Þetta er …góðgerðarstarf fyrir litla hópa sem breytir litlu um þjóðfélagsþróunina hjá viðkomandi þjóð þegar til lengri tíma er litið“.

Í þessum ummælum gætir lítillar virðingar í garð þess fólks sem unnið er með. Hverjir skyldu þessir hópar vera, sem litlu skipta um þjóðfélagsþróunina? Því er fljótsvarað: Mestanpart konur og börn; almenningur í þessum löndum, hvorki meira né minna.

Gjarnan sá hluti sem vegna kringumstæðna býr við erfiðastar aðstæður; veikt fólk (sjúkrahús), börn og fullorðnir sem ekki hafa getað notið skólagöngu (leikskólar, grunnskólar, fullorðinsfræðsla (einkanlega fyrir konur, en einnig karla), heyrnleysingjaskólar. Fleiri dæmi mætti nefna. Ástæða þess að lögð er áhersla á þessa þjóðfélagshópa er að gengið er út frá þeirri vissu að menntun og góð heilsa séu grundvöllur þess að fólk geti lagt sitt af mörkum til að byggja upp betra þjóðfélag. Þegar til lengri tíma er litið. Okkur furðar því nokkuð þessi afstaða Stefáns.

**Einföld verkefni og áhrifalítil**

Spurður um hvort hann telji að heilsugæslustöðvar, t.d., skili takmörkuðum árangri segir Stefán að yfirleitt séu þetta svo einföld verkefni að þau geti ekki mistekist, en „þau hafa sáralítil


HAUKUR MÁR HARALDSSON


SIGFÚS ÓLAFSSON

áhrif og valda engum stórum breytingum í þjóðfélaginu en gagnast afmörkuðum hópum.“ Jafnframt segir Stefán: „Við blöndum okkur ekki nægilega í þann stóra slag sem miðar að bættum lífskjörum fólksins.“

Þessi ummæli bera vott um ákaflega sérstæða þjóðfélagssýn. Störf að heilsugæslu gagnast aðeins afmörkuðum hópum og miða ekki að bættum lífskjörum fólks. Hér má vissulega fallast á það sjónarmið að heilsugæsla gagnist aðeins veiku fólki, en það er nú einu sinni eðli heilsugæslunnar alls staðar í heiminum, líka á Íslandi. Er Stefáni alvara þegar hann heldur því fram að uppbygging heilsugæslukerfis miði ekki að bættum lífskjörum fólks? Sé svo á hann sér sem betur fer ekki marga skoðanabræður í heiminum.

Það er ekki augljóst hvers vegna Stefán Þórarinsson lét taka þetta viðtal við sig. Ugglaust hefur hann þó viljað koma á framfæri skoðunum sínum og lífsreynslu, sem hann telur áreiðanlega að geti gagnast í þróunarstarfi. En fram til þessa hefur hugmyndafræði ÞSSÍ byggst á að gera heimamenn sjálfbjarga, þannig að þeir geti bjargað sér án utanaðkomandi aðstoðar í framtíðinni. Verið sjálfum sér nægir, geti notað auðlindir sínar og önnur náttúrugæði landi sínu til gagns; kenna kennurunum og þjálfa þjálfarana. Stefnan hefur ekki verið sú að nota auðlindir þróunarlanda sem gróðalindir fyrir íslensk fyrirtæki, enda væri hæpið að tala um þróunarsamvinnu í slíku samhengi.

*Höfundarnir sitja í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.*


VM

**Aðalfundur og þing VM**
**4. og 5. apríl**
**að Grand Hótel Reykjavík**

**Aðalfundur föstudag 4. apríl**

13:00 Setning
Ávarp forseta Íslands, herra Ólafs Ragnars Grímssonar
Venjuleg aðalfundarstörf
Afhending styrkja Akks
17:30 Fundarslit
20:00 Kvöldverður og skemmtun með félagsmönnum VM og mökum

**VM þing laugardag 5. apríl – Þín framtíð**

10:00 Setning
Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðjafi: *Að efla sig í starfi – Mikilvægi starfsánægju – Að setja sér markmið*
Helga Björk Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Mími-Símenntun: *Raunfærnimat – Gerð ferilskrár*
Eyþór Eðvarðsson, vinnusálfræðingur: *Ráðningaferli – Launaviðtöl – Samningatækni*
Umræður
16:30 Þingslit

VM
Félag vélstjóra og málmtæknimanna


# Mannréttindi meirihlutans?

**UMRÆÐAN**
Mannréttindi


SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR


SÓLEY TÓMASDÓTTIR

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt vorið 2006 en með samþykkt hennar var jafnréttisstefna borgarinnar felld úr gildi. Með þessari breytingu skuldbatt borgin sig til að vinna að réttindum borgarbúa í víðara samhengi en áður hafði tíðkast. Til viðbótar við kynjajafnrétti komu inn ákvæði vegna aldurs, fötlunar, heilsufars, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, uppruna og þjóðernis.

Á fundi borgarstjórnar þann 18. mars sl. fór nýkjörinn formaður mannréttindaráðs, Marta Guðjónsdóttir, yfir áherslur meirihlutans í málaflokknum. Því miður er ekki hægt að sjá að þær áherslur verði til hagsbóta fyrir mannréttindi borgarbúa.

Í ræðunni kom fram að helstu nýmæli meirihlutans í málaflokknum verði að framkvæma skoðanakönnun meðal borgarbúa um hvaða áherslur ætti að setja í forgang í mannréttindamálum og endurskoða svo Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í kjölfarið. Þörfin fyrir þessi nýmæli er þó vandséð.

**Hvers vegna endurskoðun?**

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er ekki orðin tveggja ára gömul. Hún hefur ekki verið gefin út, varla verið kynnt og hvergi innleidd svo heitið geti. Í stefnunni eru skýrar áherslur sem unnar voru í þverpólitískri sátt og samráði við hagsmunasamtök og voru svo samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Endurskoðun á stefnu sem fullkomin sátt ríkir um og engin reynsla er komin á getur ekki talist tímabært verkefni. Nær væri að huga að innleiðingu og framfylgd stefnunnar. Jafnframt er sú aðferðarfræði sem meirihlutinn boðar, að byggja endurskoðun stefnunnar á niðurstöðum símakönnunar, ekki til marks um mikið innsæi í upplag eða eðli málaflokksins.

**Hver veit best?**

Kjörnir fulltrúar starfa í umboði almennings og þeim ber að hafa eins mikið samráð við íbúa og hugsast getur. Rödd minnihlutahópa verður þó oftar en ekki undir í umræðunni. Einmitt þess vegna var, við mótun mannréttindastefnunnar, lögð rík áhersla á mikið og virkt samráð við hagsmunasamtök allra þeirra hópa sem stefnan nær til. Þannig var mannréttindastefnan mótuð með hliðsjón af þekkingu og reynslu þeirra hópa sem stefnan er sett til að verja og styrkja.

Ríkjandi gildi og viðhorf í samfélaginu eru oft undirrót þess að staða ákveðinna hópa er verri en annarra. Það er því eitt mikilvægasta hlutverk mannréttindaráðs að breyta þessum viðhorfum. Fræðsla um stöðu og aðstæður minnihlutahópa er þar grundvallaratriði. Það er því vandséð hvernig skoðanakönnun meðal almennings á að nýtast við endurskoðun á Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Þegar kemur að málefnum minnihlutahópa er þekking á stöðu ólíkra hópa í samfélaginu sértækari en svo að hún sé á allra vitorði. Því verða yfirvöld að axla ábyrgð í samráði við þá sem þekkinguna hafa við að tryggja rétt og stöðu ólíkra hópa.

**Á meðan bíða verkefnin**

Á þeim hundrað dögum sem Tjarnarkvartettinn var við völd í Reykjavík tókst að efla pólitískt vægi mannréttindaráðs. Gert var ráð fyrir fjármagni í áætlunum borgarinnar svo hægt yrði að hrinda mannréttindastefnunni í framkvæmd.

Útgáfa og kynning á mannréttindastefnunni var í burðarliðnum, til stóð að kynna og innleiða aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda, sem og aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi. Auk þess var fyrirhugað að útbúa fræðsluefni fyrir starfsfólk og stjórnendur allra sviða borgarinnar.

Ekkert af þessu hefur komist til framkvæmda eftir að meirihluti sjálfstæðismanna og Ólafs F. Magnússonar hrifsaði til sín völdin í Reykjavík. Væntanlega bíða menn eftir niðurstöðum skoðanakönnunar, að hinir mörgu ákveði hvað sé best fyrir hina fáu og hvar réttur minnihlutahópa sé helst fótum troðinn.

*Höfundar eru borgarfulltrúi og varaborgarfulltrúi.*

# MAX RAFTÆKI

# Dúndur TILBOÐ





Universal fjarstýring fylgir frítt með* þessum pakka

## 269.989 kr.

**Philips 42PFL7762D**
42" LCD Pixel Plus 2 HD breiðtjald • 1920x1080 punkta upplausn • Pixel Plus 2 HD • Digital Natural Motion • HD Ready • Skerpa: 7.500:1 • Active Control og ljósskynjari • Innb. digital DVB-T móttakari • 40w Nicam Stereó Hljóðkerfi með Incredible Surround • 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

42 tommur

Fulll HD

**Philips SRU9400**
Universal fjarstýring sem lærir • Stýrir 5 tækjum • LCD skjár sýnir bara takka sem þarf að nota • Hvítt bakljós • Lærir á aðrar fjarstýringar • Mjög auðveld í uppsetningu með LCD skjánum



18 DVD myndir fylgja frítt með* þessum pakka

*Gildir fyrir þriggja mynda DVD pakkningar!



## JBL iPod hátalarar

**JBL ONTIME**
iPod vagga með útvarpsvekjara • Passar fyrir iPod, MP3, CD spilara ofl • 1 Ridge og 2 Phoenix Neodymium hátalarar • 2x6w innbyggður magnari • Halo acoustics - 360° hljómflutningur • Útvarp með stöðvaminnum • LCD skjár með baklýsingu • Aux inng. og Subwoofer útg. • Fæst í hvítu og svörtu

**24.989 kr.**
Fullt verð ~~29.989~~



## Þráðlaus DECT sími

**Doro 720**
Þráðlaus sími með R-takka • Dregur 50m inni og 300m úti • 10 klst. í tali - 100 í bið • 50 nöfn og númer í skrá • Birting á 50 síðustu hringinga • Stillanlegur hljóðstyrkur í hlust • Ýmsar stillingar á hringitónum Sjálfvirk svörun er tæki fer úr móðurstöð • Setja má nafn á skjá handtækis • Allt að 5 handtæki við móðurstöð

**5.989 kr.**
Fullt verð ~~6.989~~



## Ferðatæki með CD

**Lenco SCD20R**
Lítið og nett ferðatæki með útvarpi og geislaspilara • FM Útvarp • Vandaður Geislaspilari • Spilar CD, CD-R/RW • Góðir hátalarar

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~5.989~~

# Opið til kl. 22 í kvöld

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI




# Poppvél

**OBHNordica 6398**
Poppvél • Hægt að nota lok sem skál undir poppið • Hægt að nota smjör með

**5.989 kr.**
Fullt verð ~~6.989~~



**Philips HP4890**
2100w hárblásari • ION tækni sem afrafmagnar hárið • Keramik hluti sem ofþurrkar ekki hárið • 9 hita og hraðastillingar • Blæs köldu lofti • Viðbótarhaus fyrir viðkvæmt hár

**3.989 kr.**
Fullt verð ~~4.989~~



## Magnaðasta vekjaraklukka allra tíma

**3 litir**

- Vekjara klukkan fyrir þá sem eiga erfitt með að vakna!
- Þessi klukka gerir það erfitt að „kúra" að eilífu
- Eftir eitt „snooze" þá stingur hún af með látum

**5.989 kr.**

## Philips Philishave

**Philips HQ7165**
Philishave Reflex rakvél • Super Lift & Cut System - Tvö blöð, annar liftir og hitt sker fyrir nákvæman rakstur • Hægt að skola haus • Reflex action hnífar • Bartskeri • 35 mín. hleðsla • Tekur 60 mín. að hlaða



**9.989 kr.**
Fullt verð ~~12.989~~

**Everglades EVBA001**
50sm kæliskápur • Kælir 35 lítra • Hljóð aðeins 15dB • 1 hilla • Mál (bxhxd): 42,5x49,5x49sm



**17.989 kr.**
Fullt verð ~~19.989~~



## 170sm kæliskápur

**Samsung RS21FANS**
177sm kæliskápur með frysti • Brúttóstærð 532 lítrar • 346 lítra kælir - 186 lítra frystir • Hillur úr hertu gleri • No Frost • Orkunýting A • Mál (hxbxd): 177x60x60sm

**189.989 kr.**
Fullt verð ~~219.989~~



## 170sm kæliskápur

**Siemens KS38R425**
170sm kæliskápur • 321 lítra kælir • Vifta í kæli • Aðeins 49db • Antibacteria • Orkunýting A+ • Mál (hxbxd): 170x60x65sm

**79.989 kr.**
Fullt verð ~~99.989~~



## Uppþvottavél

**Siemens SE35M254**
Uppþvottavél • 60sm • 12 manna uppþvottavél • 5 kerfi • Hljóðlát 47 dB • Kerfisveljari rafeindastýrður • Skjár sem sýnir tíma sem er eftir • Lætur vita ef gljáefni vantar • Hægt að stilla fram í tíma • Vatnsflæðivörn • Þvottahæfni A • Orkunýtni A • Þurrkgeta A

**64.989 kr.**
Fullt verð ~~79.989~~



## Þvottavél

**Siemens WM16E4SO**
6 kg þvottavél • Rafeinda/mekanískkur kerfisveljari • Hámarksvinda 1600 snúningar • Stafræn niðurtalning á þvottatíma • Tekur 6 kg af þurrum þvotti • Ullarvagga • Hraðkerfi 15 mín. • Þvottahæfni A • Orkunýting A • Vindhæfni A

**99.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~

MAX RAFTÆKI

Tilboðin gilda til 09. 04. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu

LEÐUR SÓFASETT
TAU SÓFASETT
LEÐUR HORNSÓFAR
TAU HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
TUNGUHORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUSTÓLAR

ALLTAF BESTA VERÐIÐ
BORÐSTOFU-HÚSGÖGN
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR JÁRN
RÚM 120-150-180X200

FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
ATH . verðið kemur á óvart
Verðdæmi: Sófar 3+1+1 = 99.900 kr
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16




Kjóllinn er skreyttur fíl sem eiginmaður Birgittu, Örvar Smárason, teiknaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Með *fíl* á bakinu

***Leikkonan Birgitta Birgisdóttir á marga kjóla og heldur sérstaklega upp á bláan kjól sem maðurinn hennar á heiðurinn að.***

Birgitta fékk kjólinn að gjöf frá manninum sínum, Örvari Smárasyni í múm, en japanskt hönnunarfyrirtæki bað hann um að teikna mynd á hann.

„Hann hefur mikið fengist við að teikna alls kyns fígúrur og munstur og var með sýningu í Japan fyrir um einu og hálfu ári. Í kjölfarið hafði japanskt hönnunarfyrirtæki samband við hann og óskaði eftir því að hann gerði munstur á kjól. Hann teiknaði glansandi fíl sem er aftan á kjólnum. Ég fékk síðan að eiga eitt eintak og er kjóllinn í sérstöku uppáhaldi,“ segir Birgitta. Hún segist ekki vita af hverju fíll hafi orðið fyrir valinu.

Birgitta er mikil kjólakona og líður best í sokkabuxum og kjól. „Ég er annars ekki með mjög fastmótaðan fatasmekk en veit yfirleitt hvort flíkur eru fyrir mig um leið og ég sé þær.“

Sem stendur er Birgitta að æfa fyrir leikritið mammamamma sem verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu 11. apríl. „Þetta leikrit er hugarfóstur leikstjórans Charlotte Bowing og leikkonunnar Maríu Ellingsen og fjallar um sambandið á milli mæðra og dætra. Það byggir á reynslusögum kvenna og er tekið á efninu frá ýmsum hliðum,“ segir Birgitta.

*vera@frettabladid.is*




**Húsgögnin** á heimilinu er gott að viðra og þrífa reglulega. Ryksugið yfir tauáklæði og olíuberið við. Úðið húsgagnabóni yfir lakkaða fleti og pússið með mjúkum klút.




## Stigahúsateppi



Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
STRÖND ehf.
www.strond.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Allt á sínum stað

***Fallegar kommóður koma sér vel hvar sem er á heimilinu.***

Með tímanum söfnum við að okkur alls konar dóti sem einhvers staðar þarf að koma fyrir. Fallegar kommóður koma sér því vel en þeim er hægt að koma fyrir á ótrúlegustu stöðum og geyma hvað sem er í þeim.

Í svefnherberginu má til dæmis hafa kommóðu undir föt, á baðherberginu undir handklæði og snyrtivörur, í stofunni undir sparihnífapör, serviettur og fjölskyldumyndir, í eldhúsinu undir uppskriftir og í forstofunni undir húfur, trefla og vettlinga. Allt sem máli skiptir er að detta niður á réttu kommóðurnar. *emilia@frettabladid.is*








Alvöru pakkatilboð
Vandaður búnaður á aðeins **25.900 kr.** Tilvalinn fyrir heimilið eða sumarbústaðinn

eico
Skútuvogi 6 / Sími 570 4700
Opið virka daga 09-18 og laugardaga 10-14
www.eico.is



**Nýjir veggstenslar og litir.**



Föndur og gjafavara
FÖNDRA
Dalvegi 18 • Kópavogi • s. 568 6500 • www.fondra.is
Virkir dagar: 10:00-18:00 & Laugardagar: 11:00- 16:00

## Við stöndum upp úr

**Fréttablaðið er með 57% meiri lestur en 24 stundir og 90% meiri lestur en Morgunblaðið**

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 18–49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2007 – janúar 2008.

allt atvinna
Alla sunnudaga

# Engla í niðurföll og náttúru

***Íslendingar unna stórbrotnu landi sínu og vilja flestir leggja sitt á vogarskálar blíðlegrar umgengni við náttúru sína og sjálfa sig.***



Kristjana Pálsdóttir, deildarstjóri hjá Vöruhúsi Samkaupa, með hluta af vörulínu Englamerkisins, sem er ofnæmisprófað og umhverfisvænt, ásamt því að bera norræna umhverfismerkið Svaninn. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Þeir sem fylgjast með umhverfisvernd þekkja vel norræna umhverfismerkið Svaninn, en til að fá Svansmerkið þurfa vörur að vera án ilm- og litarefna og vottaðar í hæsta gæðaflokki þegar kemur að umhverfisvernd. Þessu hafa danskir framleiðendur vörunnar Änglamark náð, en baðlína og hreinlætisvörur fyrirtækisins hafa notið fádæma vinsælda á Norðurlöndunum og eru nú loks fáanlegar í verslunum Samkaupa, Nettó og Kaskó.

„Änglamark, eða Englamerkið, er merki um umhyggju og virðingu fyrir náttúrunni. Með Änglamark-vörulínunni hefur tekist að framleiða hreinlætisvörur í hæsta gæðaflokki, og sem hafa óveruleg áhrif á umhverfið,“ segir Kristjana Pálsdóttir, deildarstjóri hjá Vöruhúsi Samkaupa, sem flytur inn Englamerkið í íslenskar verslanir.

„Við finnum fyrir mikilli vakningu meðal þjóðarinnar að nota vistvænar vörur og Änglamark er eina varan sem sameinar það að vera bæði ofnæmisprófuð og umhverfisvæn. Framleiðandinn byrjaði með húð- og hreinlætisvörur, sem allar eru án ilm-, litar- og rotvarnarefna, og sem gerir þær að eftirsóknarverðum kosti fyrir fjölskylduna um leið og þær eru eins lítið skaðlegar fyrir umhverfið og hugsast getur,“ segir Kristjana, sem sjálf hefur góða reynslu af notkun Änglamark-vörulínunnar.



Änglamark-varan sameinar það að vera ofnæmisprófuð og umhverfisvæn.

„Þvottaefnið skilar drifhvítum þvotti og vann nýlega til verðlauna í Danmörku sem besta þvottaefnið á markaðnum. Þvottaefni Englamerkisins eru án fosfórs og flest þeirra er óhætt að nota í rotþrær sumarhúsa. Änglamark-barnahreinlætislínan er án ofnæmisvaldandi efna og efna sem hafa áhrif á hormónastarfsemina og hana má hiklaust nota á minnstu börnin líka. Þá njóta eldhús- og klósettrúllur Englamerkisins mikilla vinsælda þar sem þær eru þriggja laga, þéttar, mjúkar og afar notadrjúgar,“ segir Kristjana, en úrvalið í hreinlætis- og baðlínu Englamerksins er fjölbreytt og dugandi til allra hugsanlegra heimilisnota.

„Þetta merki hefur slegið í gegn og nú er framleiðandinn að fikra sig yfir í lífræna matvöru sem við munum að sjálfsögðu bjóða Íslendingum líka þegar fram líða stundir.“

*thordis@frettabladid.is*



Tré
STIGAR
Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins
Einnig: Innihurðir, Harmonikkuhurðir Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti Gólflistar og margt fleira
Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com
Vönduð vara og hagstætt verð.....

Stál
Gler
Ryðfrítt

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ Á PÓLSKU
Næsta námskeið hefst 4.apríl n.k.
Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Við stöndum upp úr
Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára


Atvinna í boði... ...alla daga

Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.
Opið virka daga
9-18 og laugardaga 11-15
JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Varalitinn** skal draga fram og fá vorið í kroppinn með rauðmáluðum vörum. Einnig er minni hætta á varaþurrki í norðangarranum ef liturinn er notaður óspart.



# Indverskt haust

***Tískuvikunni í Mumbai á Indlandi lauk í gar en þar var tískan fyrir næsta vetur kynnt.***

Tískuvikur hafa staðið yfir víða síðustu daga, meðal annars í Rússlandi, Kína og á Indlandi. Á Indlandi fóru herlegheitin fram í Mumbai og lauk tískuvikunni þar í gær. Fjöldi indverskra hönnuða kynnti hugmyndir sínar fyrir næsta vetur og má hér á síðunni sjá brot af þeim.

*emilia@frettabladid.is*



Glæsileiki og þægindi sameinast í hönnun Krishna Mehta.

Hönnuðurinn Sonam Dubal á heiðurinn af þessu munstraða dressi.

Fyrirsætur hönnuðarins Kallol Datta voru svolítið vígaleg á pallinum..

Fyrirsætur hönnuðarins JJ Valaya voru kvenlegar í kjólum og kápum.



Tilbrigði hönnuðarins Pria Kataria Puri við sarí.




*Verslaðu þar sem úrvalið er*
**www.vefta.is**
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

**Fljótlegt - auðvelt - mjög áhrifaríkt!**
TRIND
Alltaf no. 1



**Útsölustaðir: Apótek - Snyrtivöruverslanir**
**trind.com - nákvæmar leiðbeiningar á íslensku!**




**NÝTT**
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.




**Sundfötin eru komin!**
*Sjáumst!*
Cos
Glæsibæ · Sími **588 5575**

tvö líf
*Holtasmári 1 · © 517 8500*

**Tvö Líf þriggja ára.**

Afmælishátíð í Tvö Líf föstudag, laugardag og sunnudag, 20% afsláttur af öllum vörum. Allir sem versla fara í lukkupott þar sem fjöldi vinninga í boði.

Taktu helgina frá og fagnaðu með okkur.

*Opið alla virka daga frá **11-18***
*Laugardaga frá **11-16***
*Sunnudaga **13-17***

tvö líf
**www.tvolif.is**







## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Sumartíska í vorkulda

Þrátt fyrir kuldann sem ríkt hefur hér í París undanfarið er ekki hægt að komast hjá því að skrifa um tísku komandi sumars. Nú þegar hefur sú tíska fyrir löngu fengið sitt pláss, jafnt í fínustu tískuhúsum sem í öðrum verslunum með viðráðanlegra verði.

Hvort það tengist eitthvað fjörutíu ára afmæli maí ´68, sem er sögulegur viðburður hér í landi, skal ósagt látið en tískan er upptekin af ákveðnu afturhvarfi og horfir helst til áranna í kringum 1970 og fram til 1980. Líklega þó örlítið stílhreinni tíska í dag en var á þessum árum og ekki aðeins ein tískulína í gangi.

Nýjung sumarsins er samfestingar, bæði með stuttum og síðum skálmum, yfirleitt ermalausir. Rykfrakkinn er sömuleiðis á uppleið, til dæmis gamli góði Burberrys-„trenchinn“ sem er upplagt að draga fram aftur. Sömuleiðis sést frakkinn í kjólútgáfu, með breiðum herðum eins og hjá Pinko. Einnig má sjá hjá mörgum tískuhúsum herralega jakka sem minna á hinn gamla góða smóking sem Yves Saint-Laurent endurhannaði fyrir konur upp úr herrasmóking. Þetta á til dæmis við um Dior svo aðeins eitt tískuhús sé nefnt.

Í sumar eru það sterkir litir frá upphafi diskósins sem gleðja augað, jafnvel svo sumum þykir nóg um. Auðvitað er hvítt inni í myndinni eins og alltaf í sumartískunni en er blandað saman við sterkan grænan lit eða sólgulan og á þetta við um allan klæðnað, líka sokkabuxur og gallabuxur. Einnig verður fuchsia-bleikt ómissandi litur í sumar á kjólum og blússum og mikið af beis, sérstaklega í frakkakjólum og samfestingum.

Kjólar til daglegrar notkunar eru annað hvort mjög stuttir eða skósíðir, kannski gott á gamla Fróni þegar sumarhitinn rétt slagar yfir tíu gráður. Þar má aftur sjá sterk áhrif frá ´70 -´80. Ekki er verra að kjólarnir séu með blómamunstri og í sumar eru blómin af öllum stærðum, bæði risastór og þá örfá og dreift yfir neðrihluta efnisins, eða smærri og á öllu efninu. Ekki má heldur gleyma munstri í anda málara sem kenndir eru við kúbisma og fleiri listastefnur og er listi hönnuða á þeim nótum langur (Emilio Pucci, Cavalli, Gaultier, Fendi og fl.) Kjólar eru líka einlitir í sterkum litum líkt og áður var nefnt, eins og belgskjóll Lacroix.

Útvíðar gallabuxur sjást nú að nýju, til dæmis hjá Gérard Darel. Við þær eru gjarnan notaðar útvíðar mussur í hippastíl og eru alveg upplagðar til að breiða yfir frjálsleg form þeirra sem ekki hafa vöxt brasilískra fyrirsæta er oft vega 40 kíló með farða. Það eru reyndar góðu fréttirnar í sumartískunni í ár að hún hentar ýmsum líkamsgerðum en ekki aðeins fyrirsætum.

*bergb75@free.fr*



Módelin gengu fram með hunda í bandi og kraga um hálsinn.

# Kragar og bein í Kiev

***Tískuvikan í Kiev stóð yfir í mars en þar vakti úkraínskur hönnuður athygli.***

Oleksiy Zalevsky, tískuhönnuður frá Úkraínu, vekur jafnan eftirtekt á tískuvikunni í Kiev og var sýningin í ár engin undantekning.

Hann sótti áhrif til fylgihluta hundsins eins og ólar, svart leður og munnkörfur en módelin gengu jafnan fram með hunda í bandi og sjálf með hundakraga eða bein í munninum. Svart, hvítt og silfrað var áberandi í litavali á stutta kjóla og hettupeysur, munstraðar hundabeinum. Hvítir og svartir loðfeldir stálu senunni. Oleksiy Zalevsky er þekktur fyrir ögrandi fatnað og var þessi sýning engin undantekning.

*- rat*














allt bílar

Alla laugardaga



**Sundfötin** skal hengja strax upp á snúru þegar heim er komið svo þau mygli ekki ofan í töskunni. Einnig er hægt að leigja sér sundföt á staðnum sem verða þá eftir í klefanum.


Byrjendanámskeið í yoga

Sex vikna byrjendanámskeið hefst 7. apríl.
Mánudaga og fimmtudaga kl. 16.40.
Kennari: Talya Freeman.

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is




Valgerður og Lone verða með fyrsta námskeiðið á laugardaginn og miðla þekkingu bæði úr störfum sínum og eigin reynslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tími, fjarlægð og tengsl

***Hlutverk og samskipti er námskeið ætlað ömmum og öfum. Leiðbeinendur eru ömmurnar Valgerður Magnúsdóttir sálfræðingur og Lone Jensen uppeldisráðgjafi.***

Valgerður verður fyrir svörum þegar spurt er út í námskeiðið Hlutverk og samskipti. „Við Lone þekkjum það sem fagmenn og ömmur að fólk vill vanda sig í ömmu- og afahlutverkunum en er samt að lenda í smá vandræðum,“ segir Valgerður glaðlega. Hún telur nútíma afa og ömmur verða að móta sína eigin stefnu þar sem þau skorti fyrirmyndir í eldri kynslóðum. „Lífið hefur breyst svo mikið,“ bendir hún á. „Það heyrir til undantekninga í dag að afar og ömmur séu í sveitinni og bíði eftir að barnabörnin komi til sumardvalar. Nú þarf að finna út hvar sóknarfærin liggja og taka tillit til fjarlægðar, aldurs og áhugamála. Þó hugsa ég að tíminn sé sá þáttur sem þarf mest að spá í. Það hafa allir svo mikið að gera.“

Valgerður kveðst þekkja fólk sem hafi slegið af í eigin starfi og tómstundaiðkun vegna barnabarnanna. „Sumir koma inn í líf barnanna svolitla stund á hverjum degi, aðrir eiga þau langt í burtu en reyna að halda tengslum í síma og á netinu. Það skiptir máli hversu náin tengslin eru við barnabörnin og ekki síður foreldra þeirra. Leiðir foreldranna hafa kannski skilið og ýmis ör eftir það geta gert ömmu- og afahlutverkið erfitt,“ segir hún og bætir við: „Vissulega eiga foreldrarnir að ráða ferðinni enda standa þeir barninu næst og mikilvægt er að amma og afi séu samstiga uppeldisaðferðum þeirra.“

Fyrsta námskeiðið er á laugardaginn 5. apríl milli 10 og 14. Hægt er að skrá sig bæði í síma og á netföng þeirra Valgerðar og Lone. Númerin eru 896 0449 og 868 9777 og netföngin valam@est.is og lonej@simnet.is „Við Lone byggjum námskeiðið upp á samræðum og hópavinnu og svo smá umhugsun fyrir hvern og einn,“ segir Valgerður. „Við teljum okkur sjálfar hafa ýmsu að miðla sem fagmenn og komum líka nestaðar eigin ömmureynslu.“

*gun@frettabladid.is*


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Fullkomin blanda!

Udo's choice 3•6•9 olíublandan er fullkomin blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsu okkar. Udo's 3•6•9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra.

Í fitusýrum er að finna tvo undirstöðuþætti sem eru okkur lífsnauðsynlegir á sama hátt og prótín, kolvetni, vítamín og steinefni. Omega fitusýrur byggja upp ónæmiskerfið á marga vegu og hafa jákvæð áhrif á:

- Hjarta og æðakerfi
- Kólesteról í blóði
- Blóðþrýsting
- Liði
- Orkuflæði líkamans
- Minni og andlega líðan
- Námsárangur
- Þroska heila og miðtaugakerfi fósturs á meðgöngu
- Rakastig húðar

Udo's Choice fæst í apótekum og heilsubúðum

heilsa –hafðu það gott

RAFMAGNSHITARAR
VERÐ FRÁ 1.990
ís-húsið S: 566 6000
netverslun ishusid.is

Slendertone Total Body Massage
nudd sem virkar...
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
verð kr. 14.985
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
SLENDERTONE
Slökun - vellíðan - innri ró

allt matur
Alla föstudaga

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound . . . . . . . . . . .

Dot er góður punktur fyrir þá sem vilja heyra vel.

Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.

dot by ReSound

HEYRNARMÆLINGAR
HEYRNARVERND
HEYRNARTÆKI
RÁÐGJÖF

Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímapantanir í síma 534 9600

Heyrnarþjónustan Heyrn, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is

O&K
Þjónusta

**Þjónustuaðili:**

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMI 555 6670 · FAX 555 6671 · velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# bílar

FIMMTUDAGUR 3. APRÍL 2008

## Árni Johnsen

**fékk bíl í skiptum fyrir svartfuglsegg.**

BLS. 4



## Varahlutir og verkstæði í Hafnarfirði

**Vefverslunin varahlutir.is er flutt í eigið húsnæði.** BLS. 6






FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Nissan Navara nær þremur stjörnum fyrir vernd eftir breytingar.

# Endurbættur Nissan fær þrjár stjörnur

Euro NCAP hefur nú endurtekið árekstursspróf á pallbílnum Nissan Navara eftir úrbót og uppfærslu á hugbúnaði sem stjórnar loftpúðunum í bílnum.

Eftir breytingarnar nær bíllinn nú þremur stjörnum fyrir vernd fullorðinna í árekstri en fyrir þær hlaut hann einungis eina gegnumstrikaða stjörnu.

Meginástæða þess hve illa bíllinn kom út úr fyrra prófinu var hversu seint loftpúðarnir fyrir ökumann og framsætisfarþega sprungu út í árekstri framan á bílinn. Af þeim sökum veittu púðarnir ekki þá vörn sem ætlast er til.

Eftir fyrra árekstursprófið brást Nissan við og breytti umræddum hugbúnaði í framleiðslunni og innkallaði alla Navara-pallbíla aftur til ársins 2005 til að gera breytingar á hugbúnaðinum. Hér á Íslandi sendi Ingvar Helgason hf., umboðsfyrirtæki Nissan, öllum eigendum þessara umræddu bíla ábyrgðarbréf um málið ásamt því að tæknimenn fyrirtækisins lögðu upp í hringferð um landið til að breyta bílunum.

Nýir Nissan Navara-bílar eru nú allir með endurbætta hugbúnaðinum. *- ve*


Nýr og endurhannaður Ford Fiesta er talinn verða sigurvegari sölutalna í Bretlandi á næsta ári.

# Ég er mættur!

Á bílasýningunni í Genf kynnti Ford nýjan og endurhannaðan Fiesta, sem nú er fullyrt að verði söluhæsti bíllinn á breskum markaði á næsta ári, en Brimborg hefur sölu á nýju Fiestunni í byrjun næsta árs.

Í Genf dró nýi bíllinn til sín fjölda gesta, enda endurspeglar afgerandi hönnun hans yfirlýsinguna: „Ég er mættur!“

Talið er að Ford Fiesta komi til með að keppa um hylli bílkaupenda við hina lipru og sparneytnu Renault Clio og Opel Corsa. Framleiðendur bjóða Fiestu með ýmsum vélagerðum sem einstök markaðssvæði geta valið úr, en þær eru meðal annarra þessar:

**1,4 lítra Duratec-bensínvél**
**1,6 lítra Ti-VCT-bensínvél**
**1,4 lítra dísilvél**
**1,6 lítra TDCi-dísilvél**
**1,6 lítra ECOnetic-dísilvél**

Nýja ECOnetic-dísilvélin byggir að grunni til á fyrirliggjandi dísilvélum Ford sem fengið hafa nýja og sérvalda vélarhluti sem draga úr eyðslu og mengun án þess að hestöflum fækki. Fyrsti bíllinn með nýju dísilvélinni verður Ford Focus, en hún sleppir aðeins um 115 grömmum af koltvísýringi út í andrúmsloftið á hvern ekinn kílómetra. Nýr Ford Fiesta mun aðeins sleppa um 100 grömmum af CO2 á hvern ekinn kílómetra.

*- þlg*


Volkswagen Tiguan-sportjeppinn er búinn ýmsum nýjungum, meðal annars búnaði sem hjálpar ökumanni að finna ákjósanleg bílastæði og aðstoðar hann við að leggja bílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sportbíll og jeppi

**REYNSLUAKSTUR**

**Volkswagen Tiguan-sportjeppinn hefur mikla dráttargetu, er þægilegur í akstri og leggur meira að segja sjálfur í stæði.**

Sportjeppinn Volkswagen Tiguan er til í þremur útgáfum; Trend & Fun, Sport & Style og Track & Field. Fyrri gerðirnar tvær eru sportlegar í útliti en Track & Field, sem hér var reynsluekið, er ætlað að sameina þægindi lúxusfólksbíls og getu torfærubílsins. Þetta er gert á kostnað útlit bílsins en Track & Field hefur brattari framenda en hinar tvær gerðirnar til að skapa meiri veghæð. Þetta gerir bílinn hæfari til að takast á við ófærur á borð við snjó og drullu en hann verður heldur óásjálegri fyrir vikið.

Að þessu sinni var reynsluekið VW Tiguan Track & Field TDI með 140 hestafla dísilvél. Bíllinn er sá dýrasti af þeim sem í boði eru hér á landi, kostar rúmar 4,6 milljónir, en Tiguan má fá frá 3,9 milljónum króna. Verðið skýrist af vélarstærð en einnig þeim mikla aukahlutapakka sem fylgir. Meðal nýjunga í bílnum má telja „park assist“-búnaðinn sem hjálpar ökumanni að finna ákjósanlegt stæði fyrir bílinn og aðstoðar hann síðan við að leggja bílnum. Ökumaður þarf þá aðeins að stjórna bensíngjöf og bremsu.


Vel fer um ökumann og farþega í Tiguan Track & Field en auk þess er skottið rúmgott.



Á fjölaðgerðaskjá sem fylgir bílnum birtast upplýsingar um meðalhraða og eldsneytisnotkun, auk þess sem hægt er að sjá í hvaða átt er ekið.

Einnig er fyrir aukagjald möguleiki að fá bakkmyndavél í bílinn, sem er skemmtileg viðbót og til mikilla þæginda.

Á fjölaðgerðaskjánum sem fylgir bílnum birtast ekki aðeins upplýsingar sem snerta akstur-inn eins og meðalhraði og eldsneytisnotkun heldur er þar einnig hægt að sjá í hvaða átt er ekið, þökk sé innbyggðum áttavita sem er í bílnum, auk margra annarra skemmtilegra staðreynda. Akstursstölvan er reyndar svo háþróuð að hægt er að gleyma sér við hinar ýmsu stillingar í lengri tíma.

Aksturseiginleikar Tiguan Track & Field eru mjög góðir. Sex þrepa sjálfskipting er mjúk og góð en bæði er hægt að stilla yfir í sportstillingu auk þess sem breyta má úr sjálfskiptingu yfir í beinskiptingu. Krafturinn er meiri en nægur og nær kraftmikil dísilvélin að vinna vel úr hestöflunum 140. Þá er varla hægt að greina að hér sé dísilvél á ferðinni enda ekki vottur af traktorshljóði í henni og bíllinn almennt mjög hljóðlátur.

Tiguan er búinn tæknivæddu sítengdu aldrifi sem flytur afl vélarinnar til allra veghjóla bílsins í samræmi við þá viðspyrnu sem hvert þeirra hefur hverju sinni. Bíllinn er því ágætur í torfærum auk þess sem fjöðrun er fín á malarvegum.

Togið í vélinni er gott, 320 Nm, og því má bíllinn draga um 2,5 tonn. Má því segja að sportjeppinn sé góður kostur fyrir hjólhýsa- og fellihýsaeigendur. Auk þess má fá á bílinn nýjan dráttarbúnað, dráttartengi á liðamótum sem með einu handtaki er sett í notkunarstöðu og síðan fellt inn undir stuðarann þegar ekki er verið að nota það.

Þægindin eru í algjöru fyrirrúmi í VW Tiguan, hvort sem um ræðir ökumann eða farþega. Sætin eru bæði falleg og þægilega hönnuð, fótarými er nægt og lítil hólf um allan bíl þar sem geyma má hluti af ýmsum stærðum og gerðum. Þá má nefna borð í baki framsæta sem farþegar í aftursæti geta notað til að geyma drykki, lestrarefni eða leikföng.

Þrátt fyrir að vera mun „ójeppalegri“ í útliti en stóri bróðir Touareg er rýmið mjög gott í Tiguan. Vel fer um ökumann og farþega en auk þess er skottið rúmgott, 470 lítrar, og því einkar hentugt fyrir ferðaglaðar fjölskyldur. *solveig@frettabladid.is*

**VOLKSWAGEN TIGUAN TRACK & FIELD TDI**

**Hö:** 140
**Tog:** 320 Nm
**Skipting:** 6 þrepa sjálfskipting
**Þyngd** 1604/2260 kg
**Hröðun** 0-100 km/klst: 10,7 sek
**Eyðsla bl. akstur:** 7,5 l/100 km
**Veghæð:** 20 cm
**Farangursrými:** 470/1510 lítrar.
**Umboð:** Hekla
**Verð:** 4.650.000 krónur.

# ÍS BAND.IS

ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF. **BÍLAINNFLUTNINGUR**

Funahöfða 1 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433 - Fax 534 4430 - is-band@isband.is - www.isband.is

## Grípið tækifærið og tryggið ykkur nýjan bíl á verði sem ekki hefur sést áður. Erum með sendingu af nýjum lúxusbílum, jeppum og atvinnubílum




**ATH. ATH. Aðeins 20 bílar á þessu ótrúlega verði ATH. ATH.**

## Jeep Grand Cherokee Laredo X V6 3,7

þessi er hlaðinn aukabúnaði td, Leðurklæddur, Quadra Track 2 fjórhjóladrif með lágu drifi og skriðvörn, hlífðarplötur, hiti í sætum og speglum, þakbogar, bakk skynjarar, hljómkerfi með 6 diska og MP3 spilara, sóllúga, fjarstart, þokuljós, dagljósabúnaður leðuraðgerðarstýri, Hliðar loftpúðar, Rafmagns bílstjóra og farþegasæti, Rafstillanlegir petalar.



DODGE DAKODA Verð frá 1.679.000 án/vsk sjá nánar www.is-band.is



DODGE RAM REG CAB 1500 4X4 Verð 2.240.000 án/vsk sjá nánar www.is-band.is



DODGE RAM QUAD CAB 1500 4X4 Verð 2.400.000 án/vsk sjá nánar www.is-band.is




JEEP PATRIOT 4X4 verð frá 2.690þ sjá nánar www.is-band.is




JEEP COMMANDER 4X4 Verð 3.490.000 sjá nánar www.is-band.is



DODGE NITRO SXT 4X4 Verð 3.390.000 sjá nánar www.is-band.is



Dodge Charger R/T Hemi verð 4.290þ sjá nánar www.is-band.is




Chrysler 300 Limited verð 3.990þ sjá nánar www.is-band.is




Chrysler 300C Hemi verð 4.490þ sjá nánar www.is-band.is

Sjá nánar á www.isband.is • Þjónustuaðili okkar er RÆSIR HF

# Draumurinn að stofna buggy-bílasamfélag

**Ekki hefur borið mikið á buggy-bílum hérlendis en þar gæti breyting orðið á að sögn Arnars Ólasonar, sem hefur ásamt félaga sínum Eiríki Vignissyni hafið innflutning og sölu á buggy-bílum til landsins.**



Bíllinn sómir sér vel á fjallstindi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Arnar Ólason vígalegur við stýrið.



Fjöll og snjór eru engin fyrirstaða fyrir buggy-bílana.

„Ár er síðan við félagarnir fórum fyrst að hugsa út í þetta. Félagi minn vildi fá sér svona svipað tæki en þó ekki fjórhjól. Við vissum um marga sem höfðu lent í óhappi á fjórhjólum og við vildum eitthvað öruggara,“ rifjar Arnar upp.

Félagarnir leituðu á netinu, fundu buggy-bíla og höfðu samband við nokkra framleiðendur þar til sá rétti fannst. Þá fóru hjólin að snúast. Sá buggy-bíll sem þeir félagar flytja nú inn er einn sá fyrsti sem framleiddur er fjórhjóladrifinn.

Að sögn Arnars er þó nokkur munur á buggy-bílum og fjórhjólum. Bíllinn er búinn tveimur sætum, fjögurra punda belti og veltibúri svo bílarnir eru öruggari.

„Buggy-bílarnir eru síðan götuskráðir og því má keyra þá á götunum,“ bendir hann á. „Þeir eru skráðir sem fjórhjól og einnig tryggðir sem slíkir.“ Hann bætir við að buggy-bílar séu tilvalin tæki fyrir sumarbústaðaeigendur þar sem eigendur bústaðanna geta ferðast um nágrenni bústaðarins á þeim.

Hver buggy-bíll vegur fjögur hundruð kíló, er með 500 kúbika fjórhjóla mótor og drífur mjög vel í torfærum. Hámarkshraði bílanna er níutíu kílómetrar á klukkustund. Hvert eintak kostar 990.000 krónur og lítið vandamál ætti að vera að fjármagna tækin að mati Arnars, þar sem hægt er að fá hefðbundin bílalán á þá.

Arnar bendir á að buggy-bílarnir verði fullþjónustaðir; til séu varahlutir og annað sem til falli að bílunum. „Draumurinn er sá að hér verði til buggy-bílasamfélag og einhvern daginn verði keppt á þessum bílum. En tíminn verður að leiða það í ljós,“ segir Arnar, sem ætlar í samstarfi við félag sinn Eirík Vignisson að flytja inn fleiri tegundir bíla, meðal annars minni bíla sem munu keppa við fjórhjól fyrir börn bæði hvað varðar verð og gæði.

Á heimasíðunni www.buggy.is má finna upplýsingar um buggy-bílana og skoða myndir.

*mikael@frettabladid.is*




## FYRSTI BÍLLINN



Árni Johnsen lenti í ýmsum ævintýrum á fyrsta bílnum, sem hann eignaðist árið 1967. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fékk Skoda-Benz fyrir svartfuglsegg

„Fyrsti bíllinn sem ég eignaðist var flottur, svartur Skoda-Benz,“ segir alþingismaðurinn Árni Johnsen hláturmildur þegar hann minnist fyrstu bílkaupanna, sem áttu sér stað á bílastæði Álftamýrarskóla einn fagran haustdag árið 1967.

„Þá var ég nýútskrifaður kennari og hafði þríhringt á leigubíl sem aldrei kom. Þá segir einn samkennari minn: „Ég skal selja þér bílinn minn. Hann er hérna á hlaðinu, tilbúinn til reiðar.“ Og ég dró upp ávísanaheftið, fékk lyklana, keyrði á honum leiðar minnar og kláraði dæmið með eggjasölupeningunum mínum,“ segir Árni, sem reiddi fram 25 þúsund krónur fyrir biksvartan Skoda Octavia með snúningssveif.

„Þetta voru ósköp aulalegir Austur-Evrópubílar og Skódi var nú þannig á þeim tíma að rafmagnið var ekki alltaf í lagi og víst þurfti ég oft að snúa honum í gang. Botninn í honum var líka lélegur og þurfti ég að hafa hlera í gólfinu farþegamegin því annars hlupu menn bara með bílnum,“ segir Árni broshýr þegar hann minnist bílsins, sem opinberlega var skráður sem Skoda-Benz.

„Þegar ég lét færa hann á mitt nafn í Bifreiðaskráningu spurði afgreiðslumaðurinn af hvaða tegund bíllinn væri og ég svaraði því til að þetta væri Skoda-Benz. „Einmitt,“ sagði hann grafalvarlegur og fattaði ekki húmorinn, en skráði eigendaskiptin þannig. Ég er því eini maðurinn sem átt hefur Skoda-Benz á Íslandi.“

*- þlg*




## Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.




**SX4 2.650 þús.**
Bíll með kröftugt útlit, mikla veghæð og fjöðrun fyrir fjölbreyttar aðstæður. „Crossover" hönnun SX4 gefur ökumanni og farþegum meira rými, hærra aðgengi og betri yfirsýn. Drifbúnaður SX4 gefur möguleika á framdrifi, sítengdu fjórhjóladrifi og læstu fjórhjóladrifi.




**SWIFT 4X4 2.150 þús.**
Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.




**JIMNY 2.240 þús.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.

**SUZUKI SPARNEYTNI** — **SUZUKI** — **TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKIBILAR.IS**



Hinn ofurvinsæli Mazda6, sem Japanar hafa helst keypt í perluhvítum, stormbláum og svartsanseruðum lit.

# Heitari en lummur

Það er ekkert heitara í Japan um þessar mundir en nýr og endurhannaður Mazda6, enda selst hann eins og heitar lummur þar í landi. Salan fyrstu þrjá mánuðina er þrisvar sinnum meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og í febrúarmánuði einum seldust 4.500 bílar til Japana.

Mazda6 er af fyrstu kynslóð nýrrar hönnunar hjá Mazda og endurspeglar stóraukna akstursánægju, þægindi, öryggi og vistmildi. Hugmyndafræðin; Zoom-Zoom, hittir beint í mark ef marka má viðtökur almennings því Mazda2, sem einnig byggir á nýju hugmyndafræðinni, hefur hitt neytendur í hjartastað hvar sem hann hefur verið kynntur.

Markhópur Mazda6 var áætlaður á aldursbilinu 30 til 50 ára, en svo virðist sem bíllinn höfði til mun breiðari hóps. Meðal ástæðna eru án efa framúrskarandi útlitshönnun, góðir og stöðugir aksturseiginleikar, rúmgott og vel hljóðeinangrað farþegarými og gott farangurspláss.

*- þlg*

# Stór smábíll frá Hyundai

Nýlega setti bílaframleiðandinn Hyundai á markaðinn millistærð af fólksbíl, Hyundai i10.

Bílnum er ætlað að höfða til ungs fólks og þeirra sem vilja ódýra og sparneytna bíla. Hyundai i10 hefur það fram yfir forvera sinn Hyundai Atos að vera sjálfskiptur, farangursrýmið er stærra og rafmagn er í öllum hurðum. Einnig er bíllinn stærri en aðrir smábílar á markaðnum en hann er fimm manna meðan aðrar gerðir smábíla taka yfirleitt fjóra farþega. Bíllinn stenst kröfur Reykjavíkurborgar um græn skref, sem þýðir að honum er hægt að leggja gjaldfrjálst í miðborginni.

Hyundai i10 smábíllinn verður frumsýndur á Íslandi í maí hjá B&L.

*- rat*



Hyundai i10 er fimm manna smábíll.



„Afgreiðslan er alltaf skotheld, sem er mikill kostur í þessum bransa," segir Þórður í versluninni varahlutir.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bretti, húdd og stuðarar

**Vefverslunin Varahlutir.is hefur verið við lýði í hálft þriðja ár. Nú er hún flutt í eigið húsnæði að Norðurhellu 8 í Hafnarfirði og þar er líka verið að setja upp verkstæði.**

Þórður Bragason á verslunina Varahlutir.is sem selur boddívarahluti eins og ljós, bretti, húdd og stuðara í flestar tegundir bíla. Hann segir bæði verkstæði og einstaklinga nýta sér þjónustuna og lýsir fyrirkomulaginu svo: „Fólk fer inn á síðuna www.varahlutir.is og leitar að ákveðnum bíl. Þar getur það séð allt sem er í boði í þann bíl og hvað það kostar. Ef grænn punktur er við hliðina á verðinu er hluturinn til á lager, annars ekki, en þá er auðvelt að panta hann."

En hvernig haga menn sér þegar þeir hafa fundið á síðunni það sem þá vantar? „Ég keyri mikið út á verkstæðin og pósturinn sækir hingað það sem fer út á land en flestir einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu koma til mín og sækja það sem þeir þurfa. Afgreiðslan er alltaf skotheld, sem er mikill kostur í þessum bransa. Það er dýrt að fá rangan hlut, mála hann og komast svo að því að hann passar ekki og þurfa þá að byrja á öllu upp á nýtt," segir Þórður.

Athygli vekur að verð er skráð við hvern hlut og Þórður er spurður hvort verðið breytist dag frá degi í verðbólgunni. „Ég forðast breytingar á verði eins og ég mögulega get og ætla að reyna að bíða og sjá hvar þessar hræringar enda," segir hann. „Ef einhver pantar varahlut á einu verði get ég heldur ekki ætlast til að hann borgi hann hærra verði þó að varan hafi hækkað í innkaupum. Ég held að lagabókstafurinn segi þetta. Ég vinn að minnsta kosti eftir því."

Þar sem bílategundir eru býsna margar er Þórður spurður hvort erfitt sé að halda utan um lagerinn. Þá brosir hann góðlátlega og svarar: „Það væri erfitt ef ég þyrfti að vera með allt í kollinum en ég smíðaði mér nokkur kerfi í tölvunni til að halda utan um lagerinn." Þegar nánar er grennslast fyrir hefur hann unnið bæði við bíla og tölvur áður og sú reynsla nýtist honum vel í þessu fyrirtæki. Hann kveðst hafa ákveðið að sérhæfa sig í boddívarahlutum en sleppa öðrum því auðveldara sé að byggja fyrirtækið upp á þekkingargrunni sem sé þröngur en breiður. „Þetta er spurning um þjónustu," segir hann. „Og þjónustan hangir alltaf saman við þekkingu."

*- gun*





Volvo XC 90 hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Vel fer um farþega en gert er ráð fyrir sjö manns í bifreiðinni.



Aðbúnaður ökumannsins er með besta móti.

# Öryggi og kraftur í fyrirrúmi

**REYNSLUAKSTUR**

**Volvo XC90 Sport hefur allt sem góður sportjeppi þarf að bera og ætti ekki að valda vonbrigðum.**

Jeppar eru í mikilli sókn og njóta meiri vinsælda nú en áður. Þar er Volvo XC90 sportjeppinn engin undantekning, enda fallegur bæði að innan sem utan.

Volvo XC90 hefur fengið yfir fimmtíu alþjóðleg verðlaun fyrir hönnun, öryggi og vistmildi svo fátt eitt sé nefnt og skal engan undra.

Bíllinn býr yfir talsverðri tækni og er öryggisbúnaður hans með besta móti. Í staðalbúnaði bifreiðarinnar má líta á fjölmörg öryggisatriði sem mættu sjást í fleiri bílum, svo sem sex loftpúðar með loftpúðatjöldum fyrir glugga að framan og aftan, ný yfirbygging úr boron-stáli, veltivörn og bakhnykksvörn.

Sem fyrr sagði hefur boron-stál verið notað í yfirbyggingu bílsins, en þessi tegund af stáli er sögð vera fimm sinnum sterkara en það venjulega. Stálið eykur því öryggi ökumanns og farþega ásamt því að ýta auðvitað undir öryggiskennd bílstjórans þegar haldið er af stað.

Fjöðrunarbúnaður Volvo XC90 er einnig magnaður, einn sá besti sem fæst. Bíllin er búinn sportfjöðrun og sjálfstæðri fjölarma afturfjöðrun. Jeppinn helst þannig stöðugur sama hvert undirlagið er. Bíllinn er glæsilegur að innan, stílhreinn og plássið mikið fyrir ökumann og farþega. Hann er skráður sjö manna og fer vel um farþega sem sitja í aftursæti, en hægt er að færa aftursætin fram og aftur eftir hentisemi.

Þá skilar 4,4 lítra V8 vélin ótrúlegu afli og snerpu. Hún skilar 315 hestöflun og það nýtist hvert einasta hestafl.

Þeir sem eru hugsa um að fá sér jeppa gætu sannarlega haft gaman að kynna sér Volvo XC90 Sport betur, sportjeppa sem búinn er öllum helstu eiginleikum góðs jeppa, hvort sem um ræðir kraft, öryggi eða fallega hönnun. Óhætt er að segja að Volvo XC90 bíllinn hitti beint í mark og skili sínu til ökumannsins. *mikael@frettabladid.is*

**VOLVO XC90**

**Hö:** 315
**Tog:** 440 Nm
**Skipting:** Geartronic 6 þrepa sjálfskipting
**Þyngd:** 2.250 kg
**Hröðun 0-100 km/klst:** 8,5 sek
**Eyðsla bl. akstur:** 13,3 l/100 km
**Veghæð:** 22 cm
**Farangursrými:** 615/1837 lítrar
**Umboð:** Brimborg
**Verð:** 8.690.000




* Verð í auglýsingunni er án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af Transit er samlitur á stuðara og grilli og þokuljós í framstuðara. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Vega og framkvæmdamerkingar




ICON AUGLÝSINGAHÚS

Síðumúli 28
108 Reykjavík
Sími 510 5100
www.ismar.is

ÍSMAR
*Við mælum með því besta*

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.notadirbilar.is
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



RAM 1500, Árg.03, 72þ. km, ssk, dráttarb, ofl.. Verð 2.590þ. TILBOÐ 1.990þ!!



OPEL ZAFÍRA 1.8 COMFORT ARTIC EDITION, Árg. 04/02, 105þ. km, ssk, álf, dráttark, auka felgur og dekk o.fl... Verð 1.390þ. TILBOÐ 895þ!!



VW POLO COMFORTLINE, Nýskr. 06/04, 20þ. km, ssk, álf, o.fl.. Verð 1.190 þ. TILBOÐ 990þ!!

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



HARLEY DAVIDSON VRSCDX NIGHT ROD SPECIAL, V2 1100cc, 117 Hestöfl, ek 2 þ. km, Glæsilegt hjól, Verð 2.600 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120583 S: 567 2700.



HONDA SHADOW VT1100C árg 2002, ek 13 þ. m, 1100cc, 60 hestöfl, 5 gíra, Verð 860 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120499 S. 567 2700

Vegna mikillar sölu vantar hjól á skrá og í sal.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100bilar.is bílasala



MMC Pajero INT. Turbo langur 32", árg. '99, ek. 162 þús. km, ssk., diesel, dráttarkúla, topplúga ofl. Verð 1.190 þús.kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Land Rover Defender 2003, ek. 180.000, spil snorkel, breyttur f. 37", super swamper dekk eru undir. Verð 2.750.000. S. 822 0011.



Toyota Avensis '00 1800 ssk. með lúgu, lítið ekinn í góðu standi. Áhvílandi 600 þ. S. 693 7024.



Suzki Grand Vitara árg. '05. 7 manna Ek. 71 þ. 6 cyl. 185 hö. V. 1980 þ. Hugsanleg skipti á bíl ca. 300 þ. S. 822 6343 Jón.



Til sölu Toyota Camry árg. '96, ssk., sk., ek., 153.000 þ.km, ný skoðaður. Tilboð kr 350,000 Uppl. í síma 820 7378 & 699 0415.



**300.000.- afsláttur..!**
Toyota Yaris sjálfskiptur árg. 10/'07, ekinn 5 þ. Heilsársdekk, filmur,spoiler, kastarar. Listaverð 2140 þ. mitt verð 1840 þ. stgr.!!! Áhvílandi 1620 þ. Uppl. í s. 842 6602.



Einn á Gamla genginu Audi A4 2.0 Turbo Quattro árg. '07 ek. 18 þ. Verð 4290 þ. tilb. 3900 þ. S. 821 4068.

hafell Við lifum á jörðinni!



Scania R144-470 árg 2005 ek. 270 þ.km ný upptekinn motor og einnig Langendorf malarvagn árg 1999 verð 9,5 millj



Komatsu PC-130-6 árg 2000 ekinn 8,500 tíma með hraðtengi og skóflu verð 2 millj

Uppl. í s. 863 9994



Land Rover Discovery 3 HSE 4x4 . Árgerð 2005. Ekinn 53 þ.km Sjálfskiptur. 7 manna. Aukasæti fellanleg ofan í gólf. Leðurinnrétting. 3 sóllúgur. Harmon Kardon hljómkerfi. Raddstýring. 19" álfelgur. Rafmagn, minni og hiti í fram og aftursætum. Hiti í framrúðu og rúðusprautum. Bakkskynjari. Hvít stefniljós. Loftpúðafjöðrun sem má hækkka og lækka. Verð 5.7 milljónir. Ekkert áhvílandi. Uppl. í síma 695 3822.



**45% afsláttur**
Toyota Corolla L/B nýskr. 6/2000 ekinn 141 þ. km, 5 gíra, 1.4 vél, ljósgrár, sumar og vetrardekk. Verð 550.000. Tilboð 299.000. Uppl. í síma 863 0149.



VW Passat TDI Highline diesel árg. '07 ekinn 18 þ. Einn með öllu. Verð 3690 þ. Lán 3300 þ. S. 898 2811.



Subaru Legacy 2.0 árg. 2008, ekinn 3 þ. sjálfskiptur, sumar og vetrardekk á álfelgum. S. 898 2811.



**Útsala Útsala!!**
VW Golf árg. '98. Ek.139 þ. 1.6, bsk. Verð 285 þ. stgr. Uppl. í s. 898 2111.



**Sparibaukur í verðbólgunni**
3,7L á 100km. Toyota Aygo árg. '06, ek 38þ. Frítt í stöðumæla :) 100% yfirtaka s: 820 0799.

Izuzu Trooper 3.0 TDI 33" 5g. 7 manna. Ný dekk og álfelgur Sk. '09. Ný túrbína, fæst á mjög góðu verði S. 663 0710.

Til sölu 3 Citroen Berlingo. Árg.'07. Tveir bensín, einn disel. Gráir á lit. Ek. rúm 20 þús. Lán getur fylgt. Uppl. í s. 824 1450, Stefán.

Nissan Micra árg.'04. Gullsanseraður á lit. Ek. 51 þ. km. Bsk. 4 dyra. Sumar-og vetradekk. Yfirtaka á láni 900 þ. Uppl. í s. 824 1450, Stefán.

Suzuki Vitara 5 dyra árg. '98, bsk., ek. 130 þús. Gott eintak. Góður stgr. afsláttur. V. 300 þús. Uppl. í s. 893 2580 / 554 0972.

VW Golf '99 1.6 bensín. Sjsk, ek. 145 þ.km. Verð 350 þ. S. 894 3998.

Til sölu Nissan Micra '98 3d., ssk., ek. 100 þ. km.Mjög vel með farin bíll. Verð 220 þ. stgr. Uppl. í s. 697 7236, Margrét.

### 0-250 þús.



Til sölu Skoda Felica '99, 5 gíra, ekinn 103 þús. km, ný tímareim, sk. '09. Verð 150 þús. Uppl. í síma 892 2038.



**Útsala Útsala!!**
VW Passat árg. '99. Ek. 135 þ. Nýskoðaður. Fallegur bíll. Verð 475 þ. stgr. Uppl. í s. 898 2111.

Jeep Cherokee '91 Litur vel út, sk. '09, er á nýl. 33" dekkjum og felgum. S. 695 0028.

Opel Astra árg. '97 station sk. út árið. Verð 95 þús. Sími 699 7068.

Cherokee 4.0 litra árg '92, ekinn.150 þús ssk, sko.'08, rafm.í rúð, nýtt púst fæst á 75 þús. s:8477663

### 500-999 þús.



Renault Clio 2003, ekinn 34 þ.km. Skoðaður til 2009. Verð 760.000. Sími 861 4820.



Til sölu Toyota Avensis stasion árg. 2003, ekinn 124 þ. gegn yfirtökku á láni 950.000. Uppl. í síma 699 4659.

Skoda Fabia '00, ek. 81 þ.km, fæst gegn yfirtöku, áhv. 600 þ. Uppl. í s. 662 2883.

### 1-2 milljónir



Ford Focus árg. '05 ekinn 50 þús., reyklaus. Mjög vel farinn og góður bíl. Uppl. í s. 663 2555.



Toyota Avensis 1800 VVT bsk., 5g., ek. 55 þ., nýskr. 02/'04. Topplúga, gott viðhald, 1 eig. V. 1890 þ. S. 691 1279.

### 2 milljónir +



TOYOTA LC120 05/2005 GX DIESEL... TILBOÐ... Sjsk(5þrepa), Beisli, Filmur, Ek.94þkm. Toppeintak, Listaverð 4900þ..TILBOÐ 4290Þ.. Áhv. 3540þ(ísl. lán) Uppl. í S:699-6580

### Bílar óskast

Óska eftir ódýrum bíl sem fæst undir listaverði 50 - 300 þ. staðgreitt , allt kemur til greina uppl. í síma 857 7245 og laekjamot@simnet.is

Óska eftir skoðuðum bíl á verðbilinu 50-100 þús. Uppl. í s. 661 9851.

Óska eftir bíl á verðbilinu 0-100 þús. skoða allt. S. 659 8771.

### Jeppar



LandCruiser 120 GX diesel 06/'05, grár, 33", ek. 38 þ. ssk. 6diska CD, krókur, húddhlíf, sílsalistar. V. 5.490 þús. Hagstætt bílalán. S. 892 9804.



Jeep Grand Cherokee LDT 5.7 Hemi árg. 2005, ekinn 52 þ.km. Einn eigandi, DVD, leður, krókur, topplúga. Einn með öllu. Verð 3690 þ. Tilboð 2900 þ. S. 898 2811.

Toyota Land Cruiser 90 VX '97 Turbo diesel, ek. aðeins 190 þ. 33" ný heilsársdekk, krókur, CD, hiti í sætum, filmur ofl. Topp eintak. S.892 9804.

Opel Frontera '97 ek. 158 þ. Listaverð 310 þ. Þarfnast smá lagfæ. Tilboð 160 stgr. S. 899 0407.

### Pallbílar



GMC 2500 6.6 Duramax diesel árg. 2002, ekinn 125 þ.km. Leður, góður bíll. Verð 2490 þ. S. 898 2811.



**Útsala Útsala!!**
Ford F150 Lariat árg. '05, verð 2.990.000 stgr. Möguleiki á góðu láni. Uppl. í s. 898 2111.

### Sendibílar

Benz 1117 árg. '92, 6 metra kassi, loftpúðar, lyfta. Nýtt púst og ný dekk. Ek. 325 þús. Uppl. í s. 899 1890.

### Húsbílar




**Til sölu gott úrval Pallhýsa.**
Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl í síma 421-7922 eða Ágúst 864-0982, Jóhannes 896-2317 www.pallhysi.is JS Campers ehf.

### Mótorhjól



Honda VTX1800 2003. Verð 1090 þús. Fleirri myndir af þessu hjóli á www.motorhjol.net Yfir 100 notuð hjól til sölu á verðum sem ekki hafa sést áður á Íslandi. Uppl. í s. 824 6600.



Yamaha R1 2004. Flott hjól. Ásett verð 1.090.000. Áhvílandi 580.000 ca. 18.000 á mán. Skoða skipti. S. 693 5053.



Yamaha Bigwheel 350 til sölu. V. 250 þús. Uppl. í s. 893 8617.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Þarftu að leigja?**
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus LEIGUMIÐLUN

111 fm hæð á 3ju. hæð í Skaftahlíð 105 Reykjavík. Ein íbúð á hæðinni. Skemmtilegt útsýni í suð-vestur. Leiga á mánuði 150.000 kr. Uppl. í síma 892 8996 eða helgi@bpship.is

3ja herb. íbúð í 105 til leigu. leiga 120 þ. pr. mán. Upplýsingar í síma 660 1792.

Glæsileg 4 herb.106fm íb. í 112 til leigu, 160 þ. á mán. m/húsgj. og hita. Laus strax. S. 897 7783.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 3ja herb. 78 fm íbúð í póstn 101/105. Íbúðin er ný máluð og leigist með öllum húsgögnum ásamt þvottavél, ísskáp ofl. Tilbúin til búsetu. V. 140 þús. per. mán. allt innifalið hiti, rafm., hússjóður. Uppl. á 3jaherb@visir.is

108-laus.Langt.leiga.Falleg,björt 2-3ja hb.ib.nál.Fossv.Sér inng.Jh.Fyrirfr. gr.+100% ábyrgð.S.6234910.

80fm, 2ja herb. björt og falleg íbúð til leigu á neðri hæð í einbýlishúsi í Seljahverfi. Verð 110 þús á mán með hita + rafmagni. Laus strax. Nánari uppl. í s. 770 7022.

Ný 109 fm 4 herb. íbúð í Norðlingaholti pnr. 110. Laus strax. Leiga 168 þ. á mán. Hússj. og hiti innifalið. Trygging óskast. S. 659 7822.

Til sölu/leigu einbýlishús á Seyðisfirði. Losnar í sept. Uppl. í s. 869 4892.

4 herb. íbúð á Holtinu í Hfj til leigu. Getur losnað fljótlega. Uppl. í s. 565 2165.

Til leigu stór 2 herb. íbúð á svæði 109. Leiga 125 þús á mán. 3 mán fyrirfram. Uppl. í s. 663 0867.

**Perlan - 105**
Til leigu rúmgóð herb. á frábærum stað í bænum. Nokkrar stærðir í boði. Baðaðst. afnot af þvottavél og glæsilegu eldh., laust fljótlega. Uppl. í s. 863 3328 & 846 0408.

Til leigu 3ja herb.íbúð í Dalseli, Breiðholti. Íbúðin er mikið endurnýjuð bílskýli fylgir.Verð 140þús.á mánuði 3 mán.fyrirfram eða trygging.Uppl. í síma 893-5164.

## Húsnæði óskast

Karlmaður og 26 ára dóttir óska eftir húsnæði helst á sv. 170, en allt kemur til greina. S. 844 1367.

Hjón með tvö börn nýkomin úr námi frá DK óska eftir 4 herb. íbúð í Ártúnsholti. Hámark 150 þús. Uppl. svakagella@gmail.com - 699 7139.

Par um fertugt með tvo stráka bráðvantar 4 herb. íbúð frá 1 mai. Reyklaus og reglusöm. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 517 1559 & 695 9840.

Fyrirtæki óskar eftir 1 -2 herb. íb. á höfuðb.sv. get útv. ábyrgðir S. 663 2130.

## Sumarbústaðir



Til sölu Sumarhús í landi Brjánstaða Grímsnesi (Minni Borg) Húsið er á ræktaðiri eignarlóð 1 hektari, húsið er byggt 2002 Grunnflötur 54m2 ásamt 20m2 svefnlofti. 7m2 útihúsi 60m2 verönd Ýmis skipti koma til greina. Uppl. í sima 869 9540 eða e mail á pallij@hive.is

## Atvinnuhúsnæði

Vantar þig lagerrými? Erum með lagerrými til leigu, 50-500fm. Upplýsingar í síma 695 7045 eða 570 7010.

3ja herb.íbúð 100 fm með bílskýli í Baugakór í Kópavogi til leigu. Laus frá 1.apríl. 170.000 kr. með öllu. Þrír mán.fyrirfram og bankatrygging. Sími: 6612007

Óska eftir að leigja 100-250 fm iðnaðarhúsnæði með góða lofthæð á höfuðborgarsvæðinu. S. 896 1634.

70-90 fm húsnæði til leigu í 210 GB, sameiginlegar innkeyrsludyr, hentar ekki bílaþjónustu. Uppl. í s. 552 5354 f. hád.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

miðlun

**Aukavinna við sölu um kvöld og helgar**
**Miðlun leitar að sölufólki á kvöldin og um helgar. Verkefnin felast í að hringja til almennings, kynna vörur, selja þjónustu, bóka söluheimsóknir o.fl. Fjölbreytt verkefni sem henta öllum sem hafa gaman af að selja. Við leitum að fólk sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum. Reynsla er kostur en ekki skilyrði. Lámarksaldur er 18 ár en við leitum ekki síður af fullorðnu fólki með fjölbreytta reynslu að baki.**
**Nánari upplýsingar hjá andri@midlun.is (Reykjavík) og andrea@midlun.is (Akureyri).**

**Kvöld- og helgarþjónusta.**
**Óskum eftir starfsfólki til að sinna kvöld- og helgarþjónustu í félagslegri heimaþjónustu í Laugardalshverfi. Unnið aðra hvora viku.**
**Nánari upplýsingar gefa María Þórarinsdóttir í síma 411 2500, netfang: maria.thorarinsdottir@reykjavik.is og Guðbjörg Vignisdóttir í síma 422 2500, netfang: gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is**

N1

**Smurstöð**
N1 óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni til starfa á smurstöð félagsins við Fellsmúla. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af smurþjónustu og bílaviðgerðum. Nánari upplýsingar veitir Sigmar Gíslason í síma 530 5710. Áhugasamir sæki um á www.n1.is

serrano

**Serrano Hafnarfjörður - Mánaðarlaun 180-190.000**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í fullt starf og hluta starf á nýjan veitingarstað okkar, Serrano í Hafnarfirði. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavini Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 180-190.000 kr.**
**Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano í síma 899 8947.**

**Gullnesti Grafavogi**
**Óskar eftir íslenskumælandi starfsmanni í fullt starf.**
**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.**

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust**
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 18 ára koma ekki til greina.**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT – KORNIÐ BAKARI

Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa í verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 864 1593, Ella.

PÁLMATRÉ BYGGINGAVERKTAKI

Duglegir og stundvísir verkamenn óskast til starfa í Mosfellsbæ. Sími 898 9313, Pálmi.

**Óskum eftir vönum vélamönnum og bílstjóra á malarflutningabíl.**
**Upplýsingar í síma 660 8500.**

PÁLMATRÉ BYGGINGAVERKTAKI

Óskum eftir tilboðum í uppsetningu gifsveggja í íbúðablokk. Sími 898 9313 Pálmi.

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 13-19. Einnig einn dag aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.**

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.**

**Bakaríið Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða duglega og ábyrga manneskju til afgreiðslustarfa. Unnið er á vöktum eftir nánara samkomulagi. Einnig óskast starfsfólk til helgarvinnu, önnur hver helgi.**
**Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Steinar í s. 860 3147.**

**Bakaríið Hraunbergi 4**
**Óskar eftir að ráða duglega og ábyrga manneskju til afgreiðslustarfa. Unnið er á vöktum eftir nánara samkomulagi. Einnig óskast starfsfólk til helgarvinnu, önnur hver helgi.**
**Nánari uppl. veita Gunnar í s. 897 8101 og Steinar í s. 860 3147.**

JOLLI

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði.**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

aktu taktu

**Aktu Taktu Skúlagötu**
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

SUBWAY

**Vantar þig vinnu með skóla?**
**Nú hafa losnað fáein hlutastörf á Subway og því leitum við að jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Anna í síma 530 7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

**Bílstjórar óskast**
Pósthúsið óskar eftir duglegum bílstjórum til starfa sem fyrst. Um er að ræða akstur og dreifingu á fjölbreytilegum verkefnum Pósthússins. Vinnutíminn er frá 08-16 virka daga, yfirvinna skv. samkomulagi.
**Nánari upplýsingar**
má finna á www.posthusid.is, einnig er hægt að senda umsóknir eða fyrirspurnir á umsoknir@posthusid.is

**Búr ehf - Vaktstjóri**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við af sumarstarfsfólki.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

Olíudreifing

**Meiraprófsbílstjórar**
**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í sumarstörf með aðsetur í Reykjavík. Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Starfið stendur báðum kynjum til boða.**
**Nánari upplýsingar veitir Helgi M. Egonsson í síma 550 9937**
**Umsóknir berist til helgim@odr.is**

**Loftorka Reykjavík**
**Óskar eftir meiraprófsbílstjóra og vélamanni. Matur í hádeginu og heimkeyrsla**
**Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525.**

# TIL LEIGU



Terr Fjarskipti sjá um leigu á tetra talstöðvum á íslandi

Terr Fjarskipti býður fyrirtækjum, hópum og einstaklingum leigu á tetra talstöðvum. Tetra talstöðvar eru langdrægar talstöðvar sem hafa dreifikerfi um land allt.

Terr
Terr Fjarskipti
Stefán L. s. 846 2608
Ólafur Garðar s. 867 9067
terr@terr.is

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**

**Vorum að útskrifa úrvalslið af matreiðslumönnum og framreiðslumönnum og hlökkum til að fá nýja nema í lið með okkur. Langar þig til þess að læra matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**uppl. veitir Sigurður (867-4774) alla virka daga milli 10-17. Umsóknir berist á: valtyr@sjavarkjallarinn.is**

**Kievownik**

**Firma budowlona poszukuje cicsli z doswiadaeniem w systemie hunebek. kandydaci musza posiadac papievy i miec doiwiauzenic w prowadieniu buolowy i znac jgzyk angiclski. Tel 820 7062**

Fótaaðgerðafræðinar! okkur vantar góðan starfskraft á nýja stofu. Uppl. í síma 660 1792.

Óskum eftir dugmiklu starfsfólki á þjónustustöðvar okkar á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Umsóknir skal senda á elin@dekkjahollin.is eða koma á staðinn. Dekkjahöllin, s. 462 3002.

**Hjólagrafa**
Vélamaður óskast á hjólagröfu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

**Verkamenn**
Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Barngóðrar, duglegrar og viðkunnalegrar ömmu er leitað af hálfu 5 manna fjölskyldu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar í síma 553 8333.

**Hellulist**
Óskum eftir vélamönnum, vörubílstjórum og verkamönnum til jarðvinnu framkvæmda. Umsóknir sendist á gisli@hellulist.is eða í s. 698 5222.

**HENDUR.IS**
Fullt af spennandi störfum í boði.

**- Hlutastarf-**
Óskum eftir starfsmanni virka daga í móttöku í efnalaug, þæginleg vinna sem hentar fólki á öllum aldri. S. 896 8171.

Potrzebni doswiadczeni pracownicy do prac zwiazanych z betonem obróbka metali oraz konstrukcjami stalowymi. Tel. 868 2487.

Óskum eftir íslenskumælandi smiðum og verkstjóra. Uppl. í s. 893 0174 & 864 7414.

Matráður óskast til starfa í eldhús okkar. Nánari upplýsingar í síma 864 1593, Ella.

**- Vélamaður -**
Vanur hjólaskóflum óskast. Stundvísi og sjálfstæði nauðsynlegt. Mikil og stöðug vinna framundan. Góð laun fyrir réttan mann. Uppl. í síma 824 1840.

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

BS verktakar óska eftir að ráða duglegan og reglusaman aðila. Uppl. í s. 898 9993.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna dragnótabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað strax. S. 845 3480.

Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu! Við leitum að hressum og skemmtilegum starfsmanni sem hefur gaman af að vinna með börnum. Vinnutími eftir hádegi og um helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. stjornustelpur@stjornustelpur.is eða 555 6565.

Verkamaður óskast við byggingavinnu. Mikil innivinna framundan. Uppl. í s. 865 5795.

Annan stýrimann og matsvein vantar á tæplega 200 tonna dragnótabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. S. 845 3480.

## Atvinna óskast

Sjálfstætt starfandi smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Maður með með öll ökuréttindi óskar eftir aukavinnu við akstur á kvöldin og aðra hverja helgi. Helst á hópferðarbíl annað kemur til greina. Uppl. í s. 843 8915.

**HENDUR.IS**
Hagkvæmar og skilvirkar ráðningar á netinu.

**HENDUR.IS**
Þarftu að láta klippa trén, þrífa sameign, aðstoð með rafmagn eða eitthvað allt annað. Fáðu tilboð í verkið.

Ungur maður að leita að vinnu. Hef reynslu í uppsetningu gifsveggja, parketlögn og þess háttar iðnaðarvinnu. Stundvís og reglusamur. Tala góða ensku, er að læra ísl. S. 616 1788.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**-Bar Polonia-**
**Zaprasza na dyskoteke, piatek, sobota. Wstep free - muzyka dla wszystkich - Bar Polonia otwarty codziennie od 17.00-24.00 piatek, sobota do 03.00, Hafnarfjörður, ul. Flatahrauni 21. Zapraszamy serdecznie.**

## TIL LEIGU

**SKRIFSTOFUHERBERGI -KÓPAVOGUR**

Óska eftir að taka á leigu skrifstofuherbergi 25-35 fermetra í miðbæ Kópavogs,
Auðbrekka eða Nýbýlavegur koma einnig til greina.

Upplýsingar í síma 892-0906

**EIGNAMIÐLUN**
sala fasteigna í 50 ár
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali
**Sími 588 9090 • Síðumúla 21 • www.eignamidlun.is**

## NJÁLSGATA – MIKIÐ UPPGERÐ




Frum

Falleg og björt, rúmgóð og mikið endurnýjuð 3ja herb. 78,4 fm íbúð á 1.hæð, ásamt 7,2 fm geymslu í kjallara á þessum eftirsótta stað í 101 Reykjavík. Eikarparket og flísar á allri íbúðinni. Nýuppgert baðherbergi og eldhús. Loftlistar í allri íbúðinni. **Verð 23,8 millj.**

*Upplýsingar veitir Gunnar 824 9097.*

## ÁSVALLAGATA – EFRI HÆÐ




126,7 fm efri hæð og ris í reisulegu húsi við Ásvallagötu í Reykjavík. Auk þess er 32 fm bílskúr/íbúð. Neðri hæð: hol, stofa, borðstofa, eldhús, herbergi og baðherbergi. Ris: Tvö herbergi og óinnr. rými. Hellulagt plan. Lofthæð á neðri hæð er u.þ.b. 2,60 metrar. **Verð 38 millj.**

## TIL LEIGU

# Leiguíbúð við Torrevieja á Spáni





**Aqua Marina** *er fallegt hverfi sem jafnan er talið eitt best staðsetta hverfi* **Costa Blanca** *strandarinnar. Í hverfinu er stutt í alla þjónustu, svo sem fjölda veitingastaða, vínveitingahúsa, bankastofnana, matvörumarkaða sem eru opnir allan sólarhringinn, heilsugæslu, apótek og margt fleira. Tilvalið fyrir stærri fyrirtæki og félagasamtök.*

Kynni til leigu 3ja herbergja hótelíbúð með svefnplássi fyrir 4-6 manns.
Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum og litlum svefnsófa í stofu. Íbúðin er mjög vel búin í alla staði. Loftkælingar í öllum rýmum sem bæði hita og kæla, þvottavél, sjónvarp, dvd-spilari, gervihnattmóttakari, öll búsáhöld, sængurföt og handklæði. Bílastæði í kjallara fylgir. Lyfta er í húsinu. Gestamóttaka er við innganginn sem er opin með gæslu allan sólarhringinn. Einnig er á inngangshæðinni veitingastaður, bar og sundlaug í lokuðum bakgarði. Sanngjart leiguverð.

Mögulegt að leigja íbúðina til lengri eða skemmri tíma, fyrir einstaklinga, fjölskyldur, fyrirtæki og/eða félagasamtök.

**Nánari upplýsingar veitir Bogi í síma: 699-3444**

**Torfufell 25**
111 Reykjavík
Spennandi 3ja. Herbergja íbúð

**Stærð: 80,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1972**
**Brunabótamat: 11.500.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Mjódd


**Opið Hús**



**Opið hús í dag kl. 20,30-21:00**

**Verð: 17.800.000**

Falleg og björt 3ja herberga íbúð á 2. hæð í snyrtilegu fjölbýli. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a gluggar, gólf, eldhúsinnrétting og bað. Komið er inn í gott hol með stórum skáp. Parket er á holi, eldhúsi og stofu en fallegur dúkur á svefnherberjum, flísar á baði. Útgengt er á suðvestur svalir úr stofu. Falleg innrétting í eldhúsi. Góður skápur í hjónaherbergi. Sameiginleg þvotta og þurrkaðstaða í kjallara. Gervihnattadiskur. Sér 6 fm geymsla í kjallara. Upplýsingar gefur. Jóhanna síma 698769

Jóhanna Kristín
Sölufulltrúi
**698 7695**
jkt@remax.is


Árni Júlíusson
Sölufulltrúi
**897 6966**
ajul@remax.is


Guðmundur St. Ragnarsson
Lögg. fast. hdl.


**RE/MAX Mjódd - Þönglabakka 1 - 109 Reykjavík - Sími: 5209550 - www.remax.is**

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**


## ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.
Góð álagning. Falleg, hrífandi og auðseljanleg vara.
Verð ca. 12 m.
Svar merkt: „Uppgrip" sendist á netfangið: galle@isl.is




Spennandi fjarskiptafyrirtæki óskar eftir að ráða drífandi einstaklinga í störf sölufulltrúa Hive - Sko.

Starfið felur í sér að bjóða Íslendingum að lækka GSM-, ADSL- og heimasímareikninga sína um a.m.k. 20%.

**Vinnutími:**
Að minnnsta kosti tvö kvöld í viku frá kl. 18 til 22. Unnið er alla daga nema laugardaga og þú velur hvaða dagar henta þér best.

**Laun:**
Fast tímakaup + virkilega góðir sölubónusar. Raunhæf laun fyrir góða starfsmenn 20 – 30 þúsund á kvöldi.

**Fríðindi:**
Eftir vissan tíma í starfi njóta starfsmenn sérkjara á GSM og ADSL þjónustu.

**Æskilegir eiginleikar:**
Reynsla af sölu- og kynningum
Stundvísi
Áhugi á að standa sig vel í starfi
Þjónustulund, metnaður og heiðarleiki

Umsóknir sendist á **atvinna@hive.is** merktar „Sölufulltrúi".

Hive SKO

## Tréfag ehf
*traust byggingarfélag*

### Mótauppsláttur

Óska eftir 3-4 aðilum á aldrinum 25-35 vönum mótauppslætti (unnið er með hunnebeck mót )
Uppýsingar. í síma 564 6030.



**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars**
## auglýsir eftir rafvirkjum til starfa.

Nánari upplýsingar veitir Sölvi í síma 693-7329

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

vísir.is
*"...ég sá það á vísi"*

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Breytingar á veglínu í 2. áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar, Vopnafjarðarhreppi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **5. maí 2008.**

**Skipulagsstofnun**

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing
### um skipulagsmál

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi að svæði Hestamanna á Selfossi.

Tillaga þessi nær yfir uppskiptingu lóðanna Vallartröð 11-15 og Suðurtröð 18-20 í minni lóðir og úr verða lóðirnar Vallartröð 11, 13 og Suðurtröð 18 og 20. Hver ný lóð við Vallartröð verður frá 1.097 m2-1.185 að stærð og lóðir við Suðurtröð verða 1.350m2 og 1.591 m2 að stærð.

Tillagan nær einnig yfir tilfærslu byggingarreita frá lóðarmörkum í austurhluta lóða yfir í að vera 2,5 metra frá lóðarmörkum, á öllum lóðum á skipulagssvæðinu. Auk þess eru byggingarreitir stækkaðir til samræmis við nýtingarhlutfall lóða og kvöð um bindandi byggingarlínu afnumin.

Teikning og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 03. apríl til og með 02. maí 2008.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 16. maí 2008 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

**Selfossi, 1. apríl 2008.**

**Bárður Guðmundsson, skipulags- og Byggingarfulltrúi**



## Settu þitt mark á Fréttablaðið

Umbrotsmenn vantar til starfa á Fréttablaðinu. Bæði er um fastráðningu að ræða sem og sumarafleysingar. Umsækjendur þurfa að hafa góða kunnáttu á InDesign, vera vanir umbroti og geta unnið vel undir álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Fréttablaðið er lifandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem lagt eru upp úr góðri samvinnu og ábyrgð hvers og eins.

Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingibergsdóttur, framleiðslustjóra á netfangið kolbrun@frettabladid.is .

Umsóknarfrestur er til 11. april. Öllum umsóknum verður svarað

2 2 SPORT BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ vísir.is 365

# Heimsins þynnsta og léttasta fartölva

## Mac Book Air



**Mac Book Air**
1,6GHz Core 2 Duo • 2GB RAM • 80GB HD • Þráðlaust netkort (802.11n) • Bluetooth 2.1 +EDR • Innbyggð vefmyndavél • Upplýst lyklaborð • 1,36 kg / 0,4-1,94 sm þunn

**214.989 kr.**

**Mac Book Air**
1,8GHz Core 2 Duo • 2GB RAM • 80GB HD • Þráðlaust netkort (802.11n) • Bluetooth 2.1 +EDR • Innbyggð vefmyndavél • Upplýst lyklaborð • 1,36 kg / 0,4-1,94 sm þunn

**249.989 kr.**



## Carl Zeiss linsa

**Sony DSCW70**
7.1 Megapixla Super HCCD myndflaga • Carl Zeiss Vario-Tessar linsa • 3x optical aðdráttarlinsa • 2.5" LCD litaskjár • 58MB innbyggt minni • Lithium-Ion rafhlaða & hleðslutæki • Rafhlaða endist 400 myndir á hleðslu ° MemoryStick Duo kortarauf

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~39.989~~



## 7.2 milljónir punkta

**Canon IXUS 70**
7.2 MegaPixlar (1/2.5" CCD Myndflaga) • 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 5.8-17.4mm (35mm samb.:35-105mm) • ISO 80 - 1600 • 2.5" LCD skjár • DIGIC III með iSAPS • Hreyfimyndataka með hljóði (640 x 480, 30fps) • Tekur SD Kort • 16MB kort, USB Snúra og Hleðslurafhlöður fylgja

**27.989 kr.**
Fullt verð ~~34.989~~



**139.989 kr.**
32 tommur
100 riða

## Viera Link

**Panasonic TX32LX70F**
32" V-Real 2 LCD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • V-Real 2 Engine tækni • 100Hz Motion Picture Pro • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Skerpa: 8.500:1 • Advanced 3D Colour management • VIERA Link • 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi • SDHC kortalesari innbyggður • Textavarp ofl.

## 18 DVD myndir fylgja frítt með*
þessum sjónvörpum



*Gildir fyrir þriggja mynda DVD pakkningar!



**199.989 kr.**
42 tommur

## Plasma breiðtjald

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70

**Panasonic TH42PV70F**
42" V-Real 2 Plasma breiðtjald • 42" HD Ready 16:9 • Plasma Sjónvarp • Upplausn: 1024x768 punktar • V-Real 2 Engine tækni - Frábær myndgæði • Advanced 3D Colour management • Motion Pattern Noise Reduction • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Real Black Drive 10.000:1 skerpa • VIERA Link • 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi • Textavarp ofl



## 8 milljónir punkta

**Olympus MJU840**
Digital myndavél með 8 milljónir punkta upplausn • 8 MegaPixel • 5x Optical og 5.6x Digital Zoom • Linsa: 6.4 - 32mm • 2,7" LCD skjár • Frábær við öll birtuskilyrði • Dual Image Stabilization - Hristivörn • Face Detection Technology • TruePic III myndvinnsla • Hreyfimyndataka með hljóði • USB 2.0 • Tekur xD kort

**24.989 kr.**



## Stæða með MP3

**JVC UXS11**
10w RMS míkrósamstæða • 10w RMS magnari með Bass Boost • RDS útvarp með stöðvam. • Geislaspilari með MP3 • Spilar CD-R/RW • Klukka • Auto Reverse Segulband • Aux inng. að framan og heyrnartólstengi • Fjarstýring

**14.989 kr.**

## Opnunartími

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

# Philips 5 í 1 Universal fjarstýring



**Philips SRU9400**
Universal fjarstýring sem lærir • Stýrir 5 tækjum • LCD skjár sýnir bara takka sem þarf að nota • Hvítt bakljós • Lærir á aðrar fjarstýringar • Mjög auðveld í uppsetningu með LCD skjánum

**9.989kr.**

# GSM



**Nokia 1200**
GSM 900/1800 • Þyngd 77 grömm • Svartur skjár • Rafhlaða - 7 klst. í tali • Rafhlaða - 390 klst. í bið • Spilar fjölradda Pólýtóna • Titrari og handfrjáls hátalari • Reiknivél og símaskrá • Vekjaraklukka, leikir ofl • 4 MB minni • SMS

**4.989kr.**

# Þráðlaus SKYPE



**Doro 635ipw**
• Samsettur þráðlaus og Skype sími • Sýnir númer sem hringir • 6 stillanlegir hringitónar • Endurval í síðustu 10 númer • 50 númer í skrá • Fjöldi Skype stillinga • Skype voicemail indicator • 10 tímar í notkun - 100 í bið

**4.989kr.**

# GSM og MP3



**Samsung SGHJ200**
Einfaldur en fjölhæfur 3G sími • Rafhlaða endist allt að 300 klst í bið og 3 klst í tal • 1.3MP myndavél - vídeó • Polyphonic hringitónar og titringur • 1.8" skjár , 176 x 220 pixlar. • v2.0 Bluetooth A2DP • SMS , MMS , EMS , Email • Vistar 1000 símanúmer • Rauf fyrir minniskort - Micro SD• 2.0 USB • MP3 spilari • WAP 2.0 xHTML • Stærð: 103 x 44,5 x 15,5 mm • Þyngd: 79g

**19.989kr.**

# Hljóðnemi



**Varia American Performer**
• Hljóðnemi

**1.989kr.**

# Prentari



**Brother DPC350C**
Fjölnota prentari • 2" LCD skjár sem sýnir myndina • Allt að 25 bls. á mín. í lit • Allt að 30 bls. á mínó. í svörtu • Prentupplausn 6000x1200dpi • 100 bls. prentskúffa • Skanni með 600x2400dpi upplausn • Innb. kortalesari fyrir CF, SD, MMC og XD kort • Blek: LC-1000

**17.989kr.**

# Hljóðnemi



**Varia Pro Performer**
• Hljóðnemi

**2.989kr.**

# Hljóðnemi með standi



**Varia Center stage**
• Hljóðnemi með standi

**5.989kr.**





# DVD 2 fyrir 1

**1.489kr.**

# Þráðlaust lyklaborð



**Logitech S 510**
Þráðlaust lyklaborð • Með þráðlausri mús og fjarstýringu

**5.989kr.**

MAX RAFTÆKI

*Tilboðin gilda til 09. 04. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

## Hundruðir DVD titla í boði

# Niðurfærsla og þjóðarsátt

**UMRÆÐAN**
Verðbólga

Tvær leiðir eru nú opnar íslenskri þjóð gegn þeirri efnahagsvá sem fyrir dyrum stendur. Önnur er að þjóðin taki höndum saman gegn verðbólgu og vaxandi óáran með niðurfærslu verðlags og öllum tiltækum ráðum á sviði peningamála. Hin er að standa áfram varðstöðu þess manns sem horfir á þegar hér rúllar af stað óðaverðbólga og grípa þá til þeirra ráða einna sem auka á sundrungu og sjóræningjaeðli hins óhefta markaðskapítalisma.

**Þjóðin veki ríkisstjórnina**
Framsóknarflokkurinn hefur í allan vetur talað fyrir því að vekja daufgerða ríkisstjórn til góðra verka en ekki haft árangur sem erfiði. Nú er komið að því að þjóðin vakni og taki ráðin af stjórnvöldum og til þess er leið lýðræðisins heiðarlegust. Þá fyrst mun ríkisstjórnin bylta sér að hún sjái bilbug á hinu sterka fylgi sínu í könnunum og bregðast við þó seint sé.

Fari óðaverðbólga af stað í framhaldi af gengisfalli síðustu vikna verður bæði dýrt, erfitt og sársaukafullt að stöðva þann bolta. Við Framsóknarmenn höfum nú lagt fram heildstæðar tillögur um hvernig verja megi sterka stöðu ríkissjóðs til þess að koma í veg fyrir þessa þróun. Við útfærslu þessa höfum við notið aðstoðar færustu sérfræðinga og getum fullyrt að hér er leiðarvísir að lausn.

**Lækkum matar- og bensínverð**
Ríkisjóður getur þegar í stað lækkað bensín- og olíuverð um 20 krónur á lítra og er þó enn með um 40% hlutdeild í hverjum lítra sem keyptur er. Þá er fær leið að fella niður allan matarskatt en samanlagt kosta þessar tvær aðgerðir innan við 25 milljarða. Matarskattslækkun er þó aðeins fær að saman fari víðtækt samráð verslunarinnar og aðila vinnumarkaðarins sem miðar að því að sporna við öllum verðhækkunum á mat. Matarskattslækkunin ein dugar ekki til að sporna á móti gengisþróuninni en það sem á vantar verður verslunin að leggja til. Með skattlækkuninni yrði dregin „IKEA“-víglína um verðstöðvun á mat.

Sú leið að halda matarskattinum og fella í þess stað niður vörugjöld og tolla af hvítu kjöti er ekki bara gagnsminna ráð heldur þjóðhættulegt á tímum sem okkar. Ef hvíta kjötinu er fórnað hefði það sömu áhrif á atvinnulíf höfuðborgarsvæðisins og ef álverinu í Straumsvík væri lokað. Framundan eru þrengingar á vinnumarkaði og atvinnuleysi m.a. vegna kólnunar á húsnæðismarkaði. Það á ekki að vera hlutverk ríkisstjórnarinnar að auka á atvinnuleysi þó svo krötum sumum þyki fínt að berja á verksmiðjubúskap á Reykjavíkursvæðinu.


BJARNI HARÐARSON

**Þjóðarsátt í stað sundrungar**
Samhliða aðgerðum til niðurfærslu á verðlagi þarf að grípa til ráðstafana gagnvart húsnæðiseigendum í vanda og þar getum við beitt Íbúðalánasjóði. Framsóknarmenn hafa sett fram ítarlegar tillögur um hvernig að því yrði staðið jafnframt því sem bankakerfið yrði styrkt í gegnum Seðlabanka og hafin lækkun stýrivaxta. Ennfremur þarf að styrkja þá atvinnuuppbyggingu sem möguleg er – jafnvel þó það stríði gegn einhverju af glamri því sem Samfylkingin setti fram fyrir kosningar. Það er nú allt að einu vafamál að nokkur hafi tekið slík loforð eins og um stóriðjustopp alvarlega!

Sáttahyggja og samhugur eru lykilatriði til þess að stöðva megi þá þróun sem hafin er. Það er ekki ásættanlegt að ríkisstjórnin láti hér reka stjórnlaust í átt að efnahagslegu öngþveiti. Einhverjir sjá í slíkum aðstæðum kjöraðstæður til þess að reka þjóðina inn í ESB en það getur ekki talist ábyrg eða þjóðholl stjórnarstefna.

*Höfundur er alþingismaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


LANCÔME
LE GIFT

LANCÔME OG SNYRTIVÖRUVERSLUNIN
Í GLÆSIBÆ SAMAN Á GLÆSIDÖGUM

Snyrtifræðingur LANCÔME, kynnir nýjungar og sýnir það heitasta í förðun frá París.

- **Primordiale Skin Recharge og Cell Defense™** sem viðhalda fegurð húðarinnar og verja gegn ótímabærri öldrun.
- **Augnskuggar** í margbreytilegum litum og í einstökum umbúðum.
- **La Base Pro** er notað undir farða og árangurinn er óviðjafnanlega slétt og falleg húð.
- **Magistrale líkamskremið** vinnur gegn öldrun líkamshúðarinnar er sérstaklega ætlað fyrir upphandleggi, maga og bringu.

Glæsileg tilboð og flottar gjafaöskjur í ilmum og möskurum.

Komdu á Glæsidaga og fáðu faglega aðstoð við val á snyrtivörum.

**Sex vörur í réttu stærðunum fyrir ferðalagið fylgja þegar keyptar eru vörur fyrir 6.000 krónur eða meira frá Lancôme meðan á kynningu stendur.***




SNYRTIVÖRUVERSLUNIN
GLÆSIBÆ
Sími 568 5170






CHANGE | LEAD | INNOVATE

ALÞJÓÐLEGT MBA-NÁM Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Alþjóðlegur hópur framúrskarandi kennara frá viðskiptaháskólum beggja vegna Atlantshafsins sem raða sér í efstu sæti í alþjóðlegum samanburði á MBA-námi

Áhersla á sérfræðiþekkingu, persónulega færni og alþjóðlega færni

Námið fer fram á ensku

Sterk tengsl við atvinnulífið

**95% MBA-nemenda við HR** segja að námið hafi gert þá hæfari og betri í starfi.*
**91% MBA-nemenda við HR** segja að námið hafi aukið möguleika þeirra á vinnumarkaðnum.*
**Samkvæmt könnun meðal allra útskrifaðra nemenda frá 2002 til 2007.*

Tökum við umsóknum núna
Allar nánari upplýsingar og rafrænt umsóknareyðublað er að finna á www.ru.is/mba.

Fyrri umsóknarfrestur er til 7. apríl.
Seinni umsóknarfrestur er til 30. maí.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**EDDIE MURPHY KVIKMYNDALEIKARI ER 47 ÁRA**

*„Ég hef litlar áhyggjur yfir ferlinum. Ég hef leikið í kvikmyndum í meira en tuttugu ár svo ég hlýt að hafa leyfi til þess að slaka á.“*

***Eddie Murphy hóf ferilinn sem uppistandari við góðan orðstír. Eddie sló í gegn í Beverly Hills Cop og aftur löngu síðar þegar hann talaði fyrir asnann í teiknimyndinni um Shrek.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERIST:** 3.APRÍL 1948

## *Marshall-aðstoðin verður til*

Marshall-aðstoðin var skipulögð af bandaríska utanríkisráðuneytinu. Sjóðnum var ætlað að styrkja stríðshrjáð lönd Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina (1948-1953) og var að styðja við og efla efnahagslegan uppgang í löndum Evrópu.

Miklar deilur urðu um tilganginn með aðstoðinni en Marshall-aðstoðin átti meðal annars að vera liður í því að auka samvinnu milli Evrópu og Bandaríkjanna.




**MARSHALL-AÐSTOÐIN** auglýst á stóru veggspjaldi.

Alls voru það sextán þjóðir sem þáðu boð Bandaríkjanna um aðstoð, þar á meðal Íslendingar. Miðað við hina frægu höfðatölu högnuðust Íslendingar mest á aðstoðinni.

Uppbyggingin á Íslandi eftir seinni heimstyrjöldina var Marshall-aðstoðinni að miklu leyti að þakka ekki síður en endurreisnin í Evrópulöndunum. Aðstoðin tryggði einnig að hjól atvinnulífsins fóru að snúast og innflutningur og útflutningur hófst að nýju og líf manna féll í réttar skorður.

Hugmyndasmiðurinn var þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, George Marshall.

## MERKISATBURÐIR

**1882** Landshöfðingi greinir frá stofnun sameiginlegrar geymslu fyrir skjalasöfn æðstu embætta. Með þessu var lagður grunnur að Þjóðskjalasafni Íslands.

**1882** Jesse James, útlagi í villta vestrinu, var skotinn í bakið og drepinn.

**1968** Martin Luther King yngri hélt fræga ræðu.

**1969** Haldin er í Menntaskólanum í Reykjavík hungurvaka í tvo sólarhringa til þess að vekja athygli á hungri í heiminum.

**1974** Alþingi Íslendinga lýsir Surtsey friðland.

**1984** Banni við hundahaldi í Reykjavíkurborg frá árinu 1971 aflétt.



**FLIKK FLAKK OG HELJARSTÖKK** Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands, hefur verið viðloðandi íþróttina frá barnsaldri. Hún segir mikla aukningu í íþróttinni og hrósar því ötula sjálfboðastarfi sem á sér stað innan sambandsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FIMLEIKASAMBAND ÍSLANDS:** FAGNAR Á ÞESSU ÁRI FERTUGSAFMÆLI SÍNU

# Börn jafnt sem eldri borgarar

Fimleikasamband Íslands var stofnað 1968 og fagnar því fjörutíu ára afmæli á árinu. Fyrsti formaður félagsins var Valdimar Örnólfsson sem er kannski þekktastur sem skíðamaður. „Markmið Valdimars við stofnun var að sameina fimleikafólk um allt land. Standa fyrir fimleikamótum og öðru sem viðkemur íþróttinni á Íslandi,“ segir Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri sambandsins. Sjálf hefur hún verið í kringum íþróttina frá tíu ára aldri þegar hún hóf að æfa.

„Fimleikar eru alls ekki bara fyrir börn. Enda íþróttin stunduð af fólki á öllum aldri. Þar má einnig nefna að eldri borgarar eru mjög virkir í fimleikum um land allt,“ útskýrir Hrund og bætir við að aðildarfélögin sem snerta sambandið séu tuttugu. Innan þeirra vébanda eru síðan um átta þúsund iðkendur um land allt. „Það er mikil aukning ár frá ári og því miður eru mörg hundruð börn og unglingar á biðlista. Helsta ástæða þess er að húsakostur fimleikafélaga er hreinlega of lítill,“ útskýrir Hrund sem vonast eftir að húsnæðismálin leysist sem fyrst. Fimleikasambandið er nú fjórða stærsta sérsambandið á Íslandi og fer ört stækkandi.

„Markmið fimleikasambandsins er að koma fram fyrir hönd fimleika á Íslandi erlendis. Allar skráningar og mót erlendis eru í okkar höndum. Það e nauðsynlegt að vera í sambandi við öll alþjóðasamböndin sem koma að fimleikum,“ segir Hrund. Mót hérlendis eru einnig í höndum Fimleikasambandsins og á núverandi keppnistímabili stendur félagið fyrir sautján mótum.

Aðildarfélögin halda einnig mörg mót þannig að nóg er að gera hjá fimleikafólki hér á landi. Keppt er í þremur greinum; almennum fimleikum sem henta öllum, áhaldafimleikum sem er ólympíugrein og hópfimleikum sem hafa notið mikilla vinsælda. Hópfimleikar eru liðakeppni og hafa að sögn Hrundar hækkað meðalaldur fimleikafólks.

„Margir eiga hrós skilið fyrir það sjálfboðastarf sem unnið er í þágu sambandsins. Það er heilmikið starf sem fylgir fimleikunum og margir sem sinna því og því er frábært að vita af þessu fólki sem er til í að hjálpa okkur,“ segir Hrund sem bætir við að aðeins hafi munað hársbreidd frá því að Íslendingar ættu þátttakanda á Ólympíuleikunum í sumar í Peking. „Það vantaði 0,25 stig upp á að Fríða Rún næði ólympíulágmarkinu. En keppendur fá aðeins eitt mót til að ná þessu lágmarki,“ segir Hrund.

Fleiri reyndu við þetta lágmark en það gekk ekki eftir og Fríða Rún var næst því. „Þessi tala er kannski ekki há en samt nógu há til þess að við náðum ekki að senda keppanda að þessu sinni. En það þýðir ekki að hengja haus heldur verðum við að halda áfram og reyna síðar,“ útskýrir Hrund.

**mikael@frettabladid.is**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, sonur, afi og bróðir,*

**Sigurður Einarsson**
frá Gljúfri, er látinn.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey, þökkum sýnda samúð.

**Einar Sigurðsson**
**Elías Sigurðsson** **Halla Vilborg Jónsdóttir**
**Einar Sigurðsson** **Freyja Fanndal Sigurðardóttir**
**afabörn og systkini.**



†

*Eiginmaður mín, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bjarni Jónsson**
frá Skeiðháholti á Skeiðum,

verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju laugardaginn 5. apríl kl. 13.30.

**Kristín Skaftadóttir**
**Anna Fríða Bjarnadóttir** **Gunnar Jónsson**
**Bjarni Gunnlaugur Bjarnason**
**Björgvin Skafti Bjarnason** **Camilla Maria Fors**
**Jón Bjarnason** **Margrét Lilliendahl**
**og börn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,*

**Guðrún Lilja Halldórsdóttir**
íþróttakennari,

verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 4. apríl nk. kl. 15.00.

**Örn Ármann Sigurðsson**
**Halldór Ármann Sigurðsson**
**Anna Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Magnús Ármann Sigurðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Tómas Tómasson,**
fyrrverandi sparisjóðsstjóri í Sparisjóði Keflavíkur, Langholti 14, Keflavík ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 28. mars. Útför hans verður gerð frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 4. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Halldís Bergþórsdóttir**
**Ásgerður Kormáksdóttir** **Jón R. Jóhannsson**
**Jórunn Tómasdóttir** **Skúli Thoroddsen**
**Halla Tómasdóttir** **Pálmi B. Einarsson**
**Bergþóra Tómasdóttir** **Stefán Eyjólfsson**
**Tómas Tómasson** **Svala B. Reynisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Kristín Björk Aðalsteinsdóttir**
fyrrverandi leigubílstjóri,
Fífusundi 11, Hvammstanga,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 7. apríl kl. 13.00.

**Hafþór Jóhannsson** **Þórunn Grétarsdóttir**
**Rósa Jóhannsdóttir** **Guðjón Hildibrandsson**
**Ágústa B. Jóhannsdóttir** **Einar J. Gunnþórsson**
**Aðalsteinn Jóhannsson**
**Jóhann Gunnar, Alexandra Sif, Hrannar Már, Telma Rut,**
**Hjördís, Eydís Birna, Kristín Björk, Þórdís Lilja,**
**Valdís Anja og Bjarndís Júlía**
**Aðalsteinn Björnsson** **Jóhanna S. Árnadóttir**
**Árný R. Aðalsteinsdóttir** **Jóhannes S. Stefánsson**
**Björn Á. Aðalsteinsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sr. Bolli Þórir Gústavsson**
vígslubiskup, Selvogsgrunni 6, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala fimmtudaginn 27. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 4. apríl kl. 13.00. Minningarstund í Akureyrarkirkju mánudaginn 7. apríl kl. 10.30. Jarðsett verður í Laufáskirkjugarði. Fjölskyldan þakkar starfsfólki á L-4 og K-2 á Landakotsspítala fyrir einstaka umönnun og hlýju. Þeim sem vilja minnast sr. Bolla er bent á félag aðstandenda alzheimersjúklinga FAAS.

**Matthildur Jónsdóttir**
**Hlín Bolladóttir** **Egill Örn Arnarson**
**Jóna Hrönn Bolladóttir** **Bjarni Karlsson**
**Gústav Geir Bollason** **Veronique Legros**
**Gerður Bolladóttir** **Ásgeir Jónsson**
**Bolli Pétur Bollason** **Sunna Dóra Möller**
**Hildur Eir Bolladóttir** **Heimir Haraldsson**
**barnabörn.**

# KALDIR DAGAR

## Troðfull búð af kæliskápum, frystiskápum og frystikistum á frábæru tilboði



BEKO IGNIS Whirlpool VESTFROST scan domestic

| | | |
|---|---|---|
| Scancool SKS150<br>85sm KÆLISKÁPUR<br>**Tilboð 24.995**<br>Fullt verð 34.995 | Ignis ICF220<br>220 lítra FRYSTIKISTA<br>**Tilboð 29.995**<br>Fullt verð 44.995 | Scancool SB350<br>350 lítra FRYSTIKISTA<br>**Tilboð 39.995**<br>Fullt verð 54.995 |
| Scancool SKF295<br>180sm KÆLISKÁPUR<br>með litlum frysti<br>**Tilboð 54.995**<br>Fullt verð 69.995 | Beko FSE27300<br>173sm FRYSTISKÁPUR<br>**Tilboð 54.995**<br>Fullt verð 69.995 | Whirlpool ARC5551<br>187sm KÆLISKÁPUR<br>með frysti<br>**Tilboð 64.995**<br>Fullt verð 84.995 |
| Whirlpool ARC5554IX<br>187sm KÆLISKÁPUR<br>með frysti, stál<br>**Tilboð 74.995**<br>Fullt verð 89.995 | Vestfrost SW350M<br>201sm KÆLISKÁPUR<br>með frysti - 2 pressur<br>**Tilboð 89.995**<br>Fullt verð 129.995 | Whirlpool<br>AMERÍSKUR SKÁPUR<br>með klaka og vatni - stál<br>**Tilboð 219.995**<br>Fullt verð 279.995 |

## Útlitsgallaðir skápar seldir með miklum afslætti

Whirlpool

**ALLAR STÆRÐIR**
**ALLAR GERÐIR**

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

Áhugavert starf
á atvinnusíðu.
Hive
SKO



# STUÐ MILLI STRÍÐA Að kyssa tær og nudda saman nefjum

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** KOM SÉR EINU SINNI Í VANDRÆÐI MEÐ KOSSI



Mannfólkið hefur um aldir tileinkað sér alls konar skrítna siði. Einn þeirra tekur þó flestum fram að mínu mati og það er að kyssast. Ég tala nú ekki um það þegar fólk rekur tunguna hvert upp í annað.

Erfitt er að segja til um hvenær menn tóku upp á því tjá tilfinningar sínar á þennan furðulega máta en víst er að hann á almennu fylgi að fagna um gjörvallan heim og tekur á sig ýmsar myndir. Menn kyssa hver annan á munn, enni, eyru, tær, kinn, stundum báðar kinnar, stundum oftar og í sumum tilfellum nudda þeir meira að segja saman nefjum í sama tilgangi.

Öll þessi ólíku afbrigði geta vitanlega ruglað menn í ríminu enda á ég oft í mestu vandræðum með að muna hvernig vinir mínir og vandamenn kjósa að kyssast. Einfaldast væri auðvitað ef menn gætu komið sér saman um eitt gott kossakerfi sem virkaði fyrir alla.

Kannski hljómar þetta sterílt en ég tala þó af nokkurri reynslu, þar sem koss eða réttara sagt tilraun til að kyssa kom mér eitt sinn í stökustu vandræði. Ég var þá að útskrifast úr HÍ og fannst við hæfi að kyssa konuna sem afhenti diplómuna, með öllu grunlaus um að konan sú væri lítið fyrir kossa gefin. Að minnsta kosti af mínum vörum.

Ég gerði mig líklegan til að smella kossi á kellu og vissi ekki fyrr en hún hörfaði aftur á bak með skelfingarsvip. Kannski ekki beint viðbrögðin sem maður vonast eftir að fá í fullum sal í Háskólabíói, enda skal nú viðurkennast að ég hef sjaldan eða aldrei upplifað jafn neyðarlegt atvik.

Mér fannst ég niðurlægður en huggaði mig við að flestir myndu sjálfsagt gleyma uppákomunni jafnfljótt og ræðu rektors.

Ég var svo staddur í partíi nokkrum mánuðum síðar þegar einn gesta fór allt í einu að rifja upp atvikið og uppskar hlátrasköll. Þá varð mér ljóst að kossafíflið í Háskólabíói liði útskriftarárganginum 2005 líklegast seint úr minni.

Þess vegna segi ég: einn koss á kinn eða sleikur og málið er dautt.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








## ÁSKORUN GEGN APPELSÍNUHÚÐ

# Biotherm sýnir árangur á aðeins 10 dögum

Þegar þú heyrir orðið ,,laser" hugsar þú um fljótvirkan árangur og nákvæmni. Þegar þú heyrir um „10 daga grennandi átak", krefstu sannana. Vara sem ber nafnið CELLULI LASER™ verður að vera nákvæm. Þess vegna prófaði Biotherm þessa einstöku nýjung á stórum hópi, eða 365 konum.

## ÁRANGUR Á 10 DÖGUM – ÞREFÖLD SÖNNUN

ÁRANGUR Á AÐEINS 10 DÖGUM GEGN APPELSÍNUHÚÐ

| 1 | 2 | 3 |
|---|---|---|
| **ÚTLÍNUR** | **ÁFERÐ** | **ÞÉTTLEIKI** |
| **-0,5 SM MINNST** |  | |
| -0,5 sm minna ummál | Slétt og mjúk húð | Þéttari húð |
| 8 af 10 konum* | Á fyrsta degi / Eftir 10 daga | Eftir 10 daga |

*prófað á 45 konum: 80% kvenna misstu að lágmarki -0,5 sm eftir 10 daga notkun

## FRAMMISTAÐA CELLULI LASER™

Vinnur á virkan hátt gegn appelsínuhúð sem myndast út frá hörðum kollagen-þráðum sem umvefja sig í kringum fitufrumurnar.

Einstök Biofibrine tæknin ásamt virkum innihaldsefnum örva fitubrennslu, mýkja kollagenþræðina og draga sjáanlega úr appelsínuhúð.

Notið CELLULI LASER™ kornakrem, sem hitar og undirbýr húðina áður en CELLULI LASER™ líkamskremið er borið á húðina. Þannig næst hámarksárangur í baráttunni gegn appelsínuhúð.




PRÓFAÐ Á 365 KONUM

# BIOTHERM DAGAR Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 3. - 9. APRÍL

**Láttu snyrtifræðing Biotherm ráðleggja þér út frá þínum óskum og þörfum, hvort sem það varðar andlitshúðina eða líkamann.**

Með hverju Celluli Laser líkamskremi frá Biotherm fylgir mjög áhrifaríkt nuddtæki sem undirbýr húðina fyrir frekari líkamsmeðferð. Ef keyptar eru 2 aðrar vörur frá Biotherm fylgir með glæsileg taska og kaupauki*



*gildir á meðan birgðir endast

BIOTHERM

Lyf & heilsa
Kringlan

**ATH kl. 17 á Amtsbókasafninu á Akureyri.**

*Sigurður J. Grétarsson sálfræðingur fjallar um um möguleika sálfræðinnar á að setja fram eina hugmynd um manninn. Því er fyrst lýst hvernig uppruni greinarinnar og rannsóknarhefð gengur að mörgu leyti gegn mótun heildarmyndar af manneskjunni. Síðan er því lýst hvernig nokkrar frumforsendur úr sögu sálfræðinnar eru í raun þær mannsmyndir sem tiltækar eru í greininni og loks hugað að því hvort og hvernig þær hafa staðist tímans tönn í rannsóknum.*

*Sigurður J. Grétarsson er prófessor í sálfræði í Háskóla Íslands.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kristín hlýtur Sögusteininn

Sögusteinn, barnabókaverðlaun IBBY á Íslandi og Glitnis, voru afhent í gær öðru sinni á alþjóðlegum degi barnabókarinnar, en þau eru veitt rithöfundi, myndlistarmanni eða þýðanda sem með höfundarverki sínu hefur auðgað íslenskar barnabókmenntir. Var það einróma álit valnefndar, sem skipuð var Önnu Heiðu Pálsdóttur, bókmenntafræðingi, Ármanni Jakobssyni bókmenntafræðingi og Rögnu Sigurðardóttur, myndlistarkonu og rithöfundi, að Kristín Steinsdóttir skyldi hljóta verðlaunin að þessu sinni. Í greinargerð valnefndar segir meðal annars: „Kristín Steinsdóttir hefur verið einn af afkastamestu barnabókahöfundum þjóðarinnar í tvo áratugi og bækur hennar hafa notið mikillar hylli bæði lesenda og gagnrýnenda. Hún sló í gegn strax í upphafi með bókinni Franskbrauð með sultu (1987) og hefur síðan sent frá sér margar sterkar bækur. Hún hefur þar að auki verið að sækja stöðugt í sig veðrið sem höfundur og margir telja að hún hafi samið sín allra bestu verk á þessum áratug, þar á meðal hina margverðlaunuðu Engil í Vesturbænum (2002). Efnisval Kristínar hefur verið mjög fjölbreytt, sumar sögur hennar hafa verið ævintýra- og gamansögur en aðrar raunsæissögur með sterkum samfélagslegum undirtón. Hún hefur sótt efni í eigin uppvöxt, Íslandssöguna, íslenska þjóðtrú og síðast en ekki síst hefur hún jafnan lagt sérstaka rækt við að miðla sérstakri skynjun barnsins á umhverfi sínu. Með skrifum sínum hefur hún í senn lyft íslenskum barnabókmenntum og vakið athygli umheimsins á þeim.“ Vigdís Finnbogadóttir afhenti Kristínu verðlaunin við hátíðlega athöfn sem haldin er á vegum IBBY og Borgarbókasafnsins. **- pbb**



**BÓKMENNTIR** Kristín Steinsdóttir.

**> Ekki missa af..**

Útvarpsleikrit eftir Jónas Jónasson, Leikslok, er á dagskrá Rásar 1 í kvöld kl. 22.15. Í Leikslokum segir frá skáldi sem verður að horfast í augu við fólk sem hann notaði sem efni í leikverk fyrir löngu. Hilmar Oddson leikstýrir en meðal leikenda eru Arnar Jónsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir og Valdimar Örn Flygenring.

## NÝIR DISKAR

Djassöngkonan Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir hefur gefið út diskinn Gentle Rain sem er safn ellefu tökulaga eftir meistara á borð við Rodgers og Hart, Berlin, Legrand, Arle, og Lennon og McCartney. „Gentle Rain“ má lýsa sem latín- og poppskotinni djassplötu. Lögin hefur Guðlaug sjálf endurútsett. Með henni á disknum leika úrvals hljóðfæraleikarar, Ásgeir Jón Ásgeirsson á gítar, Jóhann Hjörleifsson á trommur og slagverk, Róbert Þórhallsson á bassa og Vignir Þór Stefánsson á píanó. Upptökur fóru fram í Tónveri FÍH og Tónverki á Selfossi.




# Hugvísindaþing haldið

**Hugvísindaþing hefst á morgun í Aðalbyggingu Háskólans. Að því standa Hugvísindastofnun og Guðfræðistofnun. Boðið verður upp á fjölbreytta fyrirlestra á sviði hugvísinda. Meðal annars verður fjallað um íslenskar nútímabókmenntir, fornbókmenntir, bókmenntasögu og erlendar bókmenntir og menningu.**



**VÍSINDI** Helga Kress er meðal fjölda fræðimanna sem halda fyrirlestra á Hugvísindaþingi í Háskóla Íslands á morgun og laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/

Fjölmörg erindi verða um íslenskt mál að fornu og nýju – beygingar, Biblíuna, nafngjafir, stafsetningu, nám erlendra mála og fræðigreinina sem fæst við nám annars máls, táknmál og fjölmenn málstofa mun flétta saman þræði rannsóknarverkefnisins Tilbrigði í setningagerð.

Fyrirlestrar um heimspeki spanna allt frá efahyggju fornaldar til íslenskra miðalda og náttúrunnar í ljósi fyrirbærafræði og austrænnar heimspeki. Þá munu sagnfræðingar bjóða upp á hlaðborð til heiðurs Gísla Gunnarssyni prófessor sem lét af störfum 1. apríl. Málstofan „Trú, menning og samfélag“ spannar allt frá fornleifum á Skriðuklaustri til austrænna áhrifa á trúarlíf á 20. öld. Loks stendur Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar, fyrir málstofu um hlýnun jarðar.

Dagskráin hefst kl. 13 á morgun og lýkur kl. 17, en nokkrar málstofur verða búnar fyrr. Laugardaginn 5. apríl verður fyrirlestur á vegum Þýðingaseturs kl. 11 og síðan verður dagskrá Hugvísindaþings fram haldið frá fyrri degi kl. 12.

Árin 2005-2007 naut verkefnið Tilbrigði í setningagerð svonefnds öndvegisstyrks frá Rannsóknasjóði. Þessi málstofa er nokkurs konar uppskeruhátíð verkefnisins og spannar báða daga Hugvísindaþings. Markmið þessa rannsóknaverkefnis (yfirleitt kallað Tilbrigðaverkefnið) hefur verið „að kortleggja tilbrigði í íslenskri setningagerð (með nokkrum samanburði við færeysku), gera grein fyrir dreifingu þeirra og skýra þau“, eins og segir í upphaflegri umsókn. Hér verður gefið yfirlit yfir verkefnið, sagt frá markmiði, efniviði og úrvinnslu og nefnd dæmi um niðurstöður. Eitt megináþemað í umræðum um niðurstöðurnar verður sú spurning hvort þær gefi tilefni til að ætla að íslenska sé að hverfa eða deyja út, eins og stundum er látið í veðri vaka (sbr. heiti málstofunnar).

Njála er óþrjótandi uppspretta rannsóknarefnis. Í málstofunni verða fluttir þrír fyrirlestrar um Njálu frá mismunandi sjónarhornum. Þjófsaugu Hallgerðar og hvatvísi Þráins Sigfússonar verða krufin til mergjar og rýnt í málnotkun Njáluhöfundar. Meðal fyrirlesara verða Helga Kress, Ármann Jakobsson og Katrín Axelsdóttir.

Þá eru málstofur um húmanisma og húmanista í sögulegu ljósi, málstofan Við landamærin sem kennarar í frönsku, spænsku og ensku, auk kynjafræðinga, standa að, málstofa um nútímabókmenntir, málstofa um rannsóknarverkefnið Náttúran í ljósi fyrirbærafræði og austrænnar heimspeki sem hlaut nýlega styrk frá Rannís. Í málstofunni verður gerð grein fyrir meginhugmyndum verkefnisins í inngangserindi og í kjölfarið koma tvö erindi sem veita innsýn í helstu þætti þess, það er afstöðu til náttúrunnar að hætti fyrirbærafræðinnar annars vegar og austrænnar heimspeki hins vegar.

Á undanförnum árum hefur kennsla erlendra tungumála tekið ýmsum breytingum, jafnt viðhorf sem aðferðir. Sum vandamál eru sígild, önnur þróast og breytast með nýjum áherslum. Í málstofunni um helgina verður fjallað um nám og kennslu annars máls frá ólíkum sjónarhornum og með hliðsjón af ólíkum tungumálum. Fjallað er um hlutverk og stöðu nemandans í námi og kennslu og hvatann til tungumálanáms og hvernig hægt er að nýta hann og virkja. Loks er fjallað um þá sögulegu og menningarlegu þekkingu sem miðlað er sem hluta af tungumálanámi.

Margar fleiri málstofur eru á fjölbreyttri dagskrá Hugvísindaþings og dagskráin er birt í heild sinni ásamt útdráttum á vef Háskólans. **pbb@frettabladid.is**

## Fjögur sýna í Start Art

Fjórir myndlistarmenn opna sýningar í Start Art á Laugaveginum í dag kl. 17. Þeir vinna í mismunandi miðla og því má búast við ólíkum og fjölbreyttum sýningum. Í Forsal sýnir Mary Ellen Croteau. Hún er bandarísk og hefur sýnt og starfað á alþjóðavísu sem myndlistarmaður, fyrirlesari og sýningarstjóri. Hér á landi stýrði hún sýningunni „Good Girls/Bad Women“ í Nýlistasafni árið 1995. „MAN MADE“-sýning hennar í START ART er innsetning sem fjallar m.a. um áhrif mannsins á umhverfi sitt.

Á Loftinu sýnir Rafn Hafnfjörð ljósmyndir. Rafn Hafnfjörð er löngu kunnur hér á landi og erlendis fyrir listrænar ljósmyndir sínar. Sérstæðar ljósmyndir hans voru aðaluppistaða Íslandsdeildarinnar á heimssýningunni í Montreal 1967, hann hefur haldið stórar einkasýningar á Kjarvalsstöðum, í Hafnarborg og víðar. Sýningu sína kallar hann Dverghamar.



**MYNDLIST** Rafn Hafnfjörð ljósmyndari er einn karla í hópi þriggja kvenna í Start Art. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í Vestursal niðri er sýning Aðalheiðar Ólafar Skarphéðinsdóttur, Hin hljóða nánd. Margbreytileg litablöndun, trérista og blönduð þrykktækni er uppistaða mynda Aðalheiðar.

Í forstofuskápnum uppi sýnir Nína Gautadóttir. Verkin eiga það sameiginlegt að sýna rauðhærðar konur í myndlist. **pbb@frettabladid.is**

Kommúnan
Fimmtudagur 03. apríl
Föstudagur 04. apríl
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST
Söngleikur eftir Gísla Örn Garðarsson og Víking Kristjánsson
Í samstarfi við Vesturport
30. mars - uppselt
3. apríl
4. apríl
10. apríl
11. apríl
17. apríl
18. apríl
23. apríl
24. apríl
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
VesturPort Borgarleikhúsið

Þjóðleikhúsið um helgina
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
Sá ljóti e. Marius von Mayenburg
forsýn. mið 2/4 og fim 3/4 uppselt, frumsýn. 5/4 uppselt
Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
sýn. fim 3/4, fös. 4/4 örfá sæti laus
Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. sun 6/4
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. sun 6/4
Sólarferð e. Guðmund Steinsson
sýningar lau. 5/4 örfá sæti laus
Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sýn. sun. 6/4 uppselt

Salurinn
FÖSTUD. 4. APRÍL KL. 20 OG
LAUG. 5. APRÍL KL. 16 OG KL. 20
SÖKNUÐUR - TÓNLEIKAR Í MINNINGU VILHJÁLMS VILHJÁLMSSONAR.
UPPSELT!
SUNNUD. 6. APRÍL KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
MARGRÉT HRAFNSDÓTTIR OG HRÖNN ÞRÁINSDÓTTIR.
FRUMRAUN Í TÍBRÁ!
ÞRIÐJUD. 8. APRÍL KL. 20
SÖNGUR, FIÐLA, PÍANÓ
BRAGI BERGÞÓRSSON, ELFA RÚN OG KRISTINN ÖRN KRISTINSSON.
TÓNSNILLINGAR MORGUNDAGSINS!
MIÐVIKUD. 9. APRÍL KL. 20
KLARINETT OG PÍANÓ
VÍÐIR SMÁRI PETERSEN.
BURTFARARPRÓF FRÁ TR!
FIMMTUD. 10. APRÍL KL. 20
SÖNGTÓNLEIKAR
HÖRN HRAFNSDÓTTIR OG ANTONÍA HEVESI.
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# Suður-Kyrrahaf

Í kvöld er frumsýning í Lincoln Center í New York á söngleik Rodgers og Hammerstein frá 1949, South Pacific. Hafa forsýningar staðið yfir í nær mánuð. South Pacific hefur oft verið kallaður besti söngleikur sem saminn hefur verið.




**LEIKHÚS** Kápan frá útgáfu tónlistarinnar í kvikmyndagerðinni 1958.

Hinn kunni söngleikjaframleiðandi Harold Prince var á frumsýningunni á Broadway á sínum tíma og var morguninn eftir tekinn í yfirheyrslu hjá vinnuveitanda sínum, George Abbot, einum virtasta framleiðenda söngleikja á Broadway. Hvort hann gerði sér grein fyrir að frumsýningin væri tímamótaviðburður? Abbot benti unga manninum á samfellda tónlist í verkinu, hvernig það rynni áfram í stöðugu flæði rétt eins og kvikmynd. Önnur nýjung verksins fólst í efninu: eldri maður og stúlka af léttasta skeiði skjóta sér saman og við hlið þeirra hermaður og frumbyggjastúlka. Og umhverfis er stríð en sagan gerist á afskekktri eyju þangað sem hvítir menn hafa leitað skjóls.

South Pacific geymir röð af sönglögum sem hafa síðan notið mikilla vinsælda: Some Enchanted Evening, Bali Hai, Happy Talk, I Am Gonna Wash that Man og mörg fleiri. Söngleikurinn var margverðlaunaður á sínum tíma og eftir honum gerð kvikmynd. Hann innsiglaði frægð Mary Martin (móður Larry Hagman í Dallas) og hefur síðan verið samfellt á smærri sviðum vestanhafs, þótt menn tali nú um að það sé fyrst nú með sviðsetningunni í Lincoln Center að hann fái sinn virðingarsess. Ekki verður hvikað frá upprunalegum útsetningum frá 1949 fyrir þrjátíu manna sveit, en vísast er margt breytt í túlkun en þarna koma fyrir mörg álitamál sem tengjast kynþætti og aldri, samskiptum heimamanna og herliðs.

Söngleikurinn byggði á sögu James A. Michener en hann var staðsettur sem hermaður við Kyrrahafið á stríðsárunum og margt í verkinu átti sér beinar fyrirmyndir frá dvöl hans á þeim slóðum, en sagan gerist á Norfolk-eyju þar sem afkomendur uppreisnarmannanna á Bounty bjuggu. Michener fylgdi sögum sínum af Kyrrahafi eftir með stórum bókum sem nutu mikilla vinsælda og byggðu á ítarlegum rannsóknum á heimildum en hann var menntaður sagnfræðingur: Texas, Alaska, Sayonara og fleiri verk hans skópu honum mikinn auð sem stofnanir vestan hafs nutu góðs af.

Væntanleg er hljóðritun af flutningi verksins í Lincoln Center og er ekki ólíklegt að þessi sviðsetning leiði til frekari endurmats á verkinu, víðar um Bandaríkin og í Evrópu. - pbb


Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun




Ólafur Darri sýnir á sér nýjar hliðar
Hefur trú á heppninni




Allt sem þú þarft... ...alla daga

512 50 50 Auglýsingasími
– Mest lesið






Listdansskóli Íslands

Framhaldsdeild nemar fæddir 1992:
Laugardaginn 5. apríl, kl 15:00 – 17:00

Grunnskóladeild nemar fæddir 1999
Forskóladeild nemar fæddir 2000 – 2003
Nánar auglýst síðar

Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88



**> GOTT STÓRT PLAN**

Fyrsta leikna kvikmynd Ólafs Jóhannessonar, Stóra planið, fékk þrjár stjörnur hjá bæði Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Aðsóknin á myndina hefur verið í samræmi við þá dóma en tæplega sex þúsund manns sáu hana fyrstu helgina.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Biblían í Futurama og Simpsons

„Þetta á allt saman rætur sínar að rekja til þess að undanfarin ár hefur kvikmyndahópurinn Deux ex Cinema skrifað um nærri fimm hundruð myndir og mig langaði til að taka saman hverjar niðurstöðurnar væru,“ segir Árni Svanur Daníelsson, doktorsnemi í guðfræði. Hann heldur erindi á listahátíð Seltjarnarneskirkju í kvöld klukkan átta um Biblíuna í kvikmyndum. Deux ex Cinema hefur undanfarin ár skrifað um trúarlegar tilvísanir í kvikmyndum og gaf út bók fyrir nokkrum árum undir nafninu Guð á hvíta tjaldinu.

Árni segir að það hafi komið honum á óvart hversu veigamiklu hlutverki rit Biblíunnar gegndu í þessum fimm hundruð kvikmyndum. Árni bendir þó á að sumar þessara tilvísana hafi lítil sem engin áhrif á framvindu sögunnar á meðan aðrar notfæri sér hinn trúarlega texta til slíkra verka. „Svo er líka forvitnilegt að skoða hvort er vinsælla, Gamla testamentið eða það nýja,“ bætir Árni við.

Árni ætlar sér að sýna brot úr tveimur vel völdum kvikmyndum þar sem Biblían kemur töluvert við sögu; annars vegar úr dönsku kvikmyndinni Adam‘s Æbler þar sem saga harmkvælamannsins Job liggur til grundvallar og hins vegar Magnolía en þar kemur froskaregnið úr Exodus töluvert við sögu. Jafnframt verða sýnd nokkur brot úr teiknimyndaseríunum The Simpsons og Futurama en Biblían og trúarleg stef eru þar ósjaldan til umfjöllunar.



**TRÚ Í KVIKMYNDUM** Árni Svanur tilheyrir Deux ex Cinema sem hefur skrifað um trúmál í kvikmyndum.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

**Doomsday**



Hvers kyns plágur og sjúkdómar sem eiga að ógna tilvist mannsins og alls lífríkis á jörðinni hafa oft leikið stór hlutverk á hvíta tjaldinu. Doomsday er enn ein myndin í þessum dúr og varla þarf að kynna söguþráðinn í Doomsday. Vírus hefur nánast lagt jörðina í rúst og eftir 25 ára volæði hefur tími mannkynsins runnið sitt skeið með tilheyrandi eltingarleikjum, ópum og látum.

*Leikstjóri: Neil Marshall. Aðalhlutverk: Bob Hoskins og Rhona Mitra. Dómur IMDB: 6,5/10*

**Fool's Gold**

Líf Bens Finnegan snýst að mestu eða öllu leyti um falda fjársjóði og leitina að þeim. Svo mikil er áráttan orðin að eiginkona hans, Tess, gefst upp á honum, fær sér vinnu á snekkju auðkýfingsins Nigels Honeycutt og hyggst gleyma ástmanni sínum um aldur og eilífð. En leiðir Bens og Tess liggja aftur saman þegar hann laumar sér um borð og sannfærir herra Honeycutt um að koma með sér í fjársjóðsleit.

*Leikstjóri: Andy Tennant. Aðalhlutverk: Matthew McConaughey, Kate Hudson og Donald Sutherland. Dómur IMDB: 4,8/10*

LISTMUNAUPPBOÐ



MUGGUR 1919 42x60 Cm

Glæsilegt málverkauppboð

verður haldið á Hilton-Nordica hótelinu, 20 apríl, kl. 20:30

Getum bætt við verkum gömlu meistaranna. Vinsamlegast hafið samband sem fyrst við Pétur Þór í síma 511 7010 og 847 1600.

ÖRUGG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
LÆGRI SÖLULAUN.

Gallerí BORG
Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur
Skipholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40

# Brim fer á flug

**Tökur á kvikmyndinni Brimi eru í góðum gír og í gær var Landhelgisgæslan fengin til aðstoða við leik og störf. TF-Líf og varðskipið Týr fóru á kostum í einum umfangsmestu tökum kvikmyndarinnar og Friðrik Örn ljósmyndari var á staðnum til að fanga andrúmsloftið.**

Brim byggir á samnefndu leikriti Jóns Atla Jónassonar og segir frá lífi áhafnar um borð í línubát. Í kvikmyndinni er hins vegar dragnótabáturinn Jón á Hofi í aðalhlutverki en framleiðslufyrirtækið ZikZak bjargaði honum frá því að enda sem brotajárn.

Leikhópurinn Vesturport fer með stærstu hlutverkin í myndinni og hafa leikararnir, allir sem einn, hlotið þjálfun í því að verka fisk í frystihúsum og farið nokkra túra með „alvöru“ sjómönnum. Árni Ólafur Ásgeirsson, leikstjóri Brims, sagðist í samtali við Fréttablaðið vera fullur þakklætis í garð Landhelgisgæslunnar. „Þeir voru alveg ótrúlegir,“ segir Árni en aðstandendur myndarinnar hafa lagt sig mikið fram við að fanga ekta andrúmsloft hjá hetjum hafsins. **- fgg**



**UNDIRBÚNINGUR** Árni Ólafur leikstjóri undirbýr sig niðri í Tý. Ekki er ósennilegt að hjartað hafi tekið nokkuð aukaslög. MYNDIR/FRIÐRIK ÖRN



**SIGIÐ NIÐUR Í TÝ** Magni Ágústsson tökumaður sígur niður í Tý eftir vel heppnaða þyrluferð.



**FALLEGT** Veðurguðirnir léku við hvurn sinn fingur á þriðjudaginn og tökuliðið hefði varla getað verið heppnara.





**LEIKHÓPURINN** Vesturportsfólk leikur stærstu hlutverkin í myndinni en hún segir frá lífi áhafnar um borð í dragnótabát.

# Mirren er eiginkona Tolstojs

Breska leikkonan Helen Mirren virðist þreytast seint á því að bregða sér í hlutverk sögulegra kvenna. Hún mun taka við af Meryl Streep sem eiginkona rithöfundarins Leo Tolstoj, Sofia. Christopher Plummer hefur einnig verið skipt inn á fyrir Anthony Hopkins og mun leika rússneska skáldið sem er talið eitt áhrifamesta skáld síðari tíma.

Ástarsamband Tolstojs og Sofiu vakti mikla athygli í Moskvu á sínum tíma en Tolstoj var af frægri ætt borgarastéttarinnar í höfuðborginni og hafði mikil áhrif. Sofia var sextán árum yngri þegar þau kvæntust og mun kvikmyndin beina sjónum sínum að síðustu dögum skáldsins og sambandi hans við eiginkonuna. Paul Giamatti mun að öllum líkindum leika fjölskylduvininn Chertkov og Atonement-stjarnan James McAvoy verður í hlutverki ritara sem Chertkov réð handa vini sínum. Tökur á kvikmyndinni hefjast í Þýskalandi í næsta mánuði og miðað við hlutverkaskipan má fastlega reikna með því að kvikmyndin verði áberandi þegar kemur að Óskarsverðlaunum.



**EIGINKONA TOLSTOJS** Helen Mirren fór létt með Elísabetu drottningu og ætti að geta skilað hlutverki sem eiginkona Tolstojs með álíka miklum glæsibrag.

# 20% til 50% afsláttur

af öllum húsgögnum frá fimmtudegi til sunnudags 3. - 6. apríl

A WORLD OF INSPIRATION FOR YOUR HOME

the PIER

Full búð af freistandi tilboðum

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00

**> Nú er tími...**

*...til að fara að huga að forræktun kryddjurta inni í eldhúsi, ef þú vilt eiga þér kryddjurtagarð í sumar. Steinselja og dill eru á meðal þeirra jurta sem þola útivist, en þá er betra að hafa alið plönturnar inni við í um 6-8 vikur.*



**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

# Góð í að galdra úr ísskápnum



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ætli það séu ekki bananar, sojamjólk og pasta.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Ég hugsa að það sé spínat-lasagna eiginmannsins, sem hann eldar við og við. Það er með alls konar osti og kryddaðri ítalskri pylsu. Svo er árlega þakkargjörðarmáltíðin, með kalkúni og öllu tilheyrandi, alltaf tilhlökkunarefni.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég borða ekki papriku og finnst pestó ekkert sérstakt. Annars borða ég eiginlega allt. Vinum mínum finnst ég samt örugglega vera matvandari en ég er, þar sem ég er svolítið erfið á veitingastöðum og spyr alltaf út í alla rétti á seðlinum.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Fjögur hundruð á Fahrenheit eru 180 á Celsíus. Það er það sem ég þarf helst að muna, ég á svo mikið af amerískum uppskriftum.

Ég prófa mig mikið áfram í matseld og er góð í að galdra fram úr ísskápnum, ólíkt manninum mínum sem fer mikið eftir uppskriftum.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Búlluborgarinn er alltaf góður til að láta sér líða betur eftir erfitt næturbrölt, en mér líður líka alltaf mjög vel þegar ég er búin að fara á Mann lifandi í hádeginu. Það er einn af uppáhaldsstöðunum mínum.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Ég á alltaf til egg, ost og mjólk, og svo lífrænt majónes sem ég held mikið upp á. Svo á ég eiginlega alltaf til beikon líka, til að geta gert spaghetti carbonara.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég geri ráð fyrir að það séu ávextir á henni svo ég útiloka þá. Þá myndi ég taka með mér kaldan grillaðan kjúkling og Coke Light.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Það eru líklega djúpsteiktar froskalappir sem ég fékk á voðalega fínum veitingastað í Frakklandi.

# Góð gulrótarkaka

Gulrótarkökur eru alltaf klassískar og höfða til flestra – sama hvort um ræðir sjálfa bragðlaukana eða bara samviskuna, þar sem það er auðvelt að segja sjálfum sér að kaka sem inniheldur grænmeti hljóti að vera hollari en margt annað. Þessa uppskrift er að finna á síðunni allrecipes.com.

**Gulrótarkaka**

4 egg
1 ¼ bolli grænmetisolía
2 tsk. vanilludropar
2 bollar hveiti
2 tsk. matarsódi
2 tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
2 tsk. kanill
3 bollar rifnar gulrætur
1 bolli saxaðar pekanhnetur
**Krem:**
½ bolli mjúkt smjör
225 g mjúkur rjómaostur
4 bollar flórsykur
1 tsk. vanilludropar
1 bolli saxaðar pekanhnetur

Hitið ofninn í 175 °C og smyrjið kökuform. Hrærið saman egg, hvítan sykur og 2 tsk af vanilludropum í stórri skál. Blandið hveiti, matarsóda, lyftidufti, salti og kanil saman við. Hrærið gulræturnar út í og blandið pekanhnetum saman við ef vill. Hellið í formið og bakið í um 40-50 mínútur, þar til tannstöngull sem stungið er í miðjuna kemur hreinn út. Kælið í forminu í um 10 mínútur og þar eftir á grind. Setjið smjör, rjómaost, flórsykur og vanilludropa í skál og hrærið þar til blandan er slétt. Bætið hnetum í ef vill. Berið á kalda kökuna.



**KLASSÍSK KAKA** Gulrótarkökur eiga upp á pallborðið hjá mörgum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Meinhollt og gott

Þeir sem hafa einhver kynni haft af Stjána bláa vita að spínat er meinhollt. Margir blanda spínati út í ferskt salat, en það hentar hins vegar ekki síður sem heitt meðlæti með hinum ýmsu réttum og á sér þá sérstakan sálufélaga í hvítlauk.

Til að búa til spínatmauk, ef svo mætti kalla, er spínatið fyrst þvegið vel og þá þerrað. Hitið olíu á pönnu og steikið dálítinn hvítlauk í þar til hann er rétt farinn að brúnast. Bætið spínati á pönnuna, og athugið að ef fleiri en einn eða tveir eiga að fá að smakka réttinn er vissara að nota 1-2 poka, þar sem það rýrnar mikið við eldun. Veltið spínatinu upp úr olíunni og setjið lok á pönnuna í um eina mínútu. Hrærið í og eldið í um eina mínútu til viðbótar. Áður en spínatið er borið fram er gott að dreypa ólívuolíu yfir það og salta dálítið. Einnig má prófa að nota sesamolíu og strá ristuðum sesamfræjum yfir spínatið.



**GRÆNT ER GOTT** Spínat er meinhollt og þar að auki bragðgott þótt ekki öðlist allir jafnmikla krafta og Stjáni blái við neyslu þess. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kósíkvöld að hætti Sollu

**Sólveig Samúelsdóttir söngkona hefur alla tíð verið veik fyrir ís. Kósíkvöld á hennar heimili helgast því oft af ísþeytingi og súkkulaðiköku frá ömmu hennar og nöfnu.**

„Ísinn hefur alltaf verið ofarlega á blaði hjá mér, en það eru ekkert svo mörg ár síðan að ég datt í súkkulaðið,“ segir Sólveig kímin. Hún gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að kósíkvöldi heima við, í formi súkkulaðiköku fjölskyldunnar og ísþeytings.

„Þetta er súkkulaðikakan hennar ömmu Sollu sem ég heiti eftir og nú vona ég að fjölskyldan verði ekki brjáluð yfir því að ég hafi gefið uppskriftina upp,“ segir hún og hlær við. „Það skemmtilega er reyndar að þó að allir séu með sömu uppskriftina verður hún aldrei eins. Það er eins og hver og einn hafi sína aðferð,“ segir Sólveig. Kakan getur að hennar sögn bæði verið í formi tveggja- eða þriggja hæða tertu eða einfaldrar skúffuköku. „Svo er hún líka sniðug að því leytinu til að það eru engin egg í henni, fyrir þá sem eru með óþol,“ bendir hún á.

Ísþeyting, sem í sumum ísbúðum kallast bragðarefur, gerir Sólveig oft sjálf heima við. „Aðalatriðið er að ísinn þarf að vera nokkuð vel frosinn, svo þeytingurinn verði ekki of linur,“ bendir hún á. Sólveig blandar ávöxtum, á borð við banana eða jarðarber, og sælgæti saman og þeytir herlegheitin í Kitchen Aid-hrærivél heimilisins. Ísinn ber hún svo fram í háum og fallegum skálum.

Kósíkvöld á borð við þetta hafa þó verið af skornum skammti upp á síðkastið þar sem Sólveig hefur haft í nógu að snúast við æfingar á Cosí fan tutte, sem Óperustúdíó Íslensku óperunnar frumsýnir á sunnudag. „Við höfum haft rosalega gaman af þessu, enda er óperan líka stórskemmtileg. Hún fjallar um ástarflækjuvesen og það er mikill hasar, þar sem þetta gerist allt á einum sólarhring,“ segir hún.



**SPARNAÐARRÁÐ SÓLVEIGAR** Sólveig Samúelsdóttir söngkona er forfallinn ísaðdáandi og útbýr oft ísþeyting heima við. Það kemur heldur betur út fjárhagslega en að kaupa þeyting fyrir alla fjölskylduna í ísbúð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Súkkulaðikaka ömmu Sollu**

3 1/3 bolli hveiti
2/3 bolli kakó
2 bollar sykur
1 tsk. salt
2 tsk. natron
1 bolli smjörlíki, um 200g
2 bollar súrmjólk
Krem:
100-120 g smjör
3 msk. kakó
7 msk. mjólk
3 bollar flórsykur

Þurrefnum blandað saman í skál. Smjörlíkið brætt og blandað við súrmjólkina, öllu blandað saman og sett í ofnskúffu eða 2-3 form, eftir því hvernig maður vill hafa kökuna.

Bakað við 180°C í um 30-35 mín. í skúffu eða 17-18 mín. í hringformum. Best er að stinga prjóni í kökuna til að vera viss um að hún sé tilbúin.

Krem: Bræðið smjörið yfir vatnsbaði og blandið kakóinu út í. Ef tíminn er naumur er líka hægt að bræða það á lágri stillingu í örbylgjuofni og passa að það ofhitni ekki. Blandið mjólkinni út í flórsykurinn og því næst þessu tvennu saman.

sunna@frettabladid.is




ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

Gallerý fiskur fiskverslun

**Verslun**: mán.-fös. 10:00-18:30, **Veitingahús**: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau.18:00-22:00

vísir.is „...ég sá það á vísi“


# Heldur námskeið í sushi-gerð

Snorri Birgir Snorrason, sem rekur veisluþjónustuna Kokkinn, er margfróður um sushi. Hann lærði sushi-gerð í Japan, og átti áður og rak veitingastaðinn Sticks'n'Sushi. Hann heldur nú reglulega námskeið í sushi-gerð fyrir landann. „Ég er að fara í gang með þau aftur núna eftir fermingartörnina og stefni á að halda námskeið í matreiðsluskóla Hagkaupa í Smáralind á næstu vikum,“ segir Snorri.

Hann hefur lagt áherslu á verkleg námskeið þar sem hann segir nauðsynlegt fyrir fólk að fá að prófa sjálft. „Ég byrja á því að fara í gegnum allt hráefnið sem maður notar, því að hrísgrjón eru alls ekki það sama og hrísgrjón og sojasósa ekki það sama og sojasósa,“ segir Snorri kíminn. „Ferlið hefst á því að þrífa hrísgrjónin og sjóða þau. Ef það er ekki rétt gert verður þetta aldrei gott. Þetta er eins og með danska smurbrauðið, ef brauðið er ekki gott skiptir engu máli hvert áleggið er,“ segir Snorri og hlær við. Nemendur fá því næst að spreyta sig á fiskskurði og að gera bæði maki-rúllur og nigiri-bita. „Ég kenni undirstöðuna en maður lærir þetta ekki allt á einu kvöldi. Fólk þarf að æfa sig heima,“ segir Snorri.

Sushi hefur orðið átt miklum vinsældum að fagna á síðustu misserum, og segir Snorri það vera í takt við þróunina á hinum Norðurlöndunum. „Það hefur verið hægur og góður stígandi í þessu. Sushi er matur sem vinnur á. Sumir falla fyrir því á fyrsta degi, aðrir þurfa nokkur skipti, en þá verður heldur ekkert aftur snúið,“ segir hann.

Sé nánari upplýsinga um námskeið og skráningu óskað má senda póst á snorri@kokkurinn.is. - sun



**HRÍSGRJÓNIN SKIPTA ÖLLU** Snorri Birgir Snorrason segir sömu lögmál gilda um hrísgrjón í sushigerð og brauð í smurbrauðsgerð – séu þau ekki í lagi skiptir engu hvað á eftir fylgir. FRÉTTABLAÐIÐ/




**KYNNUM NÝJU TERRACOTTA LÍNUNA**
**HÚN INNIHELDUR**

\# NÝJA AUGNSKUGGA Í ÞREMUR LITUM
\# NÝ ANDLITS OG LÍKAMSPÚÐUR Í ÞREMUR LITATÓNUM
\# NÝTT LITAÐ DAGKREM
\# NÝJA RAKAGEFANDI GLOSSA Í ÞREMUR LITUM
\# SÓLARPUÐUR FYRIR ÞÁ SEM VILJA MATTA ÁFERÐ
\# SÓLARPÚÐUR SEM GEFUR HRAUSTLEGA OG LJÓMANDI ÁFERÐ

**SJÁLFBRÚNKULÍNAN ENDURNÝJUÐ**
**MEÐ FJÓRUM FRÁBÆRUM NÝJUNGUM**

\# SMOOTHING SELF-TANNING EMULUSION SEM GEFUR LIT Á SJÖ TÍMUM SEM NOTA MÁ DAGLGLEGA
\# LUXURIOUS SELF-TANNING BALM SEM GEFUR FALLEGAN LJÓMA GO FALLEGAN LJÓSAN LIT
\# TINTED SELF-TANNING GEL SEM GEFUR MIKINN LIT
\# EXPRESS SPREY FYRIR ÞÁ SEM EKKI HAFA TÍMA TIL AÐ BÍÐA

ÖLL SJÁLFBRÚNKULÍNAN INNIHELDUR 100% ARGAN OIL SEM NÆRIR OG VERNDAR HÚÐINA
**GLÆSILEGIR KAUPAUKAR VERÐA Í BOÐI Á KYNNINGARDÖGUM.**

HYGEA
snyrtivöruverslun

> FERILLINN Í VASKINN

George Clooney segist hafa sætt sig við það að ferill hans muni á einhverjum tímapunkti fara í vaskinn. „Ég ætla bara að njóta þessa á meðan það endist. Ég er með fínt bíóhár, svo ég þarf að nýta það áður en ég fer að missa það," segir leikarinn.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Átök um frumsýningarkjóla

Sögur af átökum leikkvennanna í Sex and the City halda áfram að berast yfir hafið, enda er frumsýning kvikmyndarinnar nú ekki langt undan. Nú á að hafa skorist í odda með leikkonunum fjórum, þeim Söruh Jessicu Parker, Kim Cattrall, Kristin Davis og Cynthiu Nixon, vegna klæðaburðar á frumsýningunni í lok maí.

Heimildir breska blaðsins Daily Mirror herma að allir mikilvægustu fatahönnuðir heimsins bjóði nú Söruh Jessicu Parker gull og græna skóga fyrir að klæðast fatnaði frá þeim á frumsýningunni, enda þykir hún mesti tískugúrúinn í hópnum, eins og karakterinn sem hún leikur. Hinar þrjár eru hins vegar ekki par hrifnar af þessu, og neita nú að vera samferða Parker í limósínu að frumsýningunni, þar sem þær óttast að hún muni fá alla athyglina.

„Það er mikil samkeppni um hver verði í hverju, og búningahönnuður myndinnar, Patricia Field, er í miðri orrahríðinni. Þær eru allar ákveðnar í að hinar fái ekki að skyggja á þær," segir heimildarmaður Daily Mirror.

Í þeim anda ku Sarah Jessica Parker nú stunda stífar æfingar til að koma sér í sem best form fyrir frumsýningarkvöldið. Hún er þar að auki „á sérstöku berjamataræði," segir heimildarmaðurinnn.



**FÆR FLOTTUSTU KJÓLANA** Tilboðum frá frægustu fatahönnuðum heims rignir nú yfir Söruh Jessicu Parker, meðleikkonum hennar til lítillar ánægju. Sex and the City-myndin verður frumsýnd í lok maí. NORDICPHOTOS/GETTY

## Grinderman á Hróarskeldu

Hljómsveitirnar Grinderman og Hot Chip hafa boðað komu sína á Hróarskelduhátíðina í Danmörku í sumar. Nick Cave er forsprakki Grinderman, sem var stofnuð á síðasta ári. Sveitin spilar kraftmikið bílskúrsrokk og verða þetta fyrstu tónleikar hennar í Skandinavíu.



**NICK CAVE**

Hot Chip, sem spilaði á Iceland Airwaves fyrir nokkrum árum, hefur fengið mjög góða dóma fyrir sína þriðju plötu sem nefnist Made In the Dark. Fer sveitin væntanlega létt með að halda uppi góðri stemningu á Hróarskeldu. Á meðal fleiri nýrra flytjenda á hátíðinni er Duffy frá Bretlandi og þýska danssveitin Digitalism. Nánari upplýsingar má sjá á roskilde-festival.is.

## Þrjár spila á bókasafni

**Hljómsveitirnar Coral, Napoleon og Papa de Boss spila á tónleikum í Gamla bókasafninu í miðbæ Hafnarfjarðar í kvöld. Coral er að fylgja eftir sinni fyrstu plötu, The Perpetual Motion Picture, sem kom út á síðasta ári.**

**Papa de Boss kemur úr Garðabænum og spilar framsækið indírokk og Napoleon er frá Reykjavík og Kirkjubæjarklaustri.**

**Húsið opnar klukkan 19.30 og byrja tónleikarnir, sem eru ókeypis, hálftíma síðar. Nánari upplýsingar um tónleikana má finna á www.myspace.com/gamlabokasafnid.**

# Íslendingar á hlaupum

**Sú hefð að láta alþjóð hlaupa fyrsta apríl var haldin hátíðleg á þriðjudag. Björn Ingi og Grímseyjarferjan komu töluvert við sögu.**



**BJÖRN INGI, BENSÍN OG GARCIA** Grímseyjarferjan umdeilda, lækkun á olíuverði og tónlistarmyndband Gaels Garcia og Nicks Cave voru meðal þess hluta sem kom fyrir í aprílgabbi fjölmiðlanna. Björn Ingi Hrafnsson kom fyrir í tveimur aprílgöbbum.

Morgunblaðið fór mikinn í 1. apríl gríni sínu. Greint var frá því að Nick Cave og Gael Garcia Bernal hygðust taka upp tónlistaratriði í Kringlunni um hádegisbilið en framar í blaðinu var frétt um að kassagítarhetjan og almúgamaðurinn JoJo ætlaði að taka lagið með sjálfum Bob Dylan í Austurstræti. Aprílgabb fréttadeildar Moggans fjallaði síðan um hin umdeildu mótmæli vörubílstjóra og að þeir ætluðu sér að sturta möl fyrir framan Alþingishúsið. Hvorki sást þó til ástralska eðaltöffarans í verslunarmiðstöð höfuðborgarbúa né amerísku goðsagnarinnar meðal menningarvitanna í Austurstræti. Og vörubílstjórarnir létu sér nægja að þeyta lúðra sína í miðborginni, vegfarendum til mismikillar armæðu.

Fréttablaðið beitti fremur hefðbundnu gríni og birti á forsíðu frétt um að Skeljungur hefði tekið sig til og lækkað verð á bæði bensíni og díselolíu. Ófáir bitu á agnið og keyrðu sem leið lá á Bústaðaveg en gripu í tómt. Bæði DV og 24 stundir ákváðu að notfæra sér verðandi ritstjóra Markaðarins, Björn Inga Hrafnsson. Hið fyrrnefnda upplýsti lesendur sína um að hann hygðist árita endurminningar sínar um REI-málið og 24 stundir töldu sig hafa heimildir fyrir því að fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins yrði ritstjóri blaðsins. Ólafur Þ. Stephensen stígi niður og væri á leiðinni í Ráðhúsið.



**TÓNLISTARATRIÐI Í KRINGLUNNI** Hvorki Gael Garcia né Nick Cave í

Ljósvakamiðlar stunduðu aprílgabbið af miklum móð. Fréttastofa Útvarpsins reyndi að fá fólk uppí Öskjuhlíð þar sem gamalt byrgi fullt af vopnum frá seinni heimstyrjöldinni hefði fundist. Þór Whitehead, einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar í heimstyrjaldarfræðum, átti að bíða eftir höfuðborgarbúum og leiða þá í allan sannleikann um þennan magnaða fund. Stöð 2 reyndi að höfða til ungu kynslóðarinnar og notfærði sér hina mjög svo eftirsóknarverðu iPhone frá Apple sem stöðin sagði loksins vera til sölu og RÚV gerði heiðarlega tilraun til að láta Norðlendinga hlaupa 1. apríl með því að bjóða þeim í fyrstu reynslusiglingu Grímseyjarferjunnar.

Vefmiðlar blönduðu sér í aprílgabb-hefð þjóðarinnar. Elko auglýsti á vef sínum megrunartæki á 900 þúsund krónur og Vísir lagði sig í líma við að sannfæra lesendur um að Al Gore ætlaði að sofa í snekkju Saddams Hussein þegar hann kæmi hingað. En athafnamaðurinn Pálmi Haraldsson átti að hafa keypt hana. Allan daginn voru fluttar fréttir af þessari stórfrétt. Mbl.is auglýsti að vefurinn gæti nú sýnt nýjustu kvikmyndirnar með einföldum hætti og margir töldu sig hafa komist í feitt og spjallvefurinn umdeildi, barnaland.is, hafði fyrir því að setja allt notendaviðmót sitt á dönsku og hvatti notendur til að skella sér í BT þar sem þeir gætu keypt sér hið íslenska viðmót.

freyrgigja@frettabladid.is



**RITSTJÓRI OG RITHÖFUNDUR** Björn Ingi Hrafnsson var vinsæll í aprílgabbið.



**VELVET REVOLVER** Rokksveitin Velvet Revolver hefur rekið söngvarann Scott Weiland.

## Rekinn úr Revolver

**Söngvarinn Scott Weiland hefur verið rekinn úr rokksveitinni Velvet Revolver vegna ósæmilegrar hegðunar. Í yfirlýsingu sveitarinnar segir gítarleikarinn Slash að vegna persónulegra vandamála Weilands hafi þeir neyðst til að reka hann. „Þessi hljómsveit snýst um aðdáendurna og tónlistina og Scott Weiland hefur einfaldlega ekki lagt sig allan fram," sagði Slash.**

**Weiland, sem er fertugur, hefur oft verið handtekinn vegna vímuefnavanda síns. Í síðasta mánuði sagðist hann saklaus af ákæru um ölvunarakstur. Talið er að Weiland muni syngja með sinni gömlu hljómsveit, Stone Temple Pilots, á næstunni en hún er nýbyrjuð aftur eftir sjö ára hlé.**

## Mínus með tónleika

Rokkararnir í Mínus halda tónleika á Organ á föstudagskvöld. Mínus hefur verið á faraldsfæti að undanförnu og spilaði sveitin á sjö tónleikum í Bretlandi fyrir skömmu.

Eftir tónleikana á Organ heldur sveitin síðan áfram tónleikaferð sinni um Evrópu í maí og júní. Skátar og Celestine hita upp á Organ og hefjast tónleikarnir klukkan 22.30.

Spennandi starf inni í blaðinu.

Hive SKO

# Georgíska söngkonan til Íslands

Georgíumenn taka nú þátt í Eurovision í annað sinn. Þeim gekk nokkuð vel í fyrsta skipti í fyrra, komust í úrslitaþáttinn og lentu þar í áttunda sæti. Nú vilja þeir enn lengra og tefla fram söngkonunni Diönu Gurtskaya og laginu „Peace Will Come".

Díana fæddist blind árið 1979 og hefur oft komist í hann krappan. Í átökunum í Abkasíu neyddist fjölskylda hennar til að flýja heimili sitt. Þau dvöldu um hríð í flóttamannabúðum í Rússlandi þar til þau gátu flutt til Georgíu á ný. Tónlistarferillinn hófst snemma og Díana var ekki nema tíu ára þegar hún söng með fílharmóníuhljómsveitinni í Tíblisi. Hún hefur gert tvær sólóplötur, „You Are Here" og „You Know, Mum" og sungið dúetta með ekki ófrægari mönnum en Demis Roussos og Ray Charles. Þá hefur hún tekið þátt í mannúðarmálum, bæði fyrir blinda og fátæka.



**VINSÆL OG FRÆG Í GEORGÍU** Diana Gurtskaya verður á Íslandi 16. apríl.

Georgía er 70.000 ferkílómetrar að stærð og á landamæri að Rússlandi, Aserbaídsjan, Armeníu og Tyrklandi. Þar búa tæplega fimm milljónir manna.

Þjóðin stendur á krossgötum þessa dagana, vill komast í Nató og efla samskiptin við Vesturlönd. Georgíumenn telja að gott gengi í Eurovision geti skipt miklu í vestrænni samvinnu og ætla því að senda Díönu Gurtskaya um víðan völl til að kynna lagið sitt og landið. Georgíumenn eru í sama riðli og Ísland og því er von á Díönu hingað. Hún syngur og fer í viðtöl á Íslandi hinn 16. apríl næstkomandi.

Eurovision

50 DAGAR TIL STEFNU

Glæsidagar

3.,-4.,-5. apríl

20% afsláttur af allri barnavöru

30% afsláttur af Lyocell satin settum

VERIÐ

Verið Sængurfataverslun Glæsibæ, s. 552-0978 www.damask.is

# ESTĒE LAUDER GJÖF

# GJÖFIN ÞÍN

DAGANA 3.-9. APRÍL Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPA

Dragðu fram fegurð þína með fallegum litum og háþróuðum kremum.
7 daga skammtur af undrakreminu Idealist ásamt Daywear Plus.
Pure Color Crystal varalitur og High Gloss.
Augnskugga tvenna og Projectionist maskari.
Tvær glæsilegar snyrtitöskur. *Verðgildi gjafarinnar er kr. 8900.-*

**Þetta er gjöfin* þín ef þú verslar Estée Lauder vörur fyrir 3.900 eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaupa dagana 3. – 9. apríl.**

**Meðan birgðir endast.*






VIÐ MÆLUM MEÐ:

**Nýtt. Double Wear maskari**

Allt að 15 tíma ending. Falleg augnhár frá morgni fram á kvöld. Litfastur maskari, ekkert kám.

Skýr augnumgerð að morgni dags – jafnskýr að kvöldi.
Double Wear maskarinn gefur einstaka endingu og frábæra lengingu.
Þetta byggist á einstakri kámvörn, *Smudge Shield Technology*,
sem hönnuð er til að standast mikinn hita og raka án þess að liturinn kámist út, flagni eða eyðist í dagsins önn.

www.esteelauder.com

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Íslensk krem vinsæl

Vörur úr íslensku Blue Lagoon-húðvörulínunni eru tilnefndar til dönsku snyrtivöruverðlaunanna, sem afhent verða á Hilton hótelinu í Kaupmannahöfn í dag. Þetta er í annað skiptið sem verðlaunin eru afhent en þau vekja jafnan mikla athygli ytra. Í dómnefndinni situr meðal annars Eva Kruse, sem er skipuleggjandi dönsku tískuvikunnar og framkvæmdastjóri Danish Fashion Institute.

„Það er mjög gaman fyrir okkur að þetta hafi ratað þarna inn. Það styrkir okkur auðvitað í þeirri trú að við séum að gera rétta hluti og að vörumerkið okkar sé á réttri leið,“ segir Magnea Guðmundsdóttir, kynningarstjóri Bláa lónsins hf. Blue Lagoon er tilnefnt til verðlauna sem nýtt vörumerki ársins og að auki eru tvær vörutegundir tilnefndar í mismunandi flokkum. Rakakremið Blue Lagoon Mineral Moisturizing Cream er



**TILNEFND TIL SNYRTIVÖRUVERÐLAUNA** Vörur úr íslensku Blue Lagoon-húðvörulínunni eru tilnefndar til dönsku snyrtivöruverðlaunanna.

tilnefnt í flokknum Lúxusvörur fyrir líkamann og etur þar meðal annars kappi við hið víðfræga Eight Hour líkamskrem frá Elizabeth Arden og krem frá bandaríska merkinu Origins, sem Íslendingum kannast vel við. Blue Lagoon Silica Mud Mask, er svo tilnefnt í flokknum Spa-vörur fyrir líkamann.

# Óklárað lag eftir Lennon

**Viðræður hafa verið uppi um að gefa út í fyrsta sinn óklárað lag eftir John Lennon, Now and Then, í minningu Neils Aspinall, fyrrverandi aðstoðarmanns Bítlanna, sem lést fyrir skömmu.**

**Lagið var eitt af þremur Lennon-lögum sem fundust á síðasta áratug þegar Paul McCartney, George Harrison og Ringo Starr skoðuðu gamlar hirslur í tilefni af Anthology-safninu. Hin lögin, Real Love og Free as a Bird, voru nánast fullkláruð þegar þau fundust og áttu hinir eftirlifandi Bítlar ekki í miklum erfiðleikum með að ljúka verkinu. Now and Then átti aftur á móti lengra í land og var af þeim sökum skilið útundan. Ekki er vitað hverjir myndu taka verkið að sér en Paul og Ringo eru taldir líklegastir.**

# Krónan með íslenska tónleikahaldara í spennitreyju

**Hrun krónunnar hefur áhrif á alla, ekki síst þá sem standa sveittir í því að flytja inn erlenda tónlistarmenn fyrir okkur. Greiða þarf erlenda tónlistarfólkinu í erlendum myntum, dollurum, pundum eða evrum, og það segir sig sjálft að þegar gengið fellur um 25 prósent breytast allar forsendur.**



**ALLIR UGGANDI UM STÖÐU ÍSLENSKU KRÓNUNNAR** Grímur Atlason, Ísleifur Þórhallsson og Eldar Ástþórsson.



„Þetta er skelfilegt,“ segir Ísleifur Þórhallsson hjá Concert. „Tónleikahaldarar eins og aðrir halda að sér höndum þessa dagana enda er langstærsti kostnaðurinn við tónleika hér í erlendri mynt. Það er náttúrlega ekki búandi við þetta, þessar endalausu sveiflur og óvissu.“

Concert stendur fyrir tónleikum Bobs Dylan í Egilshöll 26. maí og James Blunt í Laugardalshöll 12. júní. „Við sendum inn tilboðin þegar krónan var sterk. Rétt eftir að við tilkynntum miðaverðið á Dylan féll krónan. Við förum auðvitað ekkert og vælum í erlendu umboðsskrifstofunum út af því enda er þeim nákvæmlega sama og vilja bara fá greidda þá upphæð sem samið var um. Það kom til tals að hækka miðaverðið á Dylan en við ákváðum að taka þetta á okkur. En það er ljóst að það verður dýrara á James Blunt en ella – só sorrí – en við reynum engu að síður að halda því eins lágu og við getum, enda er fólk almennt í krísu.“

Grímur Atlason hjá Lifandi þjóð sem stendur fyrir tónleikum Johns Fogerty í Laugardalshöll 21. maí og Erics Clapton í Egilshöll 8. ágúst er á sama máli og Ísleifur. „Það hefur mikil áhrif að búa við efnahagsstjórn sem er eins og í þriðja heims ríki,“ segir hann. „Það er allt of mikill spennufaktor í þessu og allt verður svo ósannfærandi. Maður er alltaf óöruggur – á ég að bíða í þrjár vikur með að borga eða ekki? – og svo eru einhver villidýr á hliðarlínunni sem hafa mikið að segja um gengið. Það er fáránlegt að ræða ekki einu sinni Evrópuaðild í þessari stöðu. En við hækkum auðvitað ekki auglýst miðaverð eftir á. Það eru bara ferðaskrifstofurnar sem gera það.“

Eldar Ástþórsson hjá Iceland Airwaves segir gengislækkunina ekki góða fyrir hátíðina. „Við höfum ekki hætt við neitt ennþá en þetta setur allt í uppnám. Við erum farin að endurskoða plönin. Mörg erlendu atriðin koma reyndar og spila frítt á hátíðinni en kostnaðurinn við stærri böndin sem þarf að borga eykst. Maður er bara að vona að ástandið versni ekki.“

gunnarh@frettabladid.is

# Nornagjafir til fermingarbarna

Eigendur nýaldarverslunarinnar Orkusteins á Ísafirði, sem selur allt frá nornagöldrum til bambusrimlatjalda, hyggjast gefa öllum fermingarbörnum á Vestfjörðum gjöf í tilefni áfangans. „Okkur langar að taka þátt í þessum stóra viðburði hjá börnunum,“ útskýrir Ólöf Hildur Gísladóttir, annar eigandi verslunarinnar. Einhver fermingarbörn hafa þegar fengið glaðning frá Orkusteini, en enn eru mörg eftir og því vill hún ekki gefa upp hvað leynist í pökkunum. „Ég get sagt að þetta tengist Íslandi og okkar fornu menningu og ætti ekki að særa neinn. Fermingin snýst náttúrulega um kristna trú, svo það væri kannski ekki alveg við hæfi að fara að skella tarot-spilum í pakkana,“ segir Hildur og hlær við.

Hún hefur haft samband við presta í öllum kirkjum á Vestfjörðum en hingað til fengið svör frá fjórum. „Þeir hafa tekið mjög vel í þetta, en við viljum alls ekki að neinn verði útundan svo við bíðum eftir að heyra frá þeim,“ segir Hildur, sem segir börn á fermingaraldri vera í hópi viðskiptavina Orkusteins, enda sé eitthvað fyrir alla að finna í versluninni. Á vefsíðunni orkusteinn.is má sjá brot af úrvalinu.



**GLEÐJA FERMINGARBÖRN** Eigendur nýaldarverslunarinnar Orkusteins ætla að gefa öllum vestfirskum fermingarbörnum glaðning. Ekki verður þó um að ræða galdra eða tarotspil, að sögn eiganda.


NÝTT Í BÍÓ!





| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| VANTAGE POINT LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 10.30 | 12 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.30 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 | |

550 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE EYE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 10 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10 | 16 |
| LOVEWRECKED | kl. 8 - 10 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus





| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| THE EYE - POWER | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 og 8 | 7 |
| SEMI-PRO | kl. 8 og 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS





| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10:10D | 10 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 - 10:10 | L |
| 10.000 BC | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | kl. 5:50 - 8 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6D - 8D - 10D - 10:30D | 10 |
| HANNA MONTANA | kl. 6 (3D) | L |
| JUNO | kl. 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 8 | 7 |
| 10.000 BC | kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| INTO THE WILD | kl. 8 - 10:20 | 7 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| THE EYE | kl. 8 - 10 | 16 |

DIGITAL HLJÓÐ OG MYND

Dömu- og herrafatnaður

# Þökkum frábærar viðtökur!

KARNIVAL

# Ódýrt

## Gerðu bestu kaupin hér

MISS SIXTY · DIESEL · Sparkz · G-STAR · Moss · LLOYD

modström · les lolitas · billi bi · BRONX · SAMSØE ϕ SAMSØE · [nümph]

# Allt að 80% afsl

## Erum sífellt að bæta við nýjum vörum

galleri
húsið · Laugavegi 91



CENTRUM · gs skór · gallerí sautján

**Opið virka daga 11-18 · laugardag 11-18 · sunnudag 13-17**

### > Kemst Fram skrefi nær titlinum?

N1-deild kvenna í handbolta fer aftur af stað í kvöld af fullum krafti eftir páskafrí þegar topplið Fram fær nýliða Fylkis í heimsókn í Framhúsið í Safamýrinni og hefst leikurinn kl. 20. Fram-liðið hefur aðeins tapað einum leik í N1-deildinni í vetur og gæti komist skrefi nær titlinum með sigri. Fram er sem stendur með 35 stig þegar fjórir leikir eru til stefnu, Valur kemur þar á eftir með 32 stig og Stjarnan er með 31 stig, en Stjörnustúlkur eiga fimm leiki eftir.



**sport**

sport@frettabladid.is

MIKLAR BREYTINGAR HJÁ STJÖRNUNNI: KARLALIÐIN HÖFÐU EKKI ÁHUGA Á RAGNARI HERMANNSSYNI

# *Ragnar tekur við Stjörnuliðinu af Aðalsteini*

Það er ljóst að miklar breytingar verða í Garðabænum í sumar. Þjálfarar bæði karla- og kvennaliðsins eru að hætta sem og formaður deildarinnar, Þorsteinn Rafn Johnsen. Patrekur Jóhannesson mun væntanlega taka við karlaliðinu af Kristjáni Halldórssyni og Ásmundur Jónsson tekur við formennsku af Þorsteini. Bragi Bragason mun enn fremur draga sig úr meistaraflokksráði kvenna þar sem hann hefur unnið mjög gott starf. Ragnar Hermannsson verður aðaþjálfari kvennaliðsins og tekur hann við starfinu af Aðalsteini Eyjólfssyni. Ragnar er ekki ókunnugur í Garðabænum enda verið Aðalsteini til aðstoðar síðustu árin.

„Það er nánast formsatriði að ganga frá þessu. Ég hef samþykkt allt sem þeir hafa boðið mér en hef sett ákveðna fyrirvara áður en ég skrifa undir. Ég hef farið fram á að gengið verði frá samningum við íslenska leikmenn liðsins til að minnsta kosti eins árs,“ sagði Ragnar við Fréttablaðið en hann býst við því að skrifa undir tveggja ára samning við Stjörnuna. „Það er óvissa með alla erlenda leikmenn liðsins. Það er samdráttur í samfélaginu og við finnum fyrir því í Stjörnunni. Ég hef lagt mikla áherslu á að halda Birgit Engl en á ekkert endilega von á að halda henni. Hún er með svolitla heimþrá og er að spá í að fara heim til Austurríkis og jafnvel hætta í handbolta. Við sjáum hvað setur í þessum efnum,“ sagði Ragnar en hann mun einnig þjálfa unglingaflokk kvenna hjá Stjörnunni.



Ekki er aðeins óvissa með útlendingana hjá Stjörnunni því helsta stjarna liðsins, Rakel Dögg Bragadóttir, skoðar þann möguleika að spila erlendis á næstu leiktíð.

Ragnar lýsti því yfir í viðtali á dögunum að hann myndi helst vilja þjálfa karlalið í staðinn fyrir Stjörnuna. Ekkert varð af því.

„Ég hef mikla reynslu og tel mig tilbúinn að taka við einhverju karlaliði. Hef mikinn áhuga á því. Karlaliðin virðast aftur á móti ekki hafa neinn áhuga á að ráða mig því ég hef ekki heyrt í neinum,“ sagði Ragnar.



**ÓSÁTTIR** Ferguson og Queiroz létu í ljós óánægju sína með störf yfirmanns dómarafélagsins á Englandi og voru ákærðir. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ferguson og Queiroz:

## Ákærðir fyrir ummæli sín

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson og Carlos Queiroz, aðstoðarmaður hans hjá Manchester United, hafa verið ákærðir af enska knattspyrnusambandinu fyrir ummæli sín um dómarann Martin Atkinson og Keith Hackett, yfirmann dómarafélagsins á Englandi, eftir leik United og Portsmouth í átta liða úrslitum FA bikarsins. United tapaði leiknum 0-1 með marki Sulley Muntari úr vítaspyrnu.

„Frammistaða dómarans er mál út af fyrir sig en starf Keiths Hackett er annað. Hann gerir nákvæmlega ekki neitt til að sjá til þess að dómgæslan á Englandi sé frambærileg. Þessi dómari mun til að mynda örugglega dæma aftur í næstu viku án nokkurra tilmæla frá Hackett,“ sagði Ferguson svekktur í viðtali við Sky Sports eftir leikinn 8. mars síðastliðinn.

Ferguson og Queiroz hafa frest þar til 17. apríl að útskýra mál sitt og svara ákærunni. **- óþ**

John Williams, Blackburn:

## Bentley er alls ekki til sölu

**FÓTBOLTI** David Bentley hjá Blackburn hefur verið sterklega orðaður við Liverpool að undanförnu í breskum fjölmiðlum en John Williams, stjórnarformaður Blackburn, er þó ekki á þeim buxunum að láta einn af bestu leikmönnunum fara frá félaginu.

„Bentley er samningsbundinn Blackburn til ársins 2011 og við erum meira að segja að reyna að framlengja þann samning. Hann hefur tekið miklum framförum síðan hann kom til félagsins og er þar að leiðandi ekki til sölu og ekkert meira um það að segja,“ sagði Williams ákveðinn í viðtali við dagblaðið Lancashire Evening Telegraph. **- óþ**

N1 DEILD KVENNA
Fimmtudagur 3. apríl
Fram - Fylkir
Framhús kl. 20.00

# Sjö daga stríðið er hafið

**Arsenal og Liverpool gerðu 1-1 jafntefli í fyrstu orrustu liðanna af þremur á sjö dögum en Fenerbahce stal senunni með 2-1 sigri gegn Chelsea í Tyrklandi.**

**FÓTBOLTI** Arsenal og Liverpool skildu jöfn á meðan Chelsea tapaði í Tyrklandi í átta-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær.

Leikur Arsenal og Liverpool fór varfærnislega af stað á Emirates-leikvanginum í gær eins og við var að búast en það átti eftir að breytast. Heimamenn náðu svo smátt og smátt undirtökunum og sóknarþungi þeirra jókst. Fyrsta mark leiksins var því í raun í takt við gang mála og kom eftir góða sóknarhrinu Arsenal sem hófst með skoti frá Robin Van Persie sem Pepe Reina varði í horn. Upp úr hornspyrnunni átti Van Persie svo góða sendingu á Emmanuel Adebayor sem fékk að skalla boltann óáreittur í markið á 23. mínútu. Útlitið var ekki gott fyrir Liverpool en þremur mínútum síðar steig fyrirliðinn Steven Gerrard fram, eins og svo oft áður, og náði að spóla sig snilldarlega í gegnum vörn Arsenal og senda boltann fyrir markið á Dirk Kuyt sem skoraði af harðfylgi og jafnaði leikinn.

Arsenal sótti meira í síðari hálfleik og Liverpool þurfti í tvígang á stuttum tíma að bjarga á línu en í seinna skiptið vildi svo ólíklega til að Nicklas Bendtner, sóknarmaður Arsenal, stöðvaði óvart skot liðsfélaga síns. Arsenal gerði sterklega tilkall til vítaspyrnu á 66. mínútu þegar Kuyt reif Alexander Hleb niður í teignum beint fyrir framan dómarann Pieter Vink sem kaus að flauta ekki. Arsenal-liðið var meira með boltann og reyndi hvað það gat til þess að bæta öðru marki við en Liverpool-vörnin steig ekki feilspor og 1-1 jafntefli var niðurstaðan. Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var ánægður með sína menn.

„Þetta var leikur tveggja góðra liða og var hin besta skemmtun. Annað liðið var meira með boltann en hitt var vel skipulagt og varðist af skynsemi. Ég er mjög ánægður og stoltur yfir framgöngu leikmanna minna í kvöld og það má ekkert minna vera gegn liði eins og Arsenal,“ sagði Benitez sem var augljóslega sáttur með jafnteflið og mikilvægt mark á útivelli.



**Á AUÐUM SJÓ** Emmanuel Adebayor kemur hér Arsenal yfir með góðu skallamarki en varnarmaðurinn Sami Hyppia sefur á verðinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Draumabyrjun breyttist í martröð

Það voru aðeins liðnar 13 mínútur af leik Fenerbahce og Chelsea þegar Deivid varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark eftir sendingu Frakkans Florents Malouda og Chelsea strax komið með mikilvægt útimark í farteskinu. Tyrkirnir náðu svo að jafna leikinn á 65. mínútu með marki Kazims Kazims sem náði að leika á rangstöðugildru Chelsea-varnarinnar og skora framhjá Carlo Cudicini. Deivid bætti svo heldur betur fyrir sjálfsmarkið á 81. mínútu með því að skora sannkallað glæsimark og koma heimamönnum í 2-1 og þar við sat. En útivallarmark Chelsea gæti orðið drjúgt í seinni leiknum. **omar@frettabladid.is**

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| Arsenal-Liverpool | 1-1 |
| 1-0 Emmanuel Adebayor(23.), 1-1 Dirk Kuyt(26.). | |
| Fenerbahce-Chelsea | 2-1 |
| 0-1 sjálfsmark (13.), 1-1 Kazim Kazim (65.), 2-1 Deivid (80.). | |

*1. deildin í körfubolta*

| | |
|---|---|
| FSu-Valur | 67-63 |

**Stig FSu:** Sævar Sigurmundsson 19, Matthew Hammer 19, Vésteinn Sveinsson 8, Árni Ragnarsson 7, Emil Jóhannsson 5, Ante Karpov 5, Björgvin Valentínusarson 2, Niocholas Mabbut 2.
**Stig Vals:** Robert Hodgson 17, Ragnar Gylfason 10, Craig Walls 10, Steingrímur Ingólfsson 8, Alexander Dungal 8, Jason Harden 8, Guðmundur Kristjánsson 2.



**BJARTSÝNN** Schuster telur að Real Madrid geti fengið Cristiano Ronaldo eftir nokkur tímabil. NORDIC PHOTOS/GETTY

Bernd Schuster, Real Madrid:

## Ronaldo er sá besti í heimi

**FÓTBOLTI** Bernd Schuster, knattspyrnustjóri Real Madrid, telur að Cristiano Ronaldo sé besti leikmaður heims í dag og ítrekar enn fremur að Portúgalinn gæti í framtíðinni leikið listir sýnar í treyju Madrídarliðsins.

„Í augnablikinu fær Ronaldo tíu af tíu mögulegum í einkunn og er tvímælalaust besti leikmaður heims. Hann er sannkölluð stjarna á Old Trafford og þar af leiðandi hygg ég að United sé ekki tilbúið að selja hann sem stendur en eftir nokkur tímabil sé ég hann alveg fyrir mér í hvítri treyju Real Madrid,“ sagði Schuster, sem deyr ekki ráðalaus þótt hann fái ekki Ronaldo.

„Didier Drogba hjá Chelsea og Luis Fabiano hjá Sevilla eru líka fínir leikmenn og Real Madrid hefur alltaf reynt að kaupa bestu leikmennina,“ sagði Schuster í viðtali við spænska blaðið AS. **- óþ**

FSu sigraði Val í úrslitaleik í 1. deild karla í körfu:

# FSu upp í úrvalsdeild

**KÖRFUBOLTI** FSu tryggði sér sæti í úrvalsdeild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins þegar liðið vann fjögurra stiga sigur á Val, 67-63, í odda- og úrslitaleik í Iðu á Selfossi í gærkvöldi.

Húsið var troðfullt og leikurinn æsispennandi en á endanum höfðu heimamenn betur við þvílíkan fögnuð stuðningsmanna sem fjölmenntu í gulu í gær. Brynjar Karl Sigurðsson er þar með búinn að koma FSu upp í Iceland Express-deildina á sínu þriðja tímabili.

Það var jafnt í hálfleik, 34-34, en FSu var með frumkvæðið framan af seinni hálfleik eftir að hafa skorað tíu fyrstu stig seinni hálfleiks. Valsmenn unnu sig hægt og rólega inn í leikinn aftur og fjórar þriggja stiga körfur á fyrstu fjórum mínútum fjórða leikhluta komu þeim yfir, 55-57. Þá hófust æsispennandi lokamínútur sem enduðu með því að Valsmenn fengu tækifæri til þess að jafna leikinn eða tryggja sér sigur í stöðunni 65-63 þegar 20 sekúndur voru eftir. Sóknin misfórst og Björgvin Valentínusson fór síðan á vítalínuna og tryggði FSu sigurinn 67-63. **- óój**

**BARÁTTA** FSu náði að leggja Val að velli og tryggja sér sæti í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Guðbjörg Gunnarsdóttir:

## Fór í aðgerðina strax í gær

**FÓTBOLTI** Guðbjörg Gunnarsdóttir fór í aðgerð í gær á hásin og fram undan er langur tími í endurhæfingu.

„Ég er búin að heyra í Sigga Ragga og landsliðsnefndinni og ég fæ bara bestu meðferð sem er til á landinu,“ sagði Guðbjörg í gær en áfallið var mikið.

„Það eina sem ég hef heyrt núna er að þetta er verra en að slíta krossböndin en ég hélt að það væri það versta,“ segir Guðbjörg, sem hefur fengið sinn skammt af meiðslum þrátt fyrir ungan aldur. „Ég fór í gegnum axlarmeiðsli þegar ég var sautján ára og var frá í níu mánuði eftir aðferð og svo átti ég að hafa slitið krossbönd 2006 en þegar ég fór í aðgerðina voru þau ekki slitin. Þá var ég heppin,“ segir Guðbjörg, en hvernig urðu meiðslin?

„Það kom fyrirgjöf, ég missti boltann og var að skutla mér aftur á hann og fann þá brjálaðan smell aftan í hælnum. Ég hélt pottþétt að einhver hefði sparkað í mig og var alveg brjáluð,“ lýsir Guðbjörg og bætir við: „Ég fann strax að þetta var eitthvað alvarlegt og ég fer ekki út af vellinum svo auðveldlega. Þetta var allavega enginn væl,“ segir Guðbjörg. - óój



**GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR** Frá í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þóra tilbúin ef KSÍ getur hjálpað

**Landsliðsþjálfarinn vill ekki suða í leikmönnum til að spila með kvennalandsliðinu en það þarf frumkvæði frá KSÍ eigi Þóra Björg Helgadóttir að spila með liðinu á einu mikilvægasta ári í sögu þess.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta varð fyrir gríðarlegu áfalli í gær þegar markvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir sleit hásin í leik gegn KR í Lengjubikarnum. Guðbjörg var búin að leysa brotthvarf Þóru Bjargar Helgadóttur með glæsibrag og markvarðarstaðan var í góðum höndum. Nú er allt hins vegar breytt.

„Ég er eiginlega orðlaus yfir þessu og bara ennþá í sjokki. Það er fullt af leikjum fram undan með landsliðinu og ég var loksins búin að vinna mér sæti í byrjunarliðinu. Maður vaknar einn daginn og þá eru bjartir tímar fram undan og daginn eftir er maður bara úr leik,“ sagði Guðbjörg niðurbrotin þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær.

Guðbjörg var nýtekin við aðalmarkvarðarstöðunni af Þóru Björgu Helgadóttur sem gaf ekki kost á sér vegna vinnu sinnar í Belgíu. Fram undan er stórt og hugsanlega sögulegt ár hjá liðinu og meiðsli Guðbjargar, sem stóð sig frábærlega á Algarve-mótinu á dögunum, þýða að markmannsmálin eru í óvissu. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari vill ekki leita til Þóru, sem sjálf er tilbúin að skoða það að koma aftur í landsliðið sé KSÍ tilbúið að aðstoða hana við það.

„Þetta eru hrikalegar fréttir, fyrir Guggu og fyrir landsliðið,“ sagði Þóra Björg þegar Fréttablaðið heyrði í henni. „Siggi Raggi er búinn að taka það skýrt fram að það verði ekki leitað til mín. Ég þarf ákveðinn sveigjanleika sem er ekki eðlilegur fyrir landsliðsmann og ég skil það vel. Mér finnst þetta aftur á móti engin spurning um forgangsröðun þegar maður fær ekki greitt fyrir að vera í fótboltanum. Þetta er mín atvinna hér úti og ég get ekkert gert nema KSÍ komi til móts við mig. Ég hef ekki verið með kröfu um það en væri alveg tilbúin að skoða það,“ segir Þóra. „Mér finnst æðislegt að spila með landsliðinu og mikill heiður en þetta var bara það eina í stöðunni hjá mér. Ef ég get tekið þátt í þessu er ég alveg tilbúin.“ Þóra hefur mikla trú á þeim markvörðum sem eftir standa en segir málið snúast aðallega um að þær vanti báðar reynslu.



**56 LANDSLEIKIR** Þóra Björg Helgadóttir er leikjahæsti markvörður A-landsliðs kvenna frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Ég ætla ekki að vera sá maður sem suðar í leikmönnum, og leikmenn verða að vilja vera í landsliðinu. Þegar ég talaði við Þóru í janúar tjáði hún mér það að hún gæfi ekki kost á sér og því kemur hún ekki til greina að mínu mati,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari, sem varð vitni að því þegar Guðbjörg sleit hásinina í fyrrakvöld.

„Við höfum lent í ýmsum skakkaföllum þetta eina ár sem ég hef verið þjálfari en það hefur alltaf komið maður í manns stað. Ég er ekki búinn að ákveða hver verður næsti aðalmarkvörður en við eigum eftir að skoða það betur á næstu vikum. Það getur vel farið svo að ég skipti leikjunum við Finnland á milli markvarða en það gæti líka farið svo að ég verði búinn að velja aðalmarkvörð fyrir þann tíma,“ segir Sigurður Ragnar og það er ljóst að frumkvæðið að því að tala við Þóru mun ekki koma frá honum og það mun ekki koma frá Þóru heldur.

Nú er spurning hvað Knattspyrnusambandið er tilbúið að gera í stöðunni. Fram undan eru úrslitaleikir fyrir kvennalandsliðið um að tryggja sér sæti á stórmóti í fyrsta sinn. Útlitið í dag er fyrir að landsliðið fari í næstu leiki með reynslulausan markvörð á sama tíma og Ísland á einn besta markvörð heims sem hefur gríðarlega mikla reynslu og er að spila á fullu með belgíska liðinu Anderlecht.

Nú er að sjá hvort formaður eða framkvæmdastjóri KSÍ eru tilbúnir að taka af skarið og leysa þennan hnút og gera kvennalandsliðinu kleift að mæta með Þóru Björgu Helgadóttur í markinu í hinum mikilvægu leikjum ársins. Það gæti gert útslagið í að koma landsliðinu í fyrsta sinn á stórmót.

ooj@frettabladid.is





BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND OG TYRKLAND.

Sýningin fer fram laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. apríl í Vetrargarðinum í Smáralind.
Opið frá klukkan 11:00 til 18:00. Aðgangur ókeypis.

## Kvennakörfubolti:
# Frá Íslandi í WNBA

**KÖRFUBOLTI** Tveir leikmenn sem gerðu garðinn frægan í Iceland Express-deild kvenna eiga nú góða möguleika á að komast inn í hina rómuðu WNBA-deild í Bandaríkjunum. Þetta eru þær Monique Martin og Tamara Bowie sem eru undir smásjánni hjá Minnesota Lynx. Martin lék með KR í vetur og setti meðal annars stigamet með því að skora 65 stig gegn Keflavík. Bowie hefur verið í Ísrael í vetur en lék með Grindavík í fyrra.

Minnesota Lynx-liðið var með slakasta árangurinn í deildinni í fyrra og vann aðeins 10 af 34 leikjum en félagið hefur verið að sanka að sér ungum leikmönnum og ætlar sér að byggja upp nýtt lið.

Martin tók sér mánaðarfrí og hætti að spila með KR þar sem hún ætlaði að vera búin að ná sér að fullu af meiðslunum þegar æfingar WNBA-liðanna hæfust. Martin var með 36,6 stig, 13,4 fráköst og 4,0 stolna bolta að meðaltali með KR í vetur.

Tamara Bowie stakk af úr Grindavík í miðri úrslitakeppni í fyrra og það þýddi að hún fékk ekki keppnisleyfi á ný fyrr en um síðustu áramót. Bowie var með 30,5 stig, 14,8 fráköst og 3,6 varin skot með Grindavík tímabilið 2006-07.

- óój



**Á LEIÐ INN Í WNBA** Monique Martin sýndi frábæra takta með KR í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hefna ÍR og Skallagrímur í kvöld?

Oddaleikir átta liða úrslita Iceland Express-deildar karla fara fram í Grindavík og Vesturbænum í kvöld og þar geta heimaliðin endurtekið leikinn frá því í 8 liða úrslitunum í fyrra.

**KÖRFUBOLTI** Keflavík og Snæfell hafa þegar tryggt sér sæti í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla en í kvöld ræðst það hvaða tvö lið bætast í hópinn. Um leið kemur í ljós hvaða lið munu mætast en Keflvíkingar eiga sem dæmi enn möguleika á að mæta þremur liðum, Snæfelli, Skallagrími og ÍR, og Snæfellingar geta mætt einu af eftirfarandi fjórum liðum, Keflavík, KR, Skallagrími eða Grindavík. Það fer allt eftir úrslitum kvöldsins en það lið sem fer áfram og er með lakasta árangurinn í deildarkeppninni í vetur mætir deildarmeisturum Keflavíkur.

Oddaleikir kvöldsins eru endurtekning á oddaleikjum átta liða úrslitanna frá því í fyrra en KR vann þá öruggan 13 stiga sigur á ÍR á sama tíma og Grindavík vann Skallagrím með 16 stigum í Fjósinu í Borgarnesi. ÍR-ingar þurfa aftur að sækja KR-inga heim á úrslitastundu eftir tap á heimavelli en að þessu sinni eru Grindvíkingar á heimavelli í oddaleiknum.

### Pálmi þekkir þessa stöðu vel

KR-ingurinn Pálmi Freyr Sigurgeirsson ætti að vera farinn að þekkja þessa stöðu vel því hann hefur verið í sigurliði í oddaleik í átta liða úrslitum undanfarin þrjú ár. Pálmi var með 12 stig fyrir Snæfell í 116-105 sigri á KR 2005, skoraði 8 stig í 67-64 fyrir KR í sigri á Snæfelli 2006 og var með 15 stig í sigri KR á ÍR í fyrra. Öll árin hafa Pálmi og félagar hans tapað fyrsta leiknum en síðan unnið næstu tvo og það gæti gerst fjórða árið í röð í kvöld. Í síðustu tvö skipti hafa Pálmi og félagar hans í KR sent Nate Brown og félaga hans í ÍR í sumarfrí sem mætir í kvöld í þriðja sinn til þess að reyna að slá Vesturbæinga út úr úrslitakeppninni.

Þegar litið er á sögu félaganna í oddaleikjum um sæti í undanúrslitum kemur í ljós að bæði ÍR-ingar og Skallagrímsmenn þurfa að brjóta blað ætli þeir sér áfram því bæði félög hafa tapað öllum þremur leikjum sínum undir þessum kringumstæðum. Eiríkur Önundarson hefur verið með ÍR í öll þrjú skiptin en það hefur ekki dugað fyrir hann að skora 18,7 stig og hitta úr 63,6 prósentum skota sinna í þessum þremur leikjum. Það er annað uppi á teningnum hjá andstæðingum þeirra. KR-ingar hafa unnið alla fjóra oddaleiki sína á heimavelli (3 í DHL-höllinni) og þakka örugglega fyrr að eiga leikinn í Frostaskjólinu því þeir hafa tapað öllum fjórum oddaleikjum sínum á útivelli þegar sæti í undanúrslitum hefur verið í boði. Grindvíkingar hafa unnið 4 af 7 oddaleikjum sínum, þar af 3 af 4 í Röstinni í Grindavík þar sem leikurinn fer fram í kvöld.

### Zekovic og Flake erfiðir

Grindvíkingar hafa lítið ráðið við þá félaga Milojica Zekovic og Darrell Flake í liði Skallagríms sem hafa skorað saman 54,5 stig í leik og hitt úr 61,4 prósentum skota sinna en Daninn Adama Darboe hefur hins vegar haft betur í viðureign sinni með Frakkann Alan Fall í baráttu leikstjórnandanna.

Darboe hefur skorað 24,5 stig og gefið 8,5 stoðsendingar í leik á sama tíma og Fall er með 6,0 stig og 10,0 stoðsendingar að meðaltali í leik. Páll Axel Vilbergsson, fyrirliði Grindavíkur, hefur hitt vel (60,0 prósent) en eftir að hafa tekið 23 skot í fyrri hálfleik fyrsta leiksins hefur hann náð aðeins 12 skotum í hinum þremur hálfleikjunum enda í strangri gæslu Axels Kárasonar.

### Hvar er JJ Sola?

Nate Brown hefur leikið frábærlega með ÍR og er með 21 stig, 11 stoðsendingar og 5,5 fráköst að meðaltali í fyrstu tveimur leikjunum en KR-ingar náðu að loka á hann í lok síðasta leiks en hann skoraði aðeins 3 stig síðustu 15 mínútur leiksins eftir að hafa skorað 22 stig í fyrstu þremur leikhlutanum. Joshua Helm og Avi Fogel hafa leikið vel fyrir KR-inga en menn þar á bæ sakna framlags JJ Sola sem hefur skorað skorað 9 stig að meðaltali og hitt úr 33,3 prósent skota sinna (6 af 18).

Leikur KR og ÍR hefst klukkan 19.15 en leikur Grindavíkur og Skallagríms byrjar ekki fyrr en tíu mínútum síðar eða klukkan 19.25.

ooj@frettabladid.is



**FJÓRÐA ÁRIÐ Í RÖÐ** Pálmi Freyr Sigurgeirsson er kominn í oddaleik fjórða árið í röð og hefur verið í sigurliði í öll hin þrjú skiptin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍSLENSKA SIA.IS IFR 40071 03/08




Það eru aðeins tvær leiðir með vörur til og frá Íslandi.
Fraktflug með Icelandair Cargo býður þér hraðan og hagkvæman flutningsmáta
með fraktflugi oftar en 200 sinnum í viku á milli Íslands, annarra Evrópulanda og Bandaríkjanna.

ICELANDAIR CARGO
– hagkvæmur flutningsmáti



TOPPSKÓR Á BOTNVERÐI
Rugl verð á
skóm
í Toppskónum
TROÐFULL BÚÐ AF SKÓM
SKÓR Á BOTNVERÐI
Við lækkum á meðan aðrir hækka!
NEUR28-V0707
Stærðir 24-30
Verð áður: 3.995 kr.-
Verð nú: 1.995 kr.-
SPR205210
Stærðir 30-39
Verð áður: 2.995 kr.-
Verð nú: 1.995 kr.-
SPR28810770
Stærðir 24-32
Verð áður: 2.995 kr.-
Verð nú: 1.995 kr.-
Með ljósi
SPR27814251
Stærðir 28-39
Verð áður: 3.495 kr.-
Verð nú: 2.495 kr.-
IMA44240
Stærðir 36-41
Verð áður: 6.995 kr.-
Verð nú: 3.995 kr.-
NEURAKA8002
Stærðir 36-41
Verð áður: 6.995 kr.-
Verð nú: 2.905 kr.-
70%
50% afsláttur af
ecco gólfskóm margir litir og týpur
Módel frá 2007
ecco
Herra og Dömu stærðir
SPR90855
Stærðir 40-45
Verð áður: 5.995kr.-
Verð nú: 2.995 kr.-
SPR100086
Stærðir 40-45
Verð áður: 5.995 kr.-
Verð nú: 2.995 kr.-
SPR90856
Stærðir 40-45
Verð áður: 5.995 kr.-
Verð nú: 2.995 kr.-
LLORINLADI
Stærðir 40-46
Verð áður: 17.995 kr.-
Verð nú: 9.995 kr.-
Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
ara SHOES
ecco
LLOYD
VAGABOND

## > Catherine Zeta-Jones

Catherine Zeta-Jones er fædd í Swansea í Wales hinn 25. september árið 1969. Hún á sama afmælisdag og eiginmaður hennar, Michael Douglas, en Douglas er reyndar fæddur 25 árum fyrr. Jones leikur í myndinni Oceans Twelve sem Stöð 2 Bíó sýnir í dag.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **FREYR BJARNASON FINNUR TIL MEÐ EIGINMANNI ALLISON DUBOIS**

## *Svefn víkur fyrir sakamálum*

Ein umburðarlyndasta og jafnframt þreyttasta sjónvarpspersónan í dag er vafalítið Joe Dubois, eiginmaður Allison Dubois í Medium. Allison er berdreymin með eindæmum og nýtir hæfileika sinn (eða bölvun) til að leysa hvert sakamálið á fætur öðru. Nótt eftir nótt vaknar hún upp með andfælum eftir enn einn drauminn og vekur um leið Joe greyið sem virðist aldrei geta náð góðum nætursvefni. Samt virkar hann aldrei neitt sérstaklega pirraður, sem hlýtur að teljast sjaldgæfur eiginleiki. Í síðasta þætti, sem var sá fyrsti í nýrri þáttaröð, voru þau hjónin komin niður í eldhús klukkan sex um morguninn til að ræða enn einn drauminn, sem sýnir kannski vel hvað Joe hefur þurft að þola í undanförnum seríum. Ekkert virkaði sjálfsagðra en að þau væru komin á fætur svo snemma.



**DUBOIS-HJÓNIN** Joe og Allison Dubois ræða saman um enn einn drauminn.

Það er ekki hægt annað en að vorkenna Joe því hann er þreytan uppmáluð í hverjum einasta þætti. Vonandi sefur hann aðeins betur í þessari seríu en í þeim síðustu og það sama má auðvitað segja um Allison. Henni veitir ekki heldur af góðum svefni en ef sú yrði raunin myndu þættirnir væntanlega falla um sjálfa sig, því miður. Þessi nýja sería lofar reyndar nokkuð góðu. Í leikarahópinn hefur bæst hin gamalreynda Anjelica Huston og á hún líkast til eftir að blása nýju lífi í hlutina. Einnig verður áfram gaman að fylgjast með Dubois-hjónunum glíma við svefntruflanirnar og sakamálin eins og ekkert sé eðlilegra.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00 Blue Sky** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Everybody Hates Chris** SKJÁREINN



▶ **20.50 F1: Við rásmarkið** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.10 My Name is Earl** STÖÐ 2



▶ **21.30 Klovn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fiskurinn, fótboltinn og loforðið hans pabba** (2:3)
**18.00 Stundin okkar**
**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 07/08 bíó leikhús**
**20.45 Bræður og systur** (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
▶**21.30 Trúður** (8:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Fé og freistingar** (2:10) (Dirty Sexy Money) Bandarísk þáttaröð um ungan mann sem tekur við af pabba sínum sem lögmaður auðugrar fjölskyldu í New York og þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar, ólöglegum jafnt sem löglegum.
**23.10 Anna Pihl** (6:10)
**23.55 Kastljós**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Everybody´s Doing It**
**08.00 Ocean´s Twelve**
**10.05 Buena Vista Social Club**
**12.00 Blue Sky**
**14.00 Ocean´s Twelve**
**16.05 Buena Vista Social Club**
▶**18.00 Blue Sky** Aðalhlutverk: Jessica Lange, Powers Boothe, Tommy Lee Jones. Leikstjóri: Tony Richardson. 1994.
**20.00 Everybody´s Doing It**
**22.00 Point Blank**
**00.00 The Manchurian Candidate**
**02.05 Prophecy II**
**04.00 Point Blank**

## STÖÐ 2

**07.00 Camp Lazlo**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.00 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.35 Extreme Makeover – Home Edition** (5:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Heima hjá Jamie Oliver** (12:13)
**15.05 Amazing Race** (2:13)
**15.55 Sabrina – Unglingsnornin**
**16.18 Tutenstein**
**16.43 Nornafélagið**
**17.08 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (11:24) (Vinir)
**20.20 Hæðin** (3:8)
▶**21.10 My Name Is Earl** (9:13) Þriðja þáttaröð eins allra ferskasta og skemmtilegasta gamanþáttar síðari ára. Þátturinn sló í gegn þegar hann var sýndur á Sirkus og nú er hann kominn á Stöð 2. Jason Lee er að sjálfsögðu áfram í aðalhlutverki.
**21.35 Flight of the Conchords** (11:12)
**22.00 Bones** (1:13)
**22.45 ReGenesis** (5:13)
**23.35 Le Petit lieutenant**
**01.20 Cold Case** (10:23)
**02.05 Big Shots** (4:11)
**02.50 Inspector Linley Mysteries** (1:8)
**03.35 Inspector Linley Mysteries** (2:8)
**04.20 Bones** (1:13)
**05.05 The Simpsons**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Arsenal og Liverpool.
**08.40 Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Chelsea og Fenerbahce.
**13.05 Inside Sport**
**13.35 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Arsenal og Liverpool.
**15.15 Meistaramörk**
**15.35 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Chelsea og Fenerbahce.
**17.15 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**18.10 Inside the PGA**
**18.35 FA Cup - Preview Show 2008**
**19.05 Iceland Express-deildin 2008** Bein útsending frá oddaleik í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfuknattleik.
▶**20.50 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur í beinni útsendingu þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.
**21.30 Utan vallar** (Umræðuþáttur)
**00.00 Iceland Express-deildin 2008**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Chelsea - Middlesbrough**
**17.20 Reading - Blackburn**
**19.00 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 PL Classic Matches**
**21.30 Goals of the Season** (Goals of the Season 2000/2001) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.30 4 4 2**
**23.50 Coca Cola mörkin**
**00.20 Liverpool - Everton**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 All of Us**
**17.15 Fyrstu skrefin** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Innlit / útlit** (e)
**19.40 Game tíví** (12:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
▶**20.10 Everybody Hates Chris** (8:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Chris fær vinnu á kínverskum veitingastað eftir að Doc neitar honum um launahækkun. En hann kemst að fljótt að því að grasið er ekki alltaf grænna hinum megin.
**20.30 The Office** (16:25) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Það er komið að brúðkaupinu hjá Phyllis. Allir á skrifstofunni mæta í sínu fínasta pússi og Michael fær mikilvægt hlutverk í brúðkaupinu.
**21.00 Life** (7:11) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í tólf ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**21.50 C.S.I. Miami** (23:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Bílþjófur er myrtur og hann reynist vera tengdur hættulegum eiturlyfjabarón.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.25 America's Next Top Model** (e)
**00.35 Cane** (e)
**01.25 C.S.I.**
**02.15 Vörutorg**
**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR:
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Hæðin



Þriðji þátturinn af hinum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover. Þrjú gerólík pör fá það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð. Til verksins fá pörin fyrir fram ákveðna upphæð og aðstoð og þurfa að klára verkið á einungis sex vikum. Í kvöld taka pörin opna rýmið á efri hæðinni í gegn og byrja á hönnun stigahandriðsins.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**KR - ÍR**

### Stöð 2 Sport kl. 19.05

Oddaleikur í viðureign Reykjavíkurstórveldanna. KR-ingar hafa lent í kröppum dansi og mega teljast heppnir að vera enn með í baráttunni þar sem Breiðhyltingar hafa heldur betur sýnt klærnar. Nær ÍR að slá út Íslandsmeistarana á þeirra eigin heimavelli?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Leikslok
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Talk Show With Spike Feresten**
**18.15 Extreme: Life Through a Lens**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Skífulistinn**
**20.50 Talk Show With Spike Feresten**
**21.15 Extreme: Life Through a Lens** (9:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**22.00 Gossip Girl** (13:13) Einn heitasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007.
**22.45 Medium** (2:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel.
**23.30 Nip/Tuck** (11:14)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Nútímafólk** Randver Þorláksson leikari spjallar við gest sinn lífið og listina.
**21.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannessson formaður Jafnréttindafélags Íslands ræðir um jafnrétti, kynjakvóta og jafnréttislög við Sóleyju Tómasdóttur varaborgarfulltrúa og Sigurð Kára Kristjánsson alþingismann.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**9.30** Formiddag med Nis Boesdal **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** På blomstervandring **11.50** Hvad er det værd? **12.20** Godt arbejde **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Pucca **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango med Christian **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Venner på eventyr **18.30** Her kommer eliten **19.00** TV Avisen **19.25** Ærlig talt **19.50** SportNyt **20.00** Leo Houlding - friklatrer **20.55** Hul igennem **21.40** Blind Justice **22.25** Naruto Uncut

## NRK 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** Spekter **11.35** 'Allo, 'Allo! **12.05** Landsbylegane **13.00** Fabrikken **13.30** Heilt vilt **13.55** Frosk til middag **14.05** H2O **14.30** Megafon **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Yum Yum med Noman **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Höök **20.30** Halvseint talkshow **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Standup: Jack Dee live fra Apollo **22.30** P3tv live **23.30** Kulturnytt **23.40** Norsk på norsk jukeboks **1.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Varför, Ouafa? **10.35** Lantz i P4 **12.30** Skärgårdsdoktorn **13.30** Morgonsoffan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.15** Karamelli **15.45** Sagoträdet **16.00** Cirkuskiosken **16.20** Lycka är... **16.25** Krumelurdjur **16.30** Mamma Spindels alla små kryp **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Brottet **20.00** Debatt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Uppdrag Granskning **22.25** Klass 9A




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 2 EXTRA 2 EXTRA+ 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## MORGUNMATURINN



*„Ég hef borðað það sama í morgunmat á hverjum degi síðan ég var þriggja ára. Það er ristað brauð og kókómalt."*

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra Unifem á Íslandi.

# Íslenskur tökumaður með Balta í Hollywood

Kvikmyndatökumaðurinn Óttar Guðnason mun taka upp kvikmynd Baltasars Kormáks, Run for her Life, en hún verður fyrsta kvikmynd leikstjórans í Bandaríkjunum. Þetta staðfesti Baltasar í samtali við Fréttablaðið. Þeir félagar eru ekki ókunnugir hvor öðrum en þeir unnu saman að gerð Little Trip to Heaven. „Að fá Óttar er náttúrulega frábært," segir Baltasar sem var á leiðinni upp í flugvél til Los Angeles þegar Fréttablaðið náði af honum tali, þar átti hann að eiga fund með framleiðendum myndarinnar. Ferðin gekk þó ekki þrautalaust því Baltasar var vakinn klukkan þrjú um nóttina og honum tilkynnt að ef hann ætlaði sér að ná morgunfluginu yrði hann að hafa varann á. Hann var því mættur út á Leifstöð klukkan fjögur og komst með því móti hjá mótmælaaðgerðum atvinnubílstjóra. „Þetta var hressandi, enda tiltölulega stutt ferðalag fyrir höndum," segir leikstjórinn en tíu tíma tekur að fljúga frá London til L.A.





**SAMAN Á NÝ** Baltasar Kormákur og Óttar Guðnason vinna saman að gerð Run for Her Life í Bandaríkjunum.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá mun Dermot Mulroney leika aðalhlutverkið í myndinni en ekki hefur verið ákveðið hver muni leika kvenhlutverkið. Baltasar segir þau mál á viðkvæmu stigi og verið sé að ganga frá nokkrum lausum endum. Hann hafði þó ástæðu til að fagna í byrjun vikunnar þegar kvikmyndin Mýrin var leyst út með verðlaunum á franskri kvikmyndahátíð. Myndin var valin sú besta á Valenciennes-hátíðinni auk þess sem bæði leikstjórinn sjálfur og Ingvar E. Sigurðsson voru heiðraðir fyrir sinn hlut í myndinni. - fgg



**LÁRÉTT**
2. blöðru 6. í röð 8. eldsneyti 9. hallandi 11. skóli 12. tágarílát 14. dvaldist 16. grískur bókstafur 17. hrópa 18. óhreinka 20. í röð 21. tikka.

**LÓÐRÉTT**
1. umrót 3. hljóm 4. lófalestur 5. sarg 7. brennivínstegund 10. geislahjúpur 13. frjó 15. bannhelgi 16. fálm 19. frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. bólu, 6. aá, 8. mór, 9. ská, 11. fg, 12. karfa, 14. varst, 16. pí, 17. æpa, 18. ata, 20. áb, 21. tifa.

**LÓÐRÉTT:** 1. rask, 3. óm, 4. lófaspá, 5. urg, 7. ákavíti, 10. ára, 13. fræ, 15. tabú, 16. pat, 19. af.

## VEISTU SVARIÐ

1. Björn Ingi Hrafnsson og Björgvin Guðmundsson.
2. Mugison.
3. Rhein-Neckar Löwen.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

JÓN BENEDIKTSSON: MH-INGAR HAFA GENGIÐ OF LANGT

# Kærumál í Morfís-stríði

„Við munum kæra ef MH-ingar láta ekki ræðulið okkar í friði," segir Jón Benediktsson, talsmaður ræðuliðs MR sem mætir liði MH í úrslitum Morfís á laugardag. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær veittust nokkrir nemendur MH að ræðuliði MR-inga með vatnsbyssum en slíkt brýtur í bága við allar reglur Morfís. Um kvöldið sauð síðan upp úr á milli fylkinganna þegar nokkrir úr herliði MH mættu í æfingahúsnæði ræðuliðs MR með myndavélar og tóku myndir. „Þetta er alvarlegt brot á reglunum og truflaði okkur ákaflega mikið því þarna hefðu mikilvægar trúnaðarupplýsingar getað lekið út," bætir Jón við. „Okkur er full alvara með þessu enda ber skólunum að virða leikreglur í þessu stríði. Við viljum ekki vinna keppnina með þessum hætti en höfum ekki margra kosta völ. Ef það verður meira ónæði þá kærum við," lýsir Jón yfir. Lárus Jón Björnsson, liðstjóri ræðuliðs MH, sagðist hafa fulla samúð með andstæðingum sínum í MR. Reglur Morfís væru skýrar, ræðuliðin væru friðhelg. „Þessir aðilar töldu sig hafa vitneskju um að þarna væri herráð MR en varð heldur brugðið þegar þeim var tjáð að þetta væri ræðuliðið. Við erum búnir að róa þetta aðeins niður," segir Lárus. Hann lýsti jafnframt yfir áhyggjum sínum yfir því að stríð skólanna væri að fara úr böndunum. Í gær var lögregla kölluð að skóla MH þar sem nokkrir MR-ingar höfðu tekið sér stöðu uppi á þaki skólans. Fyrir neðan beið síðan her nemenda skólans með vatnsbyssur og blöðrur fylltar af mysu og klæjaði í gikkfingurinn. Einn nemandi MR fékk væna gusu yfir sig en öðrum var sleppt með minni háttar bleytu. „Ég heyrði það á mínum mönnum að þótt þeim hefði verið leyft að fara án meiriháttar skaða þá kæmi dagur eftir þennan dag," segir Lárus.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þótti þjálfurum liðanna nóg komið og áttu fund saman í gær. Þar voru hlutirnir ræddir og menn sammála um að það yrði að koma í veg fyrir að þetta „stríð" færi úr böndunum. Lárus staðfesti það í samtali við Fréttablaðið og vonaðist til að menn tækju sönsum. Hann var aftur á móti handviss um að andrúmsloftið í Háskólabíói á laugardaginn yrði rafmagnað. freyrgigja@frettabladid.is



**RENNVOTUR AF MYSU** Þessi MR-ingur fékk blautar kveðjur frá Hamrahlíðarskólanum. Hann fékk vatnsblöðrur fullar af mysu yfir sig. MYNDIR/SIGRÚN EYFJÖRÐ



**MORFÍS-STRÍÐ** Nokkrir MR-ingar klifruðu upp á þak MH. Nemendur skólans biðu spenntir eftir þeim með vatnsbyssur og blöðrur fylltar með mysu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Staða upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar var nýverið auglýst. Meðal umsækjenda, sem allir eru Ísfirðingar utan tveir, eru Kristján Freyr Halldórsson, bóksali og trommuleikari, en hann á ættir að rekja vestur og **Sigríður Dögg Auðunsdóttir,** fyrrverandi ritstjóri Krónikunnar og verðlaunablaðamaður. Aðrir umsækjendur eru Elísabet Samúelsdóttir, Hálfdán Bjarki Hálfdánarson, Hlynur Kristjánsson, Margrét Þóra Óladóttir og Thelma Hjaltadóttir.



Íslendingar allir eru stoltir af **Björk** en enginn þó sem faðir hennar Guðmundur Gunnarsson verkalýðsleiðtogi. Eðlilega. Guðmundur vekur athygli á í ágætu bloggi sínu að nú hafi Björk toppað sig með nýju vídeói við lagið Wanderlust. Það lag flytur Björk sjaldan nema hún telji tónleikasalinn góðan.



Blaðamannafélagið hefur boðað til aðalfundar og ein þeirra breytingartillagna sem borin verður upp þar er sú að ekki verði leyfilegt að bjóða sig fram til formanns nema með viku fyrirvara. Er tillagan ágætlega til þess fallin að styrkja þann formann sem fyrir er hverju sinni í sessi því hugsanleg uppreisnaröfl eru sjaldnast vel skipulögð. Núverandi formaður er **Arna Schram**. - jbg





# Stílisti Silvíu með Eurobandinu

Skjöldur Eyfjörð og Selma Ragnarsdóttir munu hafa veg og vanda af útliti Eurobandsins þegar það stígur á Eurovision-sviðið í Serbíu um miðjan maí. Ekki er um lítið ábyrgðarhlutverk að ræða því búningar og framkoma geta ráðið milli feigs og ófeigs þegar atkvæðin frá Evrópu koma upp úr kassanum. Skjöldur var hins vegar hvergi banginn þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann var þá staddur við tökur á myndbandi hópsins við lagið This is my life. „Ég get alla vega lofað einhverri svakalegri búningabombu," segir Skjöldur sem vildi þó ógjarnan gefa upp hvaða þema yrði fyrir valinu, hópurinn væri að prófa sig áfram með nokkur atriði.



**SILVÍA NÓTT** Þótti skrautleg í Eurovision-keppninni.

Þetta er í annað sinn sem Skjöldur fer út í Eurovision en hann var stílisti hinnar sjálfhverfu og óstýrilátu Silvíu Nótt. Skjöldur viðurkennir að hann sé mikill aðdáandi þessarar keppni og hann sé hálfgerð Eurovision-hóra, eins og hann kemst sjálfur að orði. Hann er sér líka fyllilega meðvitaður um mikilvægi hlutverks síns. „Við dæmum ekki síst eftir þessu sjónræna og það er bara staðreynd að fólk dæmir eftir útlitinu," segir Skjöldur. - fgg



**Í ANNAÐ SINN** Skjöldur er að fara í Eurovision í annað sinn en hann var Silvíu Nótt innan handar.

# +++OUTLET 10+++

**FAXAFENI 10** | **SMÁRATORGI 1**



VORUM AÐ FÁ MIKIÐ

ÚRVAL AF

SPORTFATNAÐI

SKÓR FRÁ PUMA®

PUMA Esito fótboltaskór

Verð **990 kr.**




**FAXAFEN s. 534 4450**

**SMÁRATORG s. 534 4451**

(á milli Bónuss og Rúmfatalagersins)

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




## BAKÞANKAR

Dr. Gunna

# Bati

Einu sinni á miðju fylliríi fékk vinur minn hugmynd. Hann hafði reyndar verið að pæla í þessu lengi en fékk snögglega vitrun: Strákar, sparkiði í rassinn á mér! sagði hann æstur, beygði sig niður og setti rassinn út í loftið. Hvað meinarðu!? spurðum við hinir hissa.

**ÞAÐ** er fátt betra en að vera í bata, útskýrði vinurinn. Að vera frískur er bara eitthvað sem manni er sama um og hugsar ekkert út í, en verði maður veikur kann maður að meta heilsuna og fyllist lífslöngun og gleði þegar manni fer að batna. Þess vegna vil ég að þið sparkið í rassinn á mér. Það er vont fyrst en svo fyllist ég lífshamingju í réttu hlutfalli við það þegar verkurinn hverfur.

**JÆJA** þá, ókei, sögðum við og spörkuðum í rassinn á honum. Svona voru nú partíin einu sinni.

**MÉR** datt þessi saga í hug nú þegar hin hræðilega kreppa hefur varað í rúmlega tvær vikur. Kannski er það bara Pollýanna sem talar, en mér líður frábærlega undir hinum endalausa hörmungarsöng og harmkvælum. Mér finnst þetta satt að segja miklu skemmtilegri tíð en þegar það skall á okkur daglega að Blablabanki hefði grætt þúsund trilljónir fyrir hádegi og einhver trillinn hefði gert eitthvað geðveikt við aurinn sinn.

**LAMANDI** lífleysi, mannlaus torg og almennur doði eru helstu einkenni íslensks mannlífs en nú er allavega smá líf í tuskunum. Brjálaðir vörubílakallar teppa hraðbrautir og óþekktir samverjar mála yfir krot í miðbænum. Flestir eru sammála vörubílaköllunum og hanga þolinmóðir í teppunni. Það er búið að dúndra jafnt í rassgatið á öllum og nú er bara að bíða eftir að verkurinn líði smám saman úr afturendanum.

**Í** glimrandi góðæri liggja allir á andlegri meltunni, vömbin vellandi úr fráhnepptum buxnastrengnum, heilastarfsemin lömuð af súkkulaði. Úttroðinn maður gerir ekkert nema blása úr nös og teygja sig eftir enn einni sneið af tertunni. Stuðið býr hins vegar í kreppunni. Svangur maður er til alls vís, neyðin kennir naktri konu að spinna og allt það. Auðvitað þarf að hafa kreppuna innan gæsalappa því okkar svokallaða kreppa er bara sykurhúðað millibilsástand og ekkert í ætt við alvöru harðindi. Já, Pollýanna mín.

**EN** allavega: Góðærið er diskó, kreppan er pönk og í batanum felst hamingjan.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 3. apríl, 94. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.38 | 13.31 | 20.26 |
| Akureyri | 6.18 | 13.16 | 20.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


